

Skýrsla um félagsþjónustu sveitarfélaga 2012



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Skýrsla um félagsþjónustu
sveitarfélaga
2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

2012

Skýrsla um félagsþjónustu sveitarfélaga 2012

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2012/24

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

samband@samband.is

www.samband.is

Umsjón með útgáfu: Valgerður F. Ágústsdóttir og Magnús Karel Hannesson.

EFNISYFIRLIT

1. Kostnaður vegna félagsþjónustu	5
2. Félagsleg aðstoð	17
3. Málefni barna.....	52
4. Ýmis félagsþjónusta.....	64
5. Ýmis lögbundin framlög	65
6. Innheimtustofnun sveitarfélaga.....	66
7. Helstu þættir í félagsþjónustustarfi sambandsins.....	68
8. Áhugavert útgæfið efni er varðar félagsþjónustu sveitarfélaga	77
9. Fylgiskjöl	81

INNGANGUR

Sveitarfélögin bera ábyrgð á fjölbreyttri félagsþjónustu við íbúa sína skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Markmið félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt lögnum er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjárpar. Með félagsþjónustu er átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og unglinga, þar með talin barnavernd, þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlað fólk, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímuefnavarnir.

Markmiðið með útgáfu þessarar skýrslu er að birta tölulegar upplýsingar um félagsþjónustu sveitarfélaga og gera þær aðgengilegar fyrir sveitarstjórnarmenn, starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga og aðra þá sem vilja fylgjast með þróun í málefnum félagsþjónustunnar.

Í skýrslunni er fjallað um þá þætti félagsþjónustunnar sem miðlæg gagnaöflun nær yfir, svo sem félagslega heimaþjónustu, fjárhagsaðstoð, barnavernd og húsnæðismál.

Tölulegar upplýsingar ná til málaflokksins á landsvísu en einnig er þeim skipt niður eftir landshlutum. Að auki eru upplýsingarnar að nokkru leyti flokkaðar eftir íbúafjölda sveitarfélaga.

Upplýsingar í skýrslunni eru fengnar frá ýmsum opinberum aðilum; Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofu, Innheimtustofnun sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Skýrslan gefur möguleika á árlegum samanburði á ýmsum lykiltölum vegna félagsþjónustu sveitarfélaga.

Birtar eru ýmsar magntölur yfir viðtakendur þjónustunnar og kostnað. Athygli er vakin á því að litlar upplýsingar eru til miðlægar um starfsmannahald vegna félagsþjónustu sveitarfélaga. Ljóst má vera að mikið vantar upp á heildarmyndina ef ekki er hægt að nálgast samanburðarhæf gögn um þá er veita þjónustuna og hlýtur slíkt að kalla á breytingar í upplýsingaöflun.

Að auki er að finna í skýrslunni fróðleik frá lögfræði- og velferðarsviði sambandsins. Í 7. kafla skýrslunnar er að finna ýmsar almennar upplýsingar um starf sambandsins á sviði félagsþjónustu. Er m.a. vikið að nýmælum sem fram hafa komið í lögum og reglugerðum frá því að skýrslan fyrir árið 2011 var tekin saman.

Skýrslan er tekin saman af Valgerði Ágústsdóttur, sérfræðingi á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

1. KOSTNAÐUR VEGNA FÉLAGSPJÓNUSTU

Undir málaflokkinn „félagsþjónusta“ fellur allur kostnaður við félagsþjónustu, samanber lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um málefni aldraðra nr.125/1999, lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, barnaverndarlög nr. 58/1992 og lög um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Á þennan málaflokk er færður kostnaður við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónusta og vernd barna og ungmenna. Þá er einnig færður hér kostnaður vegna þjónustu við aldraða, þ.m.t. félagslega heimaþjónustu aldraðra, þjónustu við fatlað fólk o.fl. Lögbundin framlög flokkast hér, svo sem til Varasjóðs húsnæðislána og orlofs húsmæðra. Allur annar kostnaður er flokkast undir félagsþjónustu, t.d. kostnaður vegna jafnréttismála og vímuegjafavarna, flokkast líka hér. Afföll húsbrefa flokkast undir málaflokkinn. Bygging og rekstur húsnæðis, sem notað er í einstökum rekstrareiningum málaflokksins, er verkefni eignasjóðs sem gerir leigureikning fyrir húsnæðiskostnaði, sem færður er á viðkomandi rekstrareiningar.¹

Í þessum kafla verður farið yfir kostnað sveitarfélaga vegna félagsþjónustu á landsvísi, en einnig eftir landshlutum. Farið er yfir hvað félagsþjónustan kostar sveitarfélögin og einnig hver kostnaður vegna félagsþjónustu er í hlutfalli af skatttekjum sveitarfélaga.

1.1 Kostnaður sveitarfélaga vegna félagsþjónustu

Árið 2011 nam kostnaður sveitarfélaga vegna félagsþjónustu 34,6 milljörðum króna eða því sem nemur 2,12% af vergri landsframleiðslu sama ár. Til samanburðar má geta þess að árið 2010 nam kostnaður sveitarfélaga vegna félagsþjónustu 1,65% af vergri landsframleiðslu sama árs. Þjónustutekjur sama ár námu liðlega átta milljörðum króna sem er um milljarði lægri að raunvirði en árið 2010. Rekstrarkostnaður vegna félagsþjónustu nam um 18,3% af heildarútgjöldum (brúttó) sveitarfélaga árið 2011. Árið 2010 var hlutfallið 14,9%. Allar rekstrartölur eru í þúsundum króna.

Tafla 1. Rekstrarreikningur sveitarfélaga árið 2011 vegna félagsþjónustu

	Þjónustutekjur og aðrar tekjur	Laun og launatengd gjöld	Annar kostnaður	Kostnaður alls brúttó	Útgjöld (nettó)
Sameiginlegir liðir	-369.143	2.176.984	682.485	2.859.468	2.490.325
Félagsleg aðstoð	-2.608.675	590.218	8.835.183	9.425.400	6.816.725
Þjónusta við börn og unglinga	-70.516	833.598	922.331	1.755.929	1.685.413
Þjónusta við aldrað fólk	-3.148.653	3.605.959	3.161.074	6.767.032	3.618.380
Þjónusta við fatlað fólk	-1.550.532	7.824.869	4.847.978	12.672.847	11.122.314
Ýmis félagsþjónusta	-314.453	354.268	697.084	1.051.352	736.899
Ýmis lögbundin framlög	315	137	44.336	44.474	44.788
Ýmsir styrkir og framlög	-8	0	30.564	30.564	30.556
Félagsþjónusta alls	-8.061.665	15.386.032	19.221.033	34.607.066	26.545.401

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Allar tölur í þús.kr.

Allar upplýsingar um kostnað vegna félagsþjónustu eru fengnar úr ársreikningum sveitarfélaga.

¹ Samband íslenskra sveitarfélaga. *Leiðbeiningar um flokkun og greiningu í bókhaldi sveitarfélaga*. Desember 2010.

Árið 2011 var heildarkostnaður vegna félagsþjónustu 34,6 ma.kr. Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru um 8 ma.kr. og nettó útgjöld því 26,5 ma.kr. Þess skal getið að þjónustusamningar einstakra sveitarfélaga við ríkið vegna þjónustu við aldraða eru inn í þessum tölum.


Á það er vert að benda að gæði upplýsinga um kostnað og samanburðarhæfni þeirra verða aldrei meiri en gæði þeirra gagna sem byggt er á. Með vísun í auglýsingu reikningskilanefndar og félagsmálaráðuneytis nr. 414/2001 er lögð áhersla á að sveitarfélög færi kostnað á viðeigandi deildir.

Athygli er vakin á því að kostnaður vegna dagvistunar barna í heimahúsum er ekki inn í þessum tölum, enda kveður auglýsing nr. 414/2001 á um að kostnaður vegna þessa sé færður undir fræðslumál.

Í fylgiskjali 1 er að finna leiðbeiningar um flokkun og greiningu á kostnaði vegna félagsþjónustu sveitarfélaga á ólíkar rekstrareiningar.

Eins og tafla 1 ber með sér þá er kostnaður vegna félagsþjónustu flokkaður og greindur á átta rekstrareiningar eða deildir í bókhaldi sveitarfélaga. Ítarlegar er fjallað um þessar deildir í töflum hér á eftir.


Mynd 1. Hlutfallsleg skipting helstu kostnaðarliða (nettó) í félagsþjónustu sveitarfélaga árið 2011



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Um er að ræða nettó kostnað.

Hér kemur fram nettó kostnaðarskipting helstu rekstrareininga í félagsþjónustu sveitarfélaga. Mest fé dregur til sín þjónusta við fatlað fólk eða 42% af þeim heildarfjármunum sem renna til félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá tekur félagsleg aðstoð til sín um 26% af heildarútgjöldum vegna málaflokksins. Hér ber að geta þess að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fellur undir þennan lið. Þá tekur þjónusta við aldraða til sín um 14% af heildarútgjöldum.


Mynd 2. Rekstrarútgjöld við félagsþjónustu sveitarfélaga 2010 og 2011



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Í m.kr. Nettó rekstrarútgjöld, þ.e tekið hefur verið tillit til þjónustutekna Staðvirk á verðlagi 2011.

Mynd 2 veitir yfirlit yfir rekstrarútgjöld vegna félagsþjónustu sveitarfélaga árin 2010 og 2011 eftir deildum. Rekstrarútgjöld vegna félagslegrar aðstoðar hafa aukist um ríflega 700 m.kr. frá fyrra ári. En langmest er aukning vegna þjónustu við fatlað fólk. Rekstrarútgjöld hækka um tæpa tíu milljarða milli ára en þess ber að geta að málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga þann 01.janúar 2011.

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting kostnaðar sveitarfélaga vegna félagsþjónustu árin 2010 og 2011



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 3 sést að laun og launatengd gjöld nema um 44% af heildarkostnaði vegna félagsþjónustu árið 2011. Enda nær félagsþjónusta sveitarfélaga til margra ólíkra þjónustupátta – sumir krefjast mannafls, en aðrir fela í sér greiðslur, svo sem greiðslur húsaleigubóta. Myndin sýnir að hlutdeild launa í heildarkostnaði hækkaði um fjögur prósentustig frá fyrra ári. Nærtæk skýring er að hér gæti áhrifa af yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga.

Tafla 2. Yfirlit yfir rekstrarreikning á deildir félagsþjónustu árið 2011 ; sameiginlegir liðir og félagsleg aðstoð

Rekstur félagsþjónustu 2011	Þjónustutekjur og aðrar tekjur	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrarkostnaður	Rekstrarkostnaður (Brúttó)	Rekstrargjöld (Nettó)
1. Sameiginlegir liðir					
Sameiginlegir liðir	-369.143	2.176.984	682.485	2.859.468	2.490.325
Sameiginlegir liðir alls	-369.143	2.176.984	682.485	2.859.468	2.490.325
2. Félagsleg aðstoð					
Fjárhagsaðstoð	-88.453	58.328	3.746.725	3.805.054	3.716.601
Félagsleg heimaþjónusta	-79.690	365.149	148.106	513.255	433.565
Niðurgreiðsla dvalargjalda	-3.796	1.474	23.264	24.739	20.942
Niðurgreiðsla húsaleigu	-1.588	0	28.553	28.553	26.965
Húsaleigubætur	-2.416.437	6.737	4.467.666	4.474.402	2.057.965
Önnur félagsleg hjálp	-18.710	158.529	420.868	579.397	560.687
Félagsleg aðstoð alls	-2.608.675	590.218	8.835.183	9.425.400	6.816.725

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Allar tölur í þús.kr. Í fylgiskjali 1 aftast í skýrslunni er að finna leiðbeiningar um flokkun og greiningu á kostnaði vegna félagsþjónustu sveitarfélaga á ólíkar rekstrareiningar.

Töflur 2, 3 og 4 sýna rekstrarreikning vegna félagsþjónustu skipt eftir deildum. Tafla 2 sýnir rekstrarreikning vegna sameiginlegra liða og svo félagslegrar aðstoðar. Undir sameiginlega liði flokkast kostnaður vegna félagsmálastjóra og skrifstofu hans sem og félagsmálanefndar. Árið 2011 er brúttó rekstrarkostnaður vegna sameiginlegra liða rétt um 2,8 ma.kr., þar af vigta laun og launatengd gjöld um 76%.

Deildin félagsleg aðstoð skiptist í 6 liði eins og taflan sýnir. Sá liður sem tekur til sín mest fé er fjárhagsaðstoð, en árið 2011 er nettó kostnaður vegna hennar 3,7 ma.kr. Þá tekur liðurinn húsaleigubætur til sín rúma tvo milljarða króna. Sé litið til skiptingar kostnaðar í laun og launatengd gjöld annars vegar og annan rekstrarkostnað hins vegar sést að þessir tveir þjónustuþættir eru ekki mannaflsrekir en fela í sér greiðslur.

Tafla 3. Rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar árin 2006–2011

	Þjónustutekjur *	Breyting frá fyrra ári	Rekstrarkostnaður (brúttó)	Breyting frá fyrra ári	Rekstrarútgjöld (nettó)	Breyting frá fyrra ári
2006	18.877		2.017.109		1.998.232	
2007	75.761	301%	2.044.011	1%	1.968.250	-2%
2008	22.527	-70%	2.013.356	-1%	1.990.829	1%
2009	67.437	199%	2.679.631	33%	2.612.195	31%
2010	75.822	12%	3.275.543	22%	3.199.721	22%
2011	88.453	17%	3.805.054	16%	3.716.601	16%
Breyting 06-11	69.576		1.787.944		1.718.369	
%breyting 06-11	369%		89%		86%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Allar tölur í þús. kr. Staðvirt á verðlag ársins 2011. * Sveiflur í þjónustutekjum má að langmestu leyti rekja til sveiflu hjá Reykjavíkurborg.

Einn fjármagnsfrekasti liðurinn í félagsþjónustu sveitarfélaga er fjárhagsaðstoð og því er rekstrarkostnaði vegna hennar gerð nokkur skil í töflu 3. Taflan sýnir yfirlit yfir þjónustutekjur og

rekstrarkostnað vegna fjárhagsaðstoðar á landsvísu á tímabilinu 2006–2011. Þegar tekið hefur verið tillit til þjónustutekna hefur rekstrarkostnaður á tímabilinu aukist um 89%. Útgjöldin aukast langmest á árunum 2009 og 2010.

Hlutfallslega hafa þjónustutekjur á landsvísu aukist verulega á tímabilinu, en rétt er að taka fram að stóran hluta af sveiflunni má rekja til Reykjavíkurborgar.

Tafla 4. Yfirlit yfir rekstrarreikning á deildir félagsþjónustu árið 2011; þjónusta við börn og unglunga, aldrað fólk og fatlað fólk

Rekstur félagsþjónustu 2011	Þjónustutekjur og aðrar tekjur	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrarkostnaður	Rekstrarkostnaður (Brúttó)	Rekstrargjöld (Nettó)
3. Þjónusta við börn og unglunga					
Þjónusta við börn og unglunga	-70.516	833.598	922.331	1.755.929	1.685.413
Þjónusta við börn og unglunga alls	-70.516	833.598	922.331	1.755.929	1.685.413
4. Þjónusta við aldrað fólk					
Sameiginlegir liðir	-496	34.432	25.728	60.160	59.664
Framlag til dvalar- og hjúkrunarheimila	-1.057.429	830.626	925.969	1.756.595	699.166
Félagsleg heimaþjónusta	-1.274.738	1.614.072	320.731	1.934.802	660.064
Tómstundastarf	-208.835	485.765	676.449	1.162.214	953.378
Annað	-607.154	641.064	1.212.198	1.853.262	1.246.108
Þjónusta við aldrað fólk alls	-3.148.653	3.605.959	3.161.074	6.767.032	3.618.380
5. Þjónusta við fatlað fólk					
Sameiginlegir liðir	-599.051	1.176.835	915.453	2.092.288	1.493.237
Liðveisla	-30.384	563.710	613.355	1.177.065	1.146.681
Félagsleg heimaþjónusta	-6.446	162.880	721.507	884.387	877.941
Ferðaþjónusta	-3.773	29.786	163.660	193.446	189.673
Búseta	-135.434	1.771.348	167.860	1.939.207	1.803.774
Skammtimavistun	-112.993	333.293	135.880	469.173	356.180
Dagþjónusta	-50.006	408.661	125.798	534.459	484.453
Önnur þjónusta	-612.446	3.378.356	2.004.465	5.382.821	4.770.374
Þjónusta við fatlað fólk alls	-1.550.532	7.824.869	4.847.978	12.672.847	11.122.314

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Allar tölur í þús. kr. Í fylgiskjali 1 aftast í skýrslunni er að finna leiðbeiningar um flokkun og greiningu á kostnaði vegna félagsþjónustu sveitarfélaga á ólíkar rekstrareiningar.

Tafla 4 sýnir rekstrarreikning vegna þjónustu við börn og unglunga, þjónustu við aldrað fólk og þjónustu við fatlað fólk. Árið 2011 veittu sveitarfélög um 1,7 ma.kr. til þjónustu við börn og unglunga sem tekur til útgjalda vegna barnaverndarnefnda og útgjalda vegna vistunar og fósturs barna og ungmenna utan heimilis.

Þjónusta við aldrað fólk kostaði sveitarfélög nettó rétt um 3,6 ma.kr. árið 2011. Þar af tekur tómstundastarf til sín um 1ma.kr. Liðurinn „annað“ nam rétt um 1,2 ma.kr.

Að lokum sýnir taflan rekstrarreikning fyrir þjónustu við fatlað fólk. Útgjöld sveitarfélaga árið 2011 vegna fatlaðs fólks nam rétt um 11,1 ma.kr. og er það hækkun um tæpa 10 ma.kr. frá fyrri ára vegna yfirfærslunnar. Félagsleg heimaþjónusta tók til sín tæplega 900 milljónir króna og liðveisla rúman milljarð króna. Rekstur heimila fatlaðs fólks tók til sín 1,8 ma.kr. árið 2011. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum fellur margvíslegur kostnaður í málaflokki fatlaðra undir annan

kostnað á árinu 2011. Skilgreiningar á þessum lið voru endurskoðaðar að afloknu árinu 2011 þannig að það má vænta þess að niðurstaða þessa liðar verði ekki að fullu sambærilegar við tölur næsta árs í reikningsskilum sveitarfélaga.

Vert er að hafa ákveðna fyrirvara á rekstrarkostnaði sem hlýst af þjónustu við fatlað fólk. Í einhverjum tilvikum eiga sveitarfélög viðskipti sín á milli og því má reikna með að hluti af brúttó rekstrarkostnaði sé í raun tvífalinn kostnaður.

Tafla 5. Yfirlit yfir rekstrarreikning á deildir félagsþjónustu árið 2011; ýmis félagsþjónusta, ýmis lögbundin framlög og ýmsir styrkir og framlög

Rekstur félagsþjónustu 2011	Þjónustutekjur og aðrar tekjur	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrarkostnaður	Rekstrarkostnaður (Brúttó)	Rekstrargjöld (Nettó)
6. Ýmis félagsþjónusta					
Áfengis- og vímuvarnir	-3.390	7.183	30.911	38.093	34.703
Önnur fræðslustarfsemi	-36.944	4.756	451.773	456.529	419.586
Annað	-271.917	342.329	209.880	552.208	280.292
Ýmis félagsþjónusta alls	-312.251	354.268	692.564	1.046.831	734.580
7. Ýmis lögbundin framlög					
Ýmis lögbundin framlög	-315	137	44.336	44.474	44.159
Ýmis lögbundin framlög alls	-315	137	44.336	44.474	44.159
8. Ýmsir styrkir og framlög					
Ýmsir styrkir og framlög	-8	0	30.564	30.564	30.556
Ýmsir styrkir og framlög alls	-8	0	30.564	30.564	30.556
Félagsþjónusta alls (1-8)	-8.061.665	15.386.032	19.221.033	34.607.066	26.545.401

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Allar tölur í þús.kr. Í fylgiskjali 1 aftast í skýrslunni er að finna leiðbeiningar um flokkun og greiningu á kostnaði vegna félagsþjónustu sveitarfélaga á ólíkar rekstrareiningar.

Tafla 5 sýnir að lokum rekstrarreikning vegna ýmissar félagsþjónustu, ýmissa lögbundinna framlaga og ýmissa styrkja og framlaga.

Undir ýmsa félagsþjónustu fellur kostnaður vegna aðstoðar við áfengissjúka og vímuþjófvarnir, önnur fræðslustarfsemi og kostnaður af jafnréttismálum. Árið 2011 greiddu sveitarfélög um 730 milljónir til þessara þátta.

Ýmis lögbundin framlög vísa til orlofsnefnda húsmæðra og Varasjóðs húsnæðismála. Alls greiddu sveitarfélög 44 milljón króna til ýmissa lögbundinna framlaga árið 2011.

Lestina rekur deildin ýmsir styrkir og framlög. Hér er átt við styrki til félaga og samtaka. Árið 2011 veittu sveitarfélög tæpa 30,5 m.kr. til ýmissa styrkja og framlaga.

Samantekin niðurstaða allra deilda félagsþjónustu sveitarfélaga er sú að rekstrarkostnaður var 34,6 ma.kr. árið 2011 og þegar tekið er tillit til tekna voru útgjöldin 26,5 ma.kr.

Tafla 6. Rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna félagsþjónustu árin 2006–2011

	Kostnaður (Brúttó)	%breyting frá fyrra ári	Þjónustutekjur	% breyting frá fyrra ári	Útgjöld (Nettó)	% breyting frá fyrra ári
2006	21.319.541		-5.800.526		15.519.015	
2007	21.727.542	2%	-5.603.581	-3%	16.123.962	4%
2008	22.826.043	5%	-6.319.754	13%	16.506.289	2%
2009	24.874.217	9%	-7.927.378	25%	16.946.839	3%
2010	26.424.863	6%	-8.935.720	13%	17.489.143	3%
2011	34.607.066	31%	-8.061.665	-10%	26.545.401	52%
Breyting 06-11	13.287.525		-2.261.139		11.026.385	
% breyting 06-11	61%		39%		71%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Allar tölur í þús.kr. Staðvirt á verðlagi ársins 2011.

Tafla 6 sýnir þróun útgjalda vegna félagsþjónustu sveitarfélaga á tímabilinu 2006–2011. Raunhækkun á brúttó kostnaði á tímabilinu eru rúmir 13 milljarðar króna eða sem nemur 61% hækkun árið 2011 samanborið við árið 2006. Mest verður aukningin árið 2011 en þá hækkaði brúttó kostnaður um 31%. Rétt er að geta þess að þann 01. janúar 2011 voru málefni fatlaðs fólks færð frá ríki til sveitarfélaga.

Hér má einnig sjá þróun þjónustutekna í málaflokknum. Þær hafa hækkað um tæp 40% á tímabilinu öllu en raunar lækka þær um 10% árið 2011 miðað við 2010.

Tafla 7. Kostnaður (brúttó) sveitarfélaga vegna félagsþjónustu árin 2010 og 2011 eftir landshlutum

	2010		2011		Breyting 10-11		% breyting 10-11	
	Kostnaður	Tekjur	Kostnaður	Tekjur	Kostnaður	Tekjur	Kostnaður	Tekjur
Reykjavíkurborg	14.255.287	4.616.112	17.198.773	4.306.618	2.943.486	-309.494	21%	-7%
Höfuðborgarsv. án Rvk.	4.142.689	904.273	6.629.246	1.091.848	2.486.557	187.576	60%	21%
Suðurnes	1.332.469	441.968	1.830.822	552.461	498.354	110.493	37%	25%
Vesturland	750.700	180.444	1.347.765	139.470	597.065	-40.974	80%	-23%
Vestfirðir	285.022	50.209	635.898	292.720	350.876	242.510	123%	483%
Norðurland vestra	578.690	326.737	609.541	292.816	30.850	-33.922	5%	-10%
Norðurland eystra	3.322.794	1.963.093	3.621.727	921.975	298.933	-1.041.119	9%	-53%
Austurland	618.166	142.740	824.956	139.459	206.790	-3.281	33%	-2%
Suðurland	1.139.044	310.144	1.908.337	324.299	769.293	14.155	68%	5%
Landið allt	26.424.862	8.935.720	34.607.066	8.061.665	8.182.204	-874.055	31%	-10%


Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Tölur í þús.kr. staðvirt á verðlagi ársins 2011.

Í ljósi þess að málefni fatlaðs fólks voru færð frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011 er fróðlegt að skoða heildarkostnað vegna félagsþjónustu eftir landshlutum árin 2010 og 2011. Á landsvísi jókst rekstrarkostnaður um 31% eða rúma 8 ma.kr. Í krónum talið hækkar kostnaður vegna félagsþjónustu mest í Reykjavíkurborg um tæpa þrjá milljarða króna á tímabilinu eða um 21% og

pá í nágrannasveitarfélögum um 2,5 ma.kr. Hlutfallslega er hækkunin þó mest á Vestfjörðum en þar ríflega tvöfaldast hann milli ára.

Ef litið er til tekjuhliðarinnar þá sést að á landsvísu drógust tekjur saman um rúmlega 800 m.kr. eða 10%. Á Norðurlandi eystra lækkuðu þær um rúman helming en á Vestfjörðum sexfaldast þær.

Mynd 4. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun nettó kostnaðar félagsþjónustu eftir landshlutum árin 2007–2011



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Um nettó kostnað að ræða, þ.e tekið hefur verið tillit til tekna.

Mynd 4 sýnir uppsafnaða hlutfallslega þróun kostnaðar vegna félagsþjónustu sveitarfélaga á tímabilinu 2007–2011 eftir landshlutum. Almenn er þróunin sú að fram til ársins 2010 er ekki mikil hlutfallsleg uppsöfnuð hækkun á raunkostnaði, en árið 2011 verður gríðarleg hækkun. Suðurnes skera sig nokkuð úr, kostnaður vegna félagsþjónustu hækkar nokkuð bratt framan af á tímabilinu en stendur svo nánast í stað á milli árunna 2009 og 2010 en hækkar aftur 2011 líkt og raunin er í öllum landshlutum.

Tafla 8. Rekstrarkostnaður á hverja 1.000 árið 2011 eftir landshlutum

	Íbúafjöldi	Rekstrarkostnaður vegna félagsþjónustu		Rekstrarkostnaður á 1.000 íbúa	
		Brúttó	Nettó	Brúttó	Nettó
Reykjavíkurborg	118.898	17.198.773	12.892.155	144.651	108.430
Höfuðborgarsv. án Rvk.	83.443	6.629.246	5.537.398	79.446	66.361
Suðurnes	21.088	1.830.822	1.278.361	86.818	60.620
Vesturland	15.322	1.347.765	1.208.296	87.963	78.860
Vestfirðir	7.137	635.898	343.178	89.099	48.084
Norðurland vestra	7.493	609.541	316.725	81.348	42.269
Norðurland eystra	29.006	3.621.727	2.699.753	124.861	93.076
Austurland	10.187	824.956	685.497	80.981	67.291
Suðurland	25.921	1.908.337	1.584.038	73.621	61.110
Landið allt	318.495	34.607.066	26.545.401	108.658	83.346

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Að lokum er fróðlegt að skoða yfirlit yfir rekstrarkostnað vegna félagsþjónustu á hverja 1.000 íbúa, hér eftir landshlutum árið 2011. Hvort sem tekið er tillit til þjónustutekna eða ekki þá er rekstrarkostnaður hæstur á hverja 1.000 íbúa í Reykjavíkurborg eða tæplega 145 þús.kr. brúttó og ríflega 108 þús.kr. nettó. Lægstur er brúttó rekstrarkostnaður á hverja 1.000 íbúa á Suðurlandi, en sé tekið tillit til þjónustutekna er hann lægstur á Norðurlandi vestra eða rúmlega 42 þús.kr.

Tafla 9. Rekstrarkostnaður á hverja 1000 íbúa meðal tíu stærstu sveitarfélaga 2011

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Rekstrarkostnaður vegna félagsþjónustu		Rekstrarkostnaður á 1.000 íbúa	
		Brúttó	Nettó	Brúttó	Nettó
Garðabær	10.909	721.346	589.635	66.124	54.050
Kópavogsbær	30.779	2.411.399	1.863.141	78.346	60.533
Reykjanesbær	13.971	1.294.933	874.161	92.687	62.570
Fjarðabyggð	4.583	317.596	294.454	69.299	64.249
Sveitarfélagið Árborg	7.827	734.865	545.017	93.888	69.633
Hafnarfjarðarkaupstaður	26.099	2.216.037	1.921.064	84.909	73.607
Mosfellsbær	8.642	938.886	863.645	108.642	99.936
Akraneskaupstaður	6.623	734.959	680.896	110.971	102.808
Reykjavíkurborg	118.898	17.198.773	12.892.155	144.651	108.430
Akureyrarkaupstaður	17.754	2.861.134	2.281.539	161.154	128.508
10 stærstu samtals	246.085	29.429.928	22.805.706	1.010.671	824.324

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands. Skýring: Í þús.kr. og raðað eftir nettó rekstrarkostnaði á hverja 1.000 íbúa.


Í töflu 9 er yfirlit yfir rekstrarkostnað á hverja 1.000 íbúa í 10 fjölmennustu sveitarfélögum en í fylgiskjali 2 er að finna sambærilegt yfirlit yfir öll sveitarfélög árið 2011. Til fróðleiks má nefna að um 77% landsmanna búa í 10 stærstu sveitarfélögum. Þar myndast 85% af heildarkostnaði vegna félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í fylgiskjali 2 er að finna yfirlit yfir rekstrarkostnað vegna félagsþjónustu á hverja 1.000 íbúa árið 2011 eftir sveitarfélögum.

1.2 Útgjöld í hlutfalli af skatttekjum

Hér að framan kemur fram hve mikið sveitarfélög greiða í kostnað vegna félagsþjónustu. Einnig er fróðlegt að skoða útgjöld sem hlutfall af skatttekjum þeirra, þ.e. hversu miklu af heildarskatttekjum sínum sveitarfélög verja til félagsþjónustu. Í þessum kafla er sjónum beint að útgjöldum, þ.e. þegar búið er að taka tillit til tekna. Skatttekjur sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar tekjur er hafa skattalegt ígildi.

Mynd 5. Útgjöld vegna félagsþjónustu sem hlutfall af skatttekjum árin 2008–2011



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Um er að ræða vegið meðaltal landshluta og svo á landsvisu. Reiknað er hlutfall útgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar tillit hefur verið tekið til tekna.

Á mynd 5 eru útgjöld sett sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga eftir landshlutum árin 2008–2011. Hafa skal í huga að kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan landshluta getur verið afar misjöfn. Munur á kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan hvers landshluta getur allt eins verið meiri en munur milli landshluta.

Útgjöld allra sveitarfélaga vegna félagsþjónustu jafngiltu um 16% af skatttekjum þeirra árið 2011 og hafa þau hækkað um fjögur prósentustig frá fyrra ári. Eins og myndin sýnir þá vegur Reykjavík þungt í þeirri lykiltölu, hlutfallið er lægra í öllum öðrum landshlutum. Árið 2011 er kostnaðarbyrðin sem hlutfall af skatttekjum langhæst í Reykjavík eða 22% og hækkaði um sjö prósentustig frá 2008. Næsthæst er hlutfallið á Norðurlandi eystra eða um 17%. Lægst er það á Norðurlandi vestra eða 8%.

Fróðlegt er að skoða hve háu hlutfalli af skatttekjum sveitarfélög verja til félagsþjónustu sveitarfélaga en yfirlit yfir það má finna í fylgiskjali 2. Þar kemur fram að Akureyrarkaupstaður ver hæstu hlutfalli allra sveitarfélaga til félagsþjónustu eða 24%.

Mynd 6. Hlutfall útgjalda vegna félagsþjónustu af skatttekjum sveitarfélaga árið 2011




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað er hlutfall útgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar tillit hefur verið tekið til tekna.

Mynd 6 hér að framan sýnir dreifingu sveitarfélaga út frá því hve háu hlutfalli þau verja af skatttekjum sínum til útgjalda vegna félagsþjónustu. Dreifingin er talsverð, eða allt frá því að sveitarfélög verji 1% af skatttekjum sínum til þessa verkefnis upp í 24%. Vegið meðaltal þeirra allra er 16%. Hér er rétt að taka það fram að einungis fjögur sveitarfélög verja hærra hlutfalli en 16% af skatttekjum sínum til félagsþjónustu, en þau eru öll fjölmenn og vigta því mikið á landsvísu.

Mynd 7. Flokkun á hlutfalli útgjalda vegna félagsþjónustu af skatttekjum sveitarfélaga árin 2008–2011



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 7 kemur fram að í 22 sveitarfélögum liggur hlutfall útgjalda vegna félagsþjónustu af skatttekjum á bilinu 4–6% árið 2011. Í öðrum 20 er hlutfallið 7–9%. Rétt er að geta þess að í flestum tilvikum eru þau sveitarfélög sem verja 6% eða lægra hlutfalli af skatttekjum sínum til félagsþjónustu tiltölulega fámennt með 1.500 íbúa eða færri.

Í fylgiskjali 3 er að finna yfirlit yfir hlutfall útgjalda vegna félagsþjónustu af skatttekjum árið 2011 eftir sveitarfélögum.

Myndin sýnir einnig að frá árinu 2008 hefur þeim sveitarfélögum fækkað um 14 sem verja 3% eða lægra hlutfalli af skatttekjum til félagsþjónustu, og um níu sveitarfélög er verja 4–6% til þessarar þjónustu. Á hinn bóginn fjölga þeim talsvert sem verja 10-12% skatttekna í málaflokkinn eða um 12 sveitarfélög, og fer einnig fjölgandi í efri bilunum. Félagsþjónusta sveitarfélaga tekur til sín stærri hluta af skatttekjum en áður.

Tafla 10. Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum hjá 10 stærstu sveitarfélögum árið 2011


Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Skatttekjur	Rekstrarútgjöld (nettó)	Rekstrarútgjöld/skatttekjur
Fjarðabyggð	4.583	2.923.718	294.454	10%
Garðabær	10.909	5.769.965	589.635	10%
Kópavogsbær	30.779	15.188.565	1.863.141	12%
Reykjanesbær	13.971	6.793.053	874.161	13%
Sveitarfélagið Árborg	7.827	3.943.832	545.017	14%
Hafnarfjarðarkaupstaður	26.099	12.842.801	1.921.064	15%
Mosfellsbær	8.642	4.587.491	863.645	19%
Akraneskaupstaður	6.623	3.380.957	680.896	20%
Reykjavíkurborg	118.898	58.346.859	12.892.155	22%
Akureyrarkaupstaður	17.754	9.400.183	2.281.539	24%
10 stærstu samtals	246.085	123.177.424	22.805.706	19%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Tölur í þús.kr. Rekstrarútgjöld= þegar tekið hefur verið tillit til tekna.

Hér fyrir ofan er yfirlit yfir hve hátt hlutfall af skatttekjum sínum 10 fjölmennustu sveitarfélögin verja til félagsþjónustu sveitarfélaga. Vegið meðaltal þeirra er 19% sem er þremur prósentustigum hærra en á landsvísu. Dreifingin er þó talsverð, eða allt frá 10% af skatttekjum og upp í 24%.

Til fróðleiks má nefna að um 77% landsmanna búa í 10 stærstu sveitarfélögunum. Þar myndast 85% af heildarkostnaði vegna félagsþjónustu sveitarfélaga.

Mynd 8. Hlutfall útgjalda vegna félagsþjónustu af skatttekjum árið 2010 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 8 sýnir hve háu hlutfalli af skatttekjum sínum sveitarfélög verja til félagsþjónustu eftir stærð þeirra. Gefið er upp vegið meðaltal fyrir hvern hóp sveitarfélaga ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur vísbendingu um dreifingu innan hvers hóps. Vegið meðaltal meðal sveitarfélaga með 500 íbúa eða færri er 6%. Hæst er hlutfallið 15% og lægst um 1% í þeim stærðarflokki. Með því að flokka gögnin eftir stærð sveitarfélaga sést að því fámennari sem sveitarfélög eru því lægra hlutfalli af skatttekjum sínum verja þau til félagsþjónustu.

2. FÉLAGSLEG AÐSTOÐ

Almennt gildir það um rétt til félagsþjónustu að sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt gildandi lögum og reglum þar um og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Þá er kveðið á um það í lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991 að aðstoð og þjónusta skuli jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf. Undir félagslega aðstoð falla þjónustupættir eins og fjárhagsaðstoð, niðurgreiðsla húsaleigu og dvalargjalda, húsaleigubætur og önnur félagsleg aðstoð. Að auki fellur almenn félagsleg heimþjónusta hér undir. Um félagslega heimþjónustu við fatlað fólk og aldrafólk er fjallað um á öðrum stað í skýrslunni.²

2.1 Félagsleg ráðgjöf

Hornsteinn félagslegrar þjónustu sveitarfélaga er hin eiginlega félagslega ráðgjöf en samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu félagsmálanefndir bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmið félagslegrar ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál og að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda fólks sem þarf á því að halda. Skv. lögnum á ráðgjöfin að taka til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengismála, ættleiðingarmála o.fl.

Hinni félagslegu ráðgjöf skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögnum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á. Lykilatriði er að félagsmálanefndir skulu samkvæmt lögnum leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til þess að annast félagslega ráðgjöf.

2.2 Fjárhagsaðstoð

Sveitarstjórn setur sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar. Það er svo á hendi félagsmálanefndar að meta þörf og ákveða fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við ofangreindar reglur sveitarstjórnar. Fjárhagsaðstoð getur hvort heldur sem er verið veitt í formi láns eða styrkja.

Sveitarfélögum er skylt að setja sér reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar. Leiðbeinandi reglur hafa verið gefnar út af félags- og tryggingamálaráðuneyti og einnig um grunnfjárhæð samkvæmt 21. gr. laga nr. 40/1991. Reglurnar eru tvenns konar; annars vegar leið A og hins vegar leið B.

Leið A felur í sér að framfærsla barna er talin með. Leið B á hinn bóginn felur í sér að framfærsla barna er ekki talin með. Í Hagtíðindum Hagstofu Íslands um heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2010 kemur fram að 48 sveitarfélög af 60 sem hafa fleiri en 250 íbúa, hafa sett sér reglur um fjárhagsaðstoð á grundvelli leiðar A eða B.³ Sveitarstjórn ákveður hvor leiðin er valin.

Hér á eftir verður fjallað um fjárhagsaðstoð út frá viðtakendum hennar, íbúum á heimilum viðtakenda, heimilum viðtakenda og að lokum er fjallað um meðalgreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar.

² Félagsleg aðstoð sem stjórnvöld ríkisins veita á grundvelli laga nr. 99/2007, um það efni, er af öðrum toga (umönnunargreiðslur o.fl.) og snertu ekki málefna svið félagsþjónustu sveitarfélaga á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til.

³ Hagstofa Íslands (2011). Félagsþjónusta sveitarfélaga 2008–2010. *Hagtíðindi*, 96:32 (*Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2011:1;4*).

2.2.1 Viðtakendur fjárhagsaðstoðar

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 kemur fram í 19. gr. að hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Margvíslegar ástæður geta hins vegar verið fyrir því að einstaklingi eða hjónum er ekki fært að framfæra sig og sína. Sveitarfélögum er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Sótt er um fjárhagsaðstoð í lögheimilissveitarfélagi. Til þess að eiga rétt á fjárhagsaðstoð þarf umsækjandi að hafa fullnýtt rétt til annarra greiðslna áður en leitað er eftir fjárhagsaðstoð, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysisstryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga.


Tafla 11. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð 1997–2011

	Einstæðir karlar með börn		Einstæðir karlar, barnlausir		Einstæðar konur með börn		Einstæðar konur, barnlausar		Hjón /sambúðarfólk með börn		Hjón /sambúðarfólk, barnlaus		Alls	
		% breyting frá fyrra ári		% breyting frá fyrra ári		% breyting frá fyrra ári		% breyting frá fyrra ári		% breyting frá fyrra ári		% breyting frá fyrra ári		% breyting frá fyrra ári
1997	96		2.084		1.685		1.001		495		289		5.650	
1998	78	-19%	1.753	-16%	1.535	-9%	883	-12%	340	-31%	208	-28%	4.797	-15%
1999	69	-12%	1.546	-12%	1.472	-4%	761	-14%	354	4%	198	-5%	4.400	-8%
2000	70	1%	1.608	4%	1.553	6%	786	3%	410	16%	226	14%	4.653	6%
2001	99	41%	1.690	5%	1.747	12%	842	7%	357	-13%	204	-10%	4.939	6%
2002	108	9%	2.115	25%	1.997	14%	1.031	22%	478	34%	242	19%	5.971	21%
2003	163	51%	2.289	8%	2.119	6%	1.083	5%	449	-6%	209	-14%	6.312	6%
2004	153	-6%	2.007	-12%	1.937	-9%	1.067	-1%	315	-30%	134	-36%	5.613	-11%
2005	95	-38%	1.785	-11%	1.639	-15%	885	-17%	315	0%	106	-21%	4.825	-14%
2006	131	38%	1.714	-4%	1.527	-7%	828	-6%	291	-8%	88	-17%	4.579	-5%
2007	85	-35%	1.598	-7%	1.525	0%	674	-19%	298	2%	100	14%	4.280	-7%
2008	119	40%	1.963	23%	1.650	8%	856	27%	327	10%	114	14%	5.029	18%
2009	145	22%	2.532	29%	1.755	6%	1.036	21%	401	23%	125	10%	5.994	19%
2010	140	-3%	3.016	19%	1.871	7%	1.322	28%	401	0%	160	28%	6.910	15%
2011	150	7%	3.336	11%	2.066	10%	1.506	14%	455	13%	202	26%	7.715	12%
Breyting 97-11	54		1.252		381		505		-40		-87		2.065	
% breyting 97-11	56%		60%		23%		50%		-8%		-30%		37%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 11 er yfirlit yfir viðtakendur fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð á tímabilinu 1997–2011 og þróun hennar. Í heildina fjölga viðtakendum fjárhagsaðstoðar um 2.065 á tímabilinu eða um ríflega þriðjung. Fjölgunin er þó mest hin síðari ár og frá 2008 hefur viðtakendum fjölgað um tæplega 2.700. Þróunin er þó misjöfn eftir fjölskyldugerð. Þannig fjölga einstæðum körlum um 56% á tímabilinu á meðan barnlausu sambúðarfólki/hjónum fækka um 30%. Fjölmennasti hópurinn nú líkt og undanfarin ár eru barnlausir einstæðir karlar og þeim fjölga líka mest á tímabilinu eða um 1.252. Næstfjölmennasti hópurinn eru einstæðar konur með börn.


Mynd 9. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun í fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð árin 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 9 er að finna myndræna framsetningu á gögnum úr töflu 11. Hér sést glögglega hve mjög dregur úr því fram til ársins 2006 að barnlaus hjón/sambúðarfólk hljóti fjárhagsaðstoð, en viðtakendum í þeim hópi fjölgar hlutfallslega hratt eftir það. Hlutfallslega er mesta fjölgunin meðal einstæðra karla með börn á framfæri.

Mynd 10. Hlutfallsleg skipting viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð árin 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 10 sýnir hlutfallslega skiptingu viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð á tímabilinu 1997–2011. Árið 1997 eru barnlausir einstæðir karlar 37% viðtakenda, en hlutdeild þeirra er 43% árið 2011 og hefur aukist um sex prósentustig. Á móti fækkar viðtakendum í hópi sambúðarfólks/hjóna um þrjú prósentustig á tímabilinu hvort sem börn eru á heimilinu eða ekki.

Tafla 12. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð og landshlutum árið 2011


	Einstæðir karlar með börn		Einstæðir karlar, barnlausir		Einstæðar konur með börn		Einstæðar konur, barnlausar		Hjón/sambúðarfólk með börn		Hjón/sambúðarfólk, barnlaus		Alls
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Reykjavíkurborg	68	2%	1.973	47%	974	23%	869	21%	188	5%	83	2%	4.155
Höfuðsv. án Rvk.	32	2%	636	41%	483	31%	304	20%	43	3%	52	3%	1.550
Suðurnes	11	2%	232	42%	144	26%	86	15%	67	12%	18	3%	558
Vesturland	9	3%	103	39%	79	30%	38	15%	27	10%	6	2%	262
Vestfirðir	2	2%	23	25%	24	26%	14	15%	25	27%	4	4%	92
Norðurland vestra	7	7%	24	25%	33	35%	10	11%	16	17%	5	5%	95
Norðurland eystra	12	2%	170	34%	167	33%	90	18%	44	9%	21	4%	504
Austurland	5	4%	36	26%	44	32%	27	20%	21	15%	4	3%	137
Suðurland	4	1%	139	38%	118	33%	68	19%	24	7%	9	2%	362
Landið allt	150	2%	3.336	43%	2.066	27%	1.506	20%	455	6%	202	3%	7.715

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 12 er að finna yfirlit yfir viðtakendur fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð og landshlutum árið 2011 ásamt hlutfallslegri skiptingu hópanna innan hvers landshluta. Taflan sýnir að hlutfallsleg skipting er nokkuð misjöfn eftir landshlutum og getur vikið nokkuð frá tölum á landsvísu.

Árið 2011 er nær helmingur viðtakenda fjárhagsaðstoðar í Reykjavík barnlausir einstæðir karlar en á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi telja þeir um fjórðung viðtakenda. Einstæðar konur með börn eru 35% allra viðtakenda fjárhagsaðstoðar á Norðurlandi vestra en í Reykjavík er hlutfall þeirra 23%.

Mynd 11. Hlutfall atvinnulausra og viðtakendur fjárhagsaðstoðar árin 1991–2011



Heimild: Hagstofa Íslands.

⁴ Hagstofa Íslands (2012). Félagsþjónusta sveitarfélaga 2011. *Hagtiðindi*, 97:31 (Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2012:1;2).

Mynd 11 sem er fengin úr Hagtíðindum Hagstofunnar má sjá fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar ásamt hlutfalli atvinnulausra árin 1991–2011. Þróunin er nokkuð sveiflukennd á tímabilinu en skörp skil verða árið 2009. Fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar ríflega tvöfaldast frá fyrri árum og hlutfall atvinnulausra eykst en lækkar þó aðeins árið 2011.


Tafla 13. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar eftir aldri árin 1997–2011

	18 - 24 ára	Breyting frá fyrri ári	25 - 39 ára	Breyting frá fyrri ári	40 - 54 ára	Breyting frá fyrri ári	55 - 64 ára	Breyting frá fyrri ári	65 ára og eldri	Breyting frá fyrri ári	Alls	Breyting frá fyrri ári
1997	1.445		2.393		1.276		312		224		5.650	
1998	1.243	-14%	1.978	-17%	1.158	-9%	257	-18%	161	-28%	4.797	-15%
1999	1.124	-10%	1.767	-11%	1.113	-4%	233	-9%	163	1%	4.400	-8%
2000	1.169	4%	1.890	7%	1.144	3%	289	24%	161	-1%	4.653	6%
2001	1.277	9%	1.969	4%	1.229	7%	289	0%	175	9%	4.939	6%
2002	1.711	34%	2.313	17%	1.427	16%	320	11%	200	14%	5.971	21%
2003	1.775	4%	2.464	7%	1.512	6%	343	7%	218	9%	6.312	6%
2004	1.604	-10%	2.182	-11%	1.356	-10%	313	-9%	158	-28%	5.613	-11%
2005	1.385	-14%	1.885	-14%	1.138	-16%	265	-15%	152	-4%	4.825	-14%
2006	1.238	-11%	1.847	-2%	1.103	-3%	263	-1%	128	-16%	4.579	-5%
2007	1.126	-9%	1.815	-2%	957	-13%	248	-6%	134	5%	4.280	-7%
2008	1.349	20%	2.112	16%	1.124	17%	279	13%	165	23%	5.029	18%
2009	1.755	30%	2.491	18%	1.281	14%	337	21%	130	-21%	5.994	19%
2010	2.254	28%	2.791	12%	1.327	4%	376	12%	162	25%	6.910	15%
2011	2.417	7%	3.228	16%	1.480	12%	409	9%	181	12%	7.715	12%
Br. 97-11	972		835		204		97		-43		2.065	
% br. 97-11	67%		35%		16%		31%		-19%		37%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 13 má sjá viðtakendur fjárhagsaðstoðar á tímabilinu 1997–2011 eftir aldri. Að auki má sjá þróun milli ára í hverjum aldursflokki. Á tímabilinu fjölgar hlutfallslega mest í yngstu aldurshópnum. Þeim sem eru á aldrinum 18–24 ára fjölgaði um 67% eða tæplega þúsund og um ríflega 35% meðal 25–39 ára viðtakenda.

Mynd 12. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun í fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir aldri 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 12 sýnir hver uppsöfnuð hlutfallsleg þróun meðal fjölda viðtakenda eftir aldurshópum. Þróunin er áþekkt milli hópa, viðtakendum fjölgar nokkuð í kjölfar samdráttarskeiðs um aldamótin en fækkar aftur frá árinu 2003 þegar líða fer að þenslutímabilinu. Þó verður hlutfallslega meiri fjölgun í aldurshópnum 55–64 ára á árunum 2004–2011 en í öðrum. Frá árinu 2007 verður talsverð hlutfallsleg aukning í öllum aldurshópum, mest meðal 18-24 ára viðtakenda fjárhagsaðstoðar.

2.2.2 Íbúar á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar

Hér að framan var fjallað um viðtakendur fjárhagsaðstoðar. Vert er að huga að því að viðtakendur eiga oft fjölskyldu sem þeir hafa á framfæri. Í þessum kafla verður fjallað um íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar.


Tafla 14. Fjöldi íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir aldri árin 1997–2011

	17 ára og yngri	Breyting frá fyrra ári	18 - 24 ára	Breyting frá fyrra ári	25 - 39 ára	Breyting frá fyrra ári	40 - 54 ára	Breyting frá fyrra ári	55 - 64 ára	Breyting frá fyrra ári	65 ára og eldri	Breyting frá fyrra ári	Alls	Breyting frá fyrra ári
1997	4.028		1.549		2.766		1.614		393		285		10.635	
1998	3.181	-21%	1.304	-16%	2.244	-19%	1.386	-14%	321	-18%	193	-32%	8.629	-19%
1999	3.225	1%	1.213	-7%	2.023	-10%	1.427	3%	288	-10%	192	-1%	8.368	-3%
2000	3.456	7%	1.262	4%	2.210	9%	1.498	5%	356	24%	204	6%	8.986	7%
2001	3.586	4%	1.363	8%	2.225	1%	1.586	6%	361	1%	211	3%	9.332	4%
2002	4.380	22%	1.819	33%	2.653	19%	1.878	18%	415	15%	248	18%	11.393	22%
2003	4.585	5%	1.878	3%	2.783	5%	1.962	4%	427	3%	269	8%	11.904	4%
2004	4.231	-8%	1.656	-12%	2.355	-15%	1.540	-22%	345	-19%	193	-28%	10.320	-13%
2005	3.632	-14%	1.430	-14%	2.056	-13%	1.299	-16%	302	-12%	175	-9%	8.894	-14%
2006	3.396	-6%	1.225	-14%	1.910	-7%	1.191	-8%	276	-9%	144	-18%	8.142	-8%
2007	3.284	-3%	1.173	-4%	1.990	4%	1.105	-7%	289	5%	156	8%	7.997	-2%
2008	3.587	9%	1.412	20%	2.309	16%	1.279	16%	322	11%	188	21%	9.097	14%
2009	3.892	9%	1.825	29%	2.725	18%	1.452	14%	389	21%	144	-23%	10.427	15%
2010	3.974	2%	2.322	27%	3.059	12%	1.491	3%	427	10%	195	35%	11.468	10%
2011	4.098	3%	2.493	7%	3.551	16%	1.699	14%	481	13%	218	12%	12.540	9%
Br. 97-11	70		944		785		85		88		-67		1.905	
% br. 97-11	2%		61%		28%		5%		22%		-24%		18%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Það er einnig áhugavert að skoða íbúa á heimili viðtakenda fjárhagsaðstoðar, því margir viðtakendur fjárhagsaðstoðar hafa fyrir börnum eða maka að sjá. Í töflu 14 sést að fjöldi íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir aldri á tímabilinu 1997–2011. Hér kemur fram að börnum 17 ára og yngri fjölgar um 2% eða 70 á öllu tímabilinu, en þegar eingöngu er litið til þróunar milli árunna 2008 og 2009 sést að þeim fjölgar um 305 eða heil 9%. Fjölgunin er hlutfallslega mest meðal íbúa á aldrinum 18–24 ára en þeim fjölgar um 61% á tímabilinu eða um 944. Fjölgun þeirra er langmest á árunum 2008–2011. Íbúum á heimilum viðtakenda á aldrinum 65 ára og eldri fækkar hins vegar á tímabilinu um 24% eða um 67. Sé nánar að gáð sést að þeim fækkar á milli árunna 2008 og 2009 um 23% en fjölgar svo aftur árið 2010 um 35% frá fyrra ári og aftur árið 2011 um 12%. Í heildina fjölgar íbúum á heimilum viðtakenda um 18% á öllu tímabilinu.

Mynd 13. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir aldri 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 13 eru upplýsingar um hlutfallslega breytingu úr töflu 14 birtar á myndrænan hátt. Þróunin er nokkuð áþekkt milli aldurshópa. Íbúum á heimilum viðtakenda fjölgar nokkuð í kjölfar samdráttarskeiðs um aldamótin en fækkar aftur frá árinu 2003 þegar líða fer að þenslutímabilinu. Þeim fjölgar verulega frá 2008 eða eftir efnahagshrunið. Hlutfallslega verður þar mest fjölgun meðal íbúa á aldrinum 18–24 ára.

Tafla 15. Fjöldi íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir aldri og landshlutum árið 2011


	Alls	17 ára og yngri		18- 24 ára		25- 39 ára		43 - 54 ára		55 - 64 ára		65 ára og eldri	
		fjöldi	% af heild	fjöldi	% af heild	fjöldi	% af heild	fjöldi	% af heild	fjöldi	% af heild	fjöldi	% af heild
Reykjavíkurborg	6.370	1.944	31%	1.248	20%	1.912	30%	883	14%	256	4%	127	2%
Höfuðsv. án Rvk.	2.262	609	27%	530	23%	700	31%	321	14%	75	3%	27	1%
Suðurnes	1.032	373	36%	234	23%	265	26%	115	11%	36	3%	9	1%
Vesturland	498	192	39%	98	20%	129	26%	61	12%	12	2%	6	1%
Vestfirðir	216	89	41%	29	13%	38	18%	43	20%	15	7%	2	1%
Norðurland vestra	236	110	47%	30	13%	52	22%	30	13%	7	3%	7	3%
Norðurland eystra	978	402	41%	153	16%	234	24%	125	13%	36	4%	28	3%
Austurland	311	144	46%	26	8%	81	26%	33	11%	21	7%	6	2%
Suðurland	637	235	37%	145	23%	140	22%	88	14%	23	4%	6	1%
Landið allt	12.540	4.098	33%	2.493	20%	3.551	28%	1.699	14%	481	4%	218	2%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 15 gefur mynd af fjölda íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir aldri og landshlutum árið 2011. Að auki má sjá hlutfallslega skiptingu íbúa á heimilum viðtakenda eftir aldri og landshlutum. Þannig má sjá að í nær öllum landshlutum eru íbúar á heimilum viðtakenda

fjárhagsaðstoðar hlutfallslega fjölmennastir á aldrinum 17 ára og yngri. Undantekning er á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar en hlutfallslega er stærsti hópur íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar á aldrinum 25–39 ára. Þó er misjafnt milli landshluta hve hátt hlutfall þeirra er; á Austurlandi eru 49% íbúa á heimilum viðtakenda 17 ára eða yngri. Í Reykjavík er hlutfall þess aldursflokks 31%. Það að þessi aldurshópur sé hlutfallslega fjölmennastur kemur varla á óvart þar sem stærsti hluti hópsins eru börn á framfæri foreldris eða foreldra/forráðamanna.


Mynd 14. Hlutfallsleg skipting íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar árið 2011 eftir aldri og landshlutum



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hér að ofan má sjá hlutfallslega aldursskiptingu íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir landshlutum. Í langflestum landshlutum er fjölmennasti hópur íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar 17 ára og yngri, enda börn á framfæri foreldris eða foreldra/forráðamanna.

Mynd 15. Hlutfall íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar af aldurshópi árin 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 15 hér fyrir ofan lýsir hve háu hlutfalli af hverjum aldurshópi fyrir sig býr á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar á tímabilinu 1997–2011. Í þremur yngstu aldurshópunum er hlutfall af aldurshóp hæst, en fer svo lækkandi og er lægst meðal 65 ára og eldri. Mögulega endurspeglar taflan ekki mismunandi þörf ólíkra aldurshópa. Hugsanlega kinokar eldra fólk sér frekar við því að sækja um fjárhagsaðstoð þrátt fyrir að þörf sé til staðar.

Tafla 16. Hlutfall íbúa á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar af aldurshópi eftir landshlutum árið 2011

	17 ára og yngri	18 - 24 ára	25 - 39 ára	40 - 54 ára	55 - 64 ára	65 ára og eldri	Alls
Reykjavík	7,2	9,8	6,9	3,8	1,9	0,8	5,4
Höfuðborgarsv. án Rvk.	2,7	6,2	4,0	1,9	0,8	0,3	2,7
Suðurnes	6,3	10,4	5,7	2,7	1,7	0,4	4,9
Vesturland	4,8	5,9	4,3	2,1	0,7	0,3	3,2
Vestfirðir	5,3	3,9	3,0	2,9	1,8	0,2	3,1
Norðurland vestra	6,2	4,0	4,1	2,1	0,8	0,6	3,2
Norðurland eystra	5,4	5,0	4,5	2,1	1,1	0,7	3,4
Austurland	4,8	2,0	3,6	1,3	1,4	0,4	2,5
Suðurland	3,9	5,6	3,3	1,8	0,8	0,2	2,7
Landið allt	5,1	7,4	5,3	2,7	1,4	0,5	3,9

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 16 má sjá hve hátt hlutfall af hverjum aldurshópi býr á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir landshlutum árið 2016. Hér er svipað mynstur og á mynd 15; hlutfall af aldurshópi er hæst meðal yngri hópanna en lækkar eftir því sem aldurinn hækkar. Hér má einnig sjá mun milli landshluta. Þannig eru íbúar á heimilum viðtakenda á aldrinum 18–24 ára tæp 10% af aldurshópnum í Reykjavík og 1,4% á Suðurnesjum. Á Austurlandi er hlutfall íbúa í sama aldurshópi 2%.

2.2.3 Heimili viðtakenda fjárhagsaðstoðar

Í þessum hluta er fjallað um fjárhagsaðstoð út frá heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar.


Tafla 17. Fjöldi heimila er fengu fjárhagsaðstoð árin 1997–2011

	Fjöldi heimila	% breyting frá fyrra ári	Þar af nýir viðtakendur	% breyting frá fyrra ári
1997	5.650		2.302	
1998	4.797	-15%	2.300	0%
1999	4.400	-8%	2.105	-8%
2000	4.653	6%	1.747	-17%
2001	4.939	6%	2.753	58%
2002	5.971	21%	3.321	21%
2003	6.312	6%	3.069	-8%
2004	5.613	-11%	2.586	-16%
2005	4.825	-14%	2.150	-17%
2006	4.579	-5%	2.139	-1%
2007	4.280	-7%	1.943	-9%
2008	5.029	18%	2.677	38%
2009	5.994	19%	3.211	20%
2010	6.910	15%	3.924	22%
2011	7.715	12%	4.017	2%
Breyting 97-11	2.065		1.715	
% breyting 97-11	37%		75%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 17 kemur fram yfirlit yfir þann fjölda heimila er fengu fjárhagsaðstoð á árunum 1997–2011. Að auki má sjá fjölda heimila nýrra viðtakenda. Í heildina fjölga heimilum er fengu fjárhagsaðstoð um 37% eða 2.065 á öllu tímabilinu. Mest er breytingin milli ára 2001 og 2002 og svo aftur árin 2008 og 2009. Árið 2008 eru heimili viðtakenda færri en árið 1997. Á sama tíma eykst fjöldi nýrra viðtakenda verulega, eða um 38% árið 2008 miðað við fyrra ár, og um 20% árið 2009 og 22% árið 2010 frá fyrra ári. Talsvert dregur úr fjölgun heimila nýrra viðtakenda árið 2011 eða um 2% frá fyrra ári. Á tímabilinu fjölga heimilum nýrra viðtakenda verulega eða um 75%.

Mynd 16. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun fjölda viðtökuheimila og nýrra viðtakenda 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 16 sýnir uppsafnaða hlutfallslega þróun fjölda heimila viðtakenda fjárhagsaðstoðar alls annars vegar og fjölda heimila nýrra viðtakenda hins vegar.

Tafla 18. Fjöldi heimila er fengu fjárhagsaðstoð árin 2007–2011 eftir landshlutum

	2007		2009		2011		Breyting 2007 - 2011		% breyting 2007-2011	
	Fjöldi heimila	Par af nýir viðtakendur	Fjöldi heimila	Par af nýir viðtakendur	Fjöldi heimila	Par af nýir viðtakendur	Fjöldi heimila	Par af nýir viðtakendur	Fjöldi heimila	Par af nýir viðtakendur
Reykjavíkurborg	2.509	1.014	3.309	1.719	4.155	1.914	1.646	900	66%	89%
Höfuðsv. án Rvk.	611	305	1.090	574	1.550	951	939	646	154%	212%
Suðurnes	210	111	406	255	558	344	348	233	166%	210%
Vesturland	132	74	174	110	262	126	130	52	98%	70%
Vestfirðir	86	59	86	54	92	60	6	1	7%	2%
Norðurland vestra	70	39	78	48	95	48	25	9	36%	23%
Norðurland eystra	378	169	436	196	504	254	126	85	33%	50%
Austurland	83	46	80	50	137	91	54	45	65%	98%
Suðurland	201	126	335	205	362	229	161	103	80%	82%
Landið allt	4.280	1.943	5.994	3.211	7.715	4.017	3.435	2.074	80%	107%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 18 er yfirlit yfir fjölda heimila sem fengu fjárhagsaðstoð á árunum 2007–2011, auk fjölda nýrra viðtakenda eftir landshlutum. Á þessu árabili fjölgar heimilum um 3.435 eða 80%. Hlutfallslega fjölgar þeim langmest á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur og á Suðurnesjum en þar ríflega tvöfaldast tala þeirra.

Fjöldi nýrra heimila viðtakenda tvöfaldast á tímabilinu. Nýjum viðtakendum fjölgar hlutfallslega mest í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og á Suðurnesjum þar sem tala þeirra rúmlega þrefaldast. Vestfirðir skera sig úr þar sem um mjög óverulega fjöldaaukningu er að ræða.

2.2.4 Heildargreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar

Hér að framan hefur verið fjallað um viðtakendur fjárhagsaðstoðar, heimili þeirra og íbúa á heimilum. Að lokum er tæpt á heildargreiðslum sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar.

Tafla 19. Heildargreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar og meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á heimili árin 1997–2011


	Útgjöld í þús. króna	% breyting frá fyrra ári	Meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á mánuði í kr.	% breyting frá fyrra ári
1997	1.986.176		89.921	
1998	1.700.876	-14%	78.919	-12%
1999	1.547.968	-9%	86.584	10%
2000	1.603.396	4%	84.980	-2%
2001	1.720.342	7%	92.007	8%
2002	2.296.942	34%	96.836	5%
2003	2.561.009	11%	100.902	4%
2004	2.472.055	-3%	104.091	3%
2005	2.204.699	-11%	108.360	4%
2006	1.954.518	-11%	101.650	-6%
2007	1.859.206	-5%	106.937	5%
2008	2.068.818	11%	106.166	-1%
2009	2.507.607	21%	100.333	-5%
2010	3.106.405	24%	105.388	5%
2011	3.678.917	18%	103.517	-2%
Breyting 97-11	1.692.741		13.596	
% breyting 97-11	85%		15%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Kostnaðartölur á verðlagi ársins 2011.

Í töflu 19 er annars vegar að finna yfirlit yfir heildargreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar á tímabilinu 1997–2011 og hins vegar yfirlit um meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á hvert viðtökuheimili. Heildargreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar námu um 3,6ma.kr. árið 2011 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands (3,7ma.kr. samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga) og höfðu hækkað að raungildi um rúmlega 1,6 milljarð frá árinu 1997 eða um 86%.

Meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar hefur hækkað talsvert minna á sama tímabili eða um rúmar 13 þúsund krónur á hvert heimili, eða um 15% á tímabilinu. Hækkun heildargreiðslna má því rekja til fjölgunar viðtakenda.

Mynd 17. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun heildargreiðslna sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar og meðalfjárhæðar fjárhagsaðstoðar á viðtökuheimili árin 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 17 sýnir uppsafnaða hlutfallslega þróun á heildargreiðslum til fjárhagsaðstoðar annars vegar og meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar viðtökuheimila hins vegar á tímabilinu 1997–2011. Hér sést að mun meiri sveifla er í þróun heildargreiðslna, þannig verður mikil hlutfallsleg aukning á árunum 2002 og 2003 og svo aftur árin 2008–2011. Þróun heildarútgjalda til fjárhagsaðstoðar er sú sama og þróun fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar sem sýnd er á mynd 12.

Tafla 20. Heildargreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar og meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á heimili árin 2007–2010 eftir landshlutum

	2007		2009		2011		Breyting 07-11		%breyting 07-11	
	Útgjöld í þús. króna	Meðalfjárhæð fjárhagsaðst á mán í kr.	Útgjöld í þús. króna	Meðalfjárhæð fjárhagsaðst á mán í kr.	Útgjöld í þús. króna	Meðalfjárhæð fjárhagsaðst á mán í kr.	Útgjöld í þús. króna	Meðalfjárhæð fjárhagsaðst á mán í kr.	Útgjöld í þús. króna	Meðalfjárhæð fjárhagsaðst á mán í kr.
Reykjavíkurborg	1.323.043	120.255	1.696.851	110.949	2.395.181	113.532	1.072.138	-6.723	81%	-6%
Höfuðsv. án Rvk.	231.233	104.112	424.804	97.031	607.171	93.096	375.938	-11.016	163%	-11%
Suðurnes	59.351	78.093	112.841	87.001	213.533	86.102	154.182	8.009	260%	10%
Vesturland	39.488	98.230	51.760	94.973	122.297	99.428	82.809	1.198	210%	1%
Vestfirðir	16.441	70.867	15.006	63.856	15.281	66.730	-1.160	-4.137	-7%	-6%
Norðurland vestra	15.377	80.088	17.308	77.264	36.080	86.523	20.703	6.435	135%	8%
Norðurland eystra	98.864	59.955	90.372	51.938	139.296	81.891	40.432	21.936	41%	37%
Austurland	23.004	85.200	17.998	71.137	33.860	75.580	10.856	-9.620	47%	-11%
Suðurland	52.403	79.641	80.667	78.546	116.218	82.070	63.815	2.429	122%	3%
Landið allt	1.859.206	776.442	2.507.607	732.696	3.678.917	103.517	1.819.711	8.510	98%	1%


Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Kostnaðartölur á verðlagi ársins 2011.

Tafla 20 sýnir heildargreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar og meðalfjárhæð hennar á heimili á tímabilinu 2007–2011 eftir landshlutum. Á tímabilinu tvöfaldast heildargreiðslur sveitarfélaga til

fjárhagsaðstoðar og vaxa um tæpa tvo milljarða að raunvirði. Þær aukast hlutfallslega mest á Suðurnesjum þar sem þær ríflega þrefaldast þá á Vesturlandi um 210%.

Á sama tíma hækkar meðalfjárhæð um 1% að raungildi. Það er þó misjafnt eftir landshlutum hver þróunin er. Meðalfjárhæð lækkar hjá borginni um 6% og um 11% í nágrannasveitarfélögum hennar sem vegur þungt í heildina. Meðalfjárhæð hækkar hlutfallslega mest á Norðurlandi eystra eða um 37%. Meðalfjárhæð lækkar í fjórum landshlutum og hlutfallslega mest á Austurlandi og þá höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkurborgar eða um 11%.


Mynd 18. Meðalfjöldi mánaða á hvert heimili viðtakenda fjárhagsaðstoðar árin 1997–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á myndinni hér fyrir ofan má sjá þann meðalfjölda mánaða sem hvert heimili fær fjárhagsaðstoð á hverju ári á árunum 1997–2011. Árið 1997 er meðalfjöldi mánaða 3,9 en 4,6 árið 2011. Nokkur sveifla er milli ára, þannig eykst meðalfjöldi mánaða um 15% árið 1998 frá fyrra ári og árið 2011 eykst hann um 7% miðað við fyrra ár.

Mynd 19. Meðalfjöldi mánaða greitt á hvert heimili viðtakenda fjárhagsaðstoðar árin 2002, 2006, 2010 og 2011 eftir landshlutum



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 19 sýnir meðalfjölda mánaða sem hver fjölskylda fær greidda fjárhagsaðstoð ár hvert á tímabilinu árin 2002, 2006 og 2010–2011 eftir landshlutum. Í öllum landshlutum lengist það tímabil sem viðtakendur þiggja fjárhagsaðstoð. Á Norðurlandi vestra eykst meðalfjöldi mánaða um 1,3 mánuði. Undantekningu er að finna á Vestfjörðum en þar dróst meðalfjöldi mánaða saman um 1,5 mánuð á tímabilinu.

2.3 Félagsleg heimaþjónusta

Lög um heimilishjálpi í viðlögum voru sett árið 1952 og voru í gildi fram til ársins 1991 þegar ný lög voru sett. Á þessum tíma var sveitarfélögum heimilt, en ekki skylt, að veita heimilishjálpi. Lög þessi voru ákveðin grunnur að félagslegri heimaþjónustu og varð síðan að lögbundinni þjónustu sveitarfélaga með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.⁵

Í VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er fjallað um félagslega heimaþjónustu. Þar segir að sveitarfélag skuli sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsi og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Markmiðið er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera einstaklingi kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður. Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglinga.

Í bókhaldi sveitarfélaga er gerður skýr greinarmunur á almenntri félagslegri heimaþjónustu og svo á félagslegri heimaþjónustu við aldraða annars vegar og félagslegrar heimaþjónustu við fatlað fólk hins vegar. Heimilum er skipt í þrjár gerðir; heimili aldraðra, heimili fatlaðs fólks og önnur heimili, t.d. þar sem veita þarf tímabundna aðstoð sökum veikinda, slysa, fjölburaafæðinga eða vegna annarra sérstakra erfiðleika í fjölskyldu.

Í þessum kafla er sameiginleg umfjöllun um þessa þrjúþættu þjónustu.

Tafla 21. Fjöldi heimila er nýta félagslega heimaþjónustu eftir tegund heimila árin 2000–2011

Fjöldi heimila	Heimili aldraðs fólks	% breyting frá fyrra ári	Fatlað fólk á heimili	% breyting frá fyrra ári	Önnur heimili	% breyting frá fyrra ári	Alls	% breyting frá fyrra ári
2000	4.926		651		824		6.401	
2001	5.034	2%	850	31%	887	8%	6.771	6%
2002	5.276	5%	832	-2%	936	6%	7.044	4%
2003	5.604	6%	1.197	44%	518	-45%	7.319	4%
2004	5.185	-7%	1.059	-12%	601	16%	6.846	-6%
2005	5.687	10%	1.119	6%	690	15%	7.496	9%
2006	5.751	1%	1.325	18%	456	-34%	7.532	0%
2007	5.833	1%	1.253	-5%	540	18%	7.626	1%
2008	6.019	3%	1.413	13%	432	-20%	7.864	3%
2009	6.160	2%	1.517	7%	383	-11%	8.060	2%
2010	6.493	5%	1.258	-17%	397	4%	8.148	1%
2011	6.687	9%	858	-43%	454	19%	7.999	-1%
Breyting 00-11	1.761		207		-370		1.598	
%breyting 00-11	36%		32%		-45%		25%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.


⁵ Hagstofa Íslands (2011). Félagsþjónusta sveitarfélaga 2008–2010. *Hagtiðindi*, 96:32 (Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2011:1;2).

Í töflu 21 er yfirlit yfir þann fjölda heimila er nýttu sér félagslega heimaþjónustu skipt upp eftir tegund heimila á tímabilinu 2000–2011. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu á fjölda frá fyrra ári. Á tímabilinu fjölgar heimilum aldraðs fólks sem nýta sér félagslega þjónustu um 36% eða 1.761. Heimilum fatlaðs fólks er njóta félagslegrar heimaþjónustu fjölgar um ríflega 200 eða 32% á tímabilinu. Athygli vekur að árið 2011 fækkar fötluðu fólki verulega sem fær félagslega heimaþjónustu eða um 400 frá fyrra ári sem nemur ríflega 40% fækkun. Skýringin er sú að þjónusta við fatlað fólk fluttist til þjónustuvæða sveitarfélaga árið 2011 og eru þeir einstaklingar sem fá þjónustu eftir lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 ekki meðtaldir hér. Tölur yfir heimili fatlaðs fólks árið 2011 eru því ekki samanburðarhæfar aftur í tíma og er því um ákveðið rof í gögnum að ræða.

Öðrum heimilum fækkar verulega eða um 45%. Sé litið til heildarinnar þá fjölgar þeim heimilum sem nýta sér félagslega þjónustu um 25% eða 1.598.

Þróunin milli ára er sveiflukennd. Þeim heimilum aldraðs fólks fækkar er nýta sér félagslega heimaþjónustu um 7% árið 2004 miðað við árið 2003. En næsta ár á eftir fjölgar þeim um 10% milli ára. Enn meiri sveiflur má sjá í fjöldapróun heimila fatlaðs fólks og öðrum heimilum er nýta sér þjónustuna. Hugsanlega má rekja fjölgun heimila fatlaðs fólks með félagslega heimaþjónustu til aukinnar áherslu á sjálfstæða búsetu fatlaðs fólks.

Mynd 20. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun fjölda heimila eftir tegund heimila árin 2000–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 20 sýnir uppsafnaða hlutfallslega þróun á fjölda heimila er nýta sér félagslega heimaþjónustu eftir tegund heimila á árunum 2000–2011. Þar kemur fram nokkuð sveiflukennd þróun á fjölda heimila, ekki síst meðal heimila með fötluðu fólki og svo öðrum heimilum. Athygli vekur að árið 2011 fækkar fötluðu fólki verulega sem fær félagslega heimaþjónustu eða um 400 frá fyrra ári sem nemur ríflega 40% fækkun. Skýringin er sú að þjónusta við fatlað fólk fluttist til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011 og eru þeir einstaklingar sem fá þjónustu eftir lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 ekki meðtaldir hér. Tölur yfir heimili fatlaðs fólks árið 2011 eru því ekki samanburðarhæfar aftur í tíma og er því um ákveðið rof í gögnum að ræða. Gögn um félagslega heimaþjónustu til þessa hóps er hægt að nálgast hjá Hagstofu Íslands.

Tafla 22. Fjöldi heimila er nýta félagslega heimaþjónustu eftir tegund heimila og landshlutum árin 2009–2011

	2009				2011				% breyting 2009-2011			
	Heimili aldræðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls	Heimili aldræðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls	Heimili aldræðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls
Reykjavíkurborg	2.870	694	225	3.789	3.055	303	213	3.571	6%	-56%	-5%	-6%
Höfuðsv. án Rvk.	1.144	265	59	1.468	1.324	187	117	1.628	16%	-29%	98%	11%
Suðurnes	297	133	1	431	319	82	59	460	7%	-38%	5800%	7%
Vesturland	281	69	5	355	272	57	10	339	-3%	-17%	100%	-5%
Vestfirðir	135	22	6	163	144	7	6	157	7%	-68%	0%	-4%
Norðurland vestra	141	24	5	170	142	8	7	157	1%	-67%	40%	-8%
Norðurland eystra	716	176	41	933	735	129	6	870	3%	-27%	-85%	-7%
Austurland	169	47	4	220	240	20	21	281	42%	-57%	425%	28%
Suðurland	407	87	37	531	456	65	15	536	12%	-25%	-59%	1%
Landið allt	6.160	1.517	383	8.060	6.687	858	454	7.999	9%	-43%	19%	-1%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 22 birtist yfirlit um þann fjölda heimila er nýta sér félagslega heimaþjónustu eftir landshlutum árin 2009 og 2011. Eins og taflan ber með sér er þróunin misjöfn milli landshluta.

Í heildina fækkar heimilum er nýta félagslega heimaþjónustu um 1% á tímabilinu. Þeim fækkar í heildina um 5% í Reykjavíkurborg og um 8% á Norðurlandi vestra. Þeim fjölga þó í heildina í sumum landshlutum eða um 28% á Austurlandi og um 11% á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar.

Heimilum fatlaðs fólks fækkar verulega á tímabilinu eða um 43%. Skýringin er sú að þar sem þjónusta við fólk með fötlun fluttist til þjónustusvæða sveitarfélaga árið 2011, eru þeir sem fá þjónustu eftir lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 49/1992 ekki meðtaldir hér.

Athygli vekur mikil hlutfallsleg fjölgun annarra heimila í sumum landshlutum er nýta félagslega heimaþjónustu. Þannig fjölga þeim úr einu í 59 á Suðurnesjum og fjöldi þeirra á Austurlandi ríflega fimmfaldast. Á landsvísu fjölga öðrum heimilum er nýta félagslega heimaþjónustu um 19% á tímabilinu.

Heimilum aldræðs fólks er nýta félagslega heimaþjónustu hefur fjölgað um 9% á tímabilinu, hlutfallslega mest á Austurlandi eða um 42%.

Tafla 23. Fjöldi heimilismanna er nýta félagslega heimaþjónustu eftir tegund heimila árin 2000–2011


	Heimili aldraðra	% breyting frá fyrra ári	Fatlað fólk á heimili	% breyting frá fyrra ári	Önnur heimili	% breyting frá fyrra ári	Alls	% breyting frá fyrra ári
2000	6.147		1.287		2.176		9.610	
2001	6.391	4%	1.725	34%	2.730	25%	10.846	13%
2002	6.738	5%	1.570	-9%	1.994	-27%	10.302	-5%
2003	7.217	7%	2.218	41%	1.529	-23%	10.964	6%
2004	6.663	-8%	1.823	-18%	1.561	2%	10.047	-8%
2005	7.288	9%	2.044	12%	1.372	-12%	10.704	7%
2006	7.428	2%	2.114	3%	1.737	27%	11.279	5%
2007	7.451	0%	2.081	-2%	1.230	-29%	10.762	-5%
2008	7.582	2%	2.355	13%	1.064	-13%	11.001	2%
2009	7.691	1%	2.469	5%	946	-11%	11.106	1%
2010	8.093	5%	1.953	-21%	920	-3%	10.966	-1%
2011	8.386	4%	2.258	16%	1110	21%	11.754	7%
Breyting 00-11	2.239		971		-1.066		2.144	
%breyting 00-11	36%		75%		-49%		22%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 23 er yfirlit yfir fjölda heimilismanna á heimilum þeirra er nýta sér félagslega heimaþjónustu eftir tegund heimila á tímabilinu 2000–2011. Þessi þróun er mjög áþekkt þróun í fjölda heimila og kemur fram í töflu 21, þ.e. fram til ársins 2010. Árið 2011 fækkar þeim heimilum fatlaðs fólks er nýta sér félagslega heimaþjónustu um 400 eða um 40% frá fyrra ári eins og áður segir, en samhliða verður 16% fjölgun íbúa á sömu heimilum. Vissulega er ekki hægt að útiloka að veruleg fjölgun hafi orðið á fjölda heimilismanna á heimilum fatlaðs fólks milli ára, en í ljósi þess hve mikið þessum heimilum fækkar milli ára verður það að teljast ólíklegt. Líklegri skýring er að hér sé um einhvers konar mistök við skráningu að ræða. Það er því ekki ólíklegt að hér séu þau heimili fatlaðs fólks meðtalin sem njóta félagslegrar heimaþjónustu á þjónustusvæðum.

Í heildina fjölgar íbúum heimila er nýta sér þjónustuna um 22% eða 2.144. Þegar litið er til alls tímabilsins eftir tegund heimilis kemur í ljós að íbúum annarra heimila fækkar um 49%, en íbúum á heimilum aldraðra fjölgar um 36% og íbúum á heimilum með fötluðu fólki fjölgar um 75%.


Mynd 21. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun fjölda heimilismanna eftir tegund heimila árin 2000–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 21 sýnir uppsafnaða hlutfallslega þróun á fjölda heimilismanna á heimilum er nýta sér félagslega heimaþjónustu eftir tegund heimila á árunum 2000–2011. Myndin sýnir nokkuð sveiflukennda þróun á fjölda heimila, ekki sist meðal heimila með fötluðu fólki og svo öðrum heimilum. Þessi mynd sýnir mjög svipaða þróun og mynd 20, þ.e fram til ársins 2010.

Mynd 22. Hlutfall viðtakenda félagslegrar heimaþjónustu 65 ára og eldri af aldurshópi árin 2000–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 22 sýnir hve hátt hlutfall af 65 ára og eldri nýttu sér félagslega heimaþjónustu á árunum 2000–2011. Hlutfallið er lægst árið 2000 en þá er það 19,2%. Hæst er það árið 2003 eða 21,4%, en árið á eftir lækkaði það niður í 19,5%.

Tafla 24. Fjöldi heimilismanna er nýta félagslega heimaþjónustu eftir tegund heimila og landshlutum árin 2009–2011

	2009				2011				% breyting 2009-2011			
	Heimili aldraðs fólks	Heimili fatlaðs fólks	Önnur heimili	Alls	Heimili aldraðs fólks	Heimili fatlaðs fólks	Önnur heimili	Alls	Heimili aldraðs fólks	Heimili fatlaðs fólks	Önnur heimili	Alls
Reykjavíkurborg	3.527	969	487	4.983	3.754	1.038	461	5.253	6%	7%	-5%	5%
Höfuðsv. án Rvk.	1.416	474	148	2.038	1.708	315	299	2.322	21%	-34%	102%	14%
Suðurnes	368	269	3	640	382	108	106	596	4%	-60%	3433%	-7%
Vesturland	379	139	18	536	362	104	50	516	-4%	-25%	178%	-4%
Vestfirðir	154	31	25	210	180	32	13	225	17%	3%	-48%	7%
Norðurland vestra	177	49	21	247	175	54	18	247	-1%	10%	-14%	0%
Norðurland eystra	937	289	120	1.346	953	309	87	1.349	2%	7%	-28%	0%
Austurland	201	75	16	292	293	88	33	414	46%	17%	106%	42%
Suðurland	532	174	108	814	579	21	43	643	9%	-88%	-60%	-21%
Landið allt	7.961	2.469	946	11.376	8.386	2.258	1.110	11.754	5%	-9%	17%	3%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 24 sýnir þróun á fjölda heimilismanna á þeim heimilum er nýta sér félagslega þjónustu eftir landshlutum og tegund heimila árin 2009 og 2011. Þróunin er nokkuð misjöfn eftir landshlutum. Heimilismönnum á öðrum heimilum fjölgar í heild um 17% á tímabilinu og fjölgar hlutfallslega langmest á Suðurnesjum þar sem þeir 35faldast á tímabilinu. Þá tæplega þrefaldast fjöldi þeirra á Vesturlandi og tvöfaldast á Austurlandi og á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkurborgar.

Heimilismönnum á heimilum er nýta félagslega heimaþjónustu fjölgar um 3% á tímabilinu, mest á Austurlandi eða 42%. Þeim fækkar um 21% á Suðurlandi í heildina og um 7% á Suðurnesjum.


Tafla 25. Fjöldi vinnustunda á ári eftir tegund heimila árin 2000–2011

	Heimili aldraðs fólks	% breyting frá fyrra ári	Fatlað fólk á heimili	% breyting frá fyrra ári	Önnur heimili	% breyting frá fyrra ári	Alls	% breyting frá fyrra ári
2000	695.008		101.705		142.377		939.090	
2001	635.836	-9%	100.999	-1%	133.286	-6%	870.121	-7%
2002	676.315	6%	109.769	9%	137.688	3%	923.772	6%
2003	649.018	-4%	175.699	60%	71.722	-48%	896.439	-3%
2004	653.650	1%	176.707	1%	93.463	30%	923.820	3%
2005	590.531	-10%	140.393	-21%	69.241	-26%	800.165	-13%
2006	644.784	9%	177.429	26%	63.804	-8%	886.017	11%
2007	723.322	12%	171.403	-3%	77.304	21%	972.029	10%
2008	722.567	0%	192.380	12%	64.743	-16%	979.690	1%
2009	716.796	-1%	194.521	1%	42.610	-34%	953.927	-3%
2010	723.595	1%	166.975	-14%	34.246	-20%	924.816	-3%
2011	711.771	-2%	163.158	-2%	46.117	35%	921.046	0%
Breyting 00-11	16.763		61.453		-96.260		-18.044	
%breyting 00-11	2%		60%		-68%		-2%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 25 er að finna yfirlit yfir fjölda vinnustunda vegna félagslegrar heimaþjónustu eftir tegund heimila á tímabilinu 2000–2011. Ef á heildina er litið þá hefur vinnustundum fækkað um rúmlega 18 þúsund vinnustundir eða 2% á öllu tímabilinu. Sé þróunin skoðuð eftir tegund heimila má sjá að vinnustundum vegna annarra heimila hefur fækkað verulega eða um 68%. Til hliðsjónar má nefna að heimilum í þessum flokki fækkaði á sama tíma um 45%. Vinnustundum vegna heimila með fötluðu fólki fjölgaði um 60% eða ríflega 60 þúsund vinnustundir. Á sama tíma fjölgaði þeim heimilum um 32%. Hér skal enn áréttað að árið 2011 fækkar þeim heimilum fatlaðs fólks er nýta sér félagslega heimaþjónustu um 400 eða um 40% frá fyrra ári, þar sem þau heimili sem fá þjónustu eftir lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 eru ekki meðtalin. Slík fækkun ætti að leiða af sér talsvert meiri fækkun vinnustunda en tafla 25 leiðir í ljós. Það er því ekki ólíklegt að hér séu þau heimili fatlaðs fólks meðtalin sem njóta félagslegrar heimaþjónustu á þjónustusvæðum. Það er því ljóst að fleiri heimili fatlaðs fólks njóta félagslegrar heimaþjónustu hjá sveitarfélögnum en upplýsingar í töflu 21 gefa til kynna.


Mynd 23. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun fjölda vinnustunda eftir tegund heimila árin 2000–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 23 sýnir uppsafnaða hlutfallslega þróun á fjölda vinnustunda eftir tegund heimila er nýta sér félagslega heimaþjónustu á árunum 2000–2011. Myndin sýnir nokkuð sveiflukennda þróun á fjölda heimila. Hlutfallsleg aukning er mest meðal heimila fatlaðs fólks framan af. Breyting verður á þróun vinnustundafjölda vegna annarra heimila árið 2011 þegar þeim fjölgar um 35% frá fyrra ári.

Mynd 24. Hlutfallsleg skipting vinnustunda í félagslegri heimaþjónustu árið 2011 eftir tegund heimila



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Með þrifum er átt við þjónustu sem eingöngu felst í þrifum húsnæðis og/eða fataþvotti. Persónuleg þjónusta er öll önnur þjónusta.

Hér fyrir ofan koma fram upplýsingar um hvernig vinnustundir vegna félagslegrar heimaþjónustu skiptast hlutfallslega eftir þjónustu og tegund íbúða. Riflega helmingur vinnustunda vegna heimila aldraðs fólks fer í þrif og persónulega þjónustu, og um 43% í þrif.

Á heimilum fatlaðs fólks er yfir 60% vinnustunda varið í þrif og persónulega þjónustu, og um 28% í þrif eingöngu.

Vinnustundir vegna annarra heimila skiptast þannig að 42% er vegna þrifa eingöngu og um 30% vegna persónulegrar þjónustu eingöngu.

Tafla 26. Fjöldi vinnustunda eftir tegund heimila og landshlutumárin 2009 og 2011

	2009				2011				% breyting 2009 - 2011			
	Heimili aldraðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls	Heimili aldraðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	a Alls	Heimili aldraðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls
Reykjavíkurborg	400.506	109.149	31.461	541.116	418.591	93.554	26.800	538.946	5%	-14%	-15%	0%
Höfuðsv. án Rvk.	106.349	16.604	3.277	126.230	104.689	12.796	4.770	122.255	-2%	-23%	46%	-3%
Suðurnes	25.120	11.118	192	36.430	26.521	5.116	4.750	36.387	6%	-54%	2374%	0%
Vesturland	33.441	8.047	816	42.304	26.039	6.936	738	33.713	-22%	-14%	-10%	-20%
Vestfirðir	12.038	2.095	423	14.555	12.720	1.875	393	14.988	6%	-11%	-7%	3%
Norðurland vestra	16.059	3.729	485	20.273	11.404	1.518	493	13.415	-29%	-59%	2%	-34%
Norðurland eystra	57.386	23.917	3.143	84.446	51.845	26.322	2.198	80.365	-10%	10%	-30%	-5%
Austurland	17.111	3.984	397	21.492	23.689	5.811	5.225	34.725	38%	46%	1216%	62%
Suðurland	48.786	15.879	2.416	67.081	36.272	9.230	750	46.252	-26%	-42%	-69%	-31%
Landið allt	716.796	194.521	42.610	953.927	711.771	163.158	46.117	921.046	-1%	-16%	8%	-3%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 26 má sjá fjölda vinnustunda eftir tegund heimila og landshlutum árin 2009 og 2011. Á landsvísu fækkar vinnustundum í heildina um 3% á hvert heimili árið 2011 miðað við árið 2009. Þessi lykiltala er þó æði misjöfn, bæði eftir tegund heimila og eins eftir landshlutum.

Tafla 27. Meðalfjöldi vinnustunda á ári á hvert heimili er nýttir sér félagslega heimaþjónustu árin 2000–2011 eftir tegund heimila


	Heimili aldraðs fólks	% breyting frá fyrra ári	Fatlað fólk á heimili	% breyting frá fyrra ári	Önnur heimili	% breyting frá fyrra ári	Alls	% breyting frá fyrra ári
2000	141		156		173		147	
2001	126	-11%	119	-24%	150	-13%	129	-12%
2002	128	2%	132	11%	147	-2%	131	2%
2003	116	-9%	147	11%	139	-5%	122	-7%
2004	126	9%	167	14%	156	12%	135	11%
2005	104	-17%	125	-25%	100	-36%	107	-21%
2006	112	8%	134	7%	140	40%	118	10%
2007	124	11%	137	2%	143	2%	127	8%
2008	120	-3%	136	-1%	150	5%	125	-2%
2009	116	-3%	128	-6%	111	-26%	118	-6%
2010	111	-4%	133	4%	86	-23%	114	-3%
2011	106	-5%	190	43%	102	19%	115	1%
Breyting 00-11	-35		34		-71		-32	
%breyting 00-11	-25%		22%		-41%		-22%	

Heimild: Hagstofa Íslands.

Hér að framan hefur verið fjallað um fjölda heimila og fjölda vinnustunda á aðskilinn hátt. Fróðlegt er að skoða þróun á fjölda vinnustunda að meðaltali á hvert heimili eftir tegund heimila. Tafla 27 sýnir að dregið hefur úr fjölda vinnustunda á hvert heimili árið 2011 miðað við árið 2000. Að jafnaði voru unnar tæpar 147 stundir á hvert heimili árið 2000, en árið 2011 eru vinnustundir á hvert heimili rétt um 115. Það jafngildir fækkun vinnustunda um 22%. Þróunin er misjöfn eftir tegund heimila, hlutfallslega fækkar vinnustundum mest á önnur heimili, eða um 71 vinnustund á hvert heimili sem nemur 41% fækkun.

Meðalfjöldi vinnustunda á hvert heimili fatlaðs fólks hefur fjölgað um 34 á tímabilinu eða um 22%.

Mynd 25. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun meðalfjölda vinnustunda á hvert heimili eftir tegund heimila árin 2000–2011



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 25 sýnir uppsafnaða hlutfallslega þróun á meðalfjölda vinnustunda á hvert heimili eftir tegund heimila er nýta sér félagslega heimaþjónustu á árunum 2000–2011.

Tafla 28. Meðalfjöldi vinnustunda á hvert heimili eftir tegund heimila og landshlutum árin 2009–2011

	2009				2011				% breyting 2009-2011			
	Heimili aldraðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls	Heimili aldraðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls	Heimili aldraðs fólks	Fatlað fólk á heimili	Önnur heimili	Alls
Reykjavíkurborg	140	157	140	143	137	309	126	151	-2%	97%	-20%	6%
Höfuðborgarsv. án Rvk	93	63	56	86	79	68	41	75	-15%	8%	-35%	-13%
Suðurnes	85	84	192	85	83	62	81	79	-2%	-26%	-4%	-7%
Vesturland	119	117	163	119	96	122	74	99	-19%	4%	-37%	-17%
Vestfirðir	89	95	71	89	88	268	66	95	-1%	182%	-31%	7%
Norðurland vestra	114	155	97	119	80	190	70	85	-30%	23%	-55%	-29%
Norðurland eystra	80	136	77	91	71	204	366	92	-11%	50%	169%	1%
Austurland	101	85	99	98	99	291	249	124	-2%	242%	193%	27%
Suðurland	120	183	65	126	80	142	50	86	-33%	-22%	-73%	-32%
Landið allt	116	128	111	118	106	190	102	115	-9%	48%	-20%	-3%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Að lokum er forvitnilegt að skoða meðalfjölda vinnustunda á hvert heimili eftir tegund heimila og landshlutum árin 2009 og 2011. Meðalfjölda vinnustunda á hvert heimili í heildina hefur fækkað um 3% árið 2011 samanborið við árið 2009. Sé lykiltalan greind eftir tegund heimila kemur í ljós að meðalvinnustundafjöldi á heimili með fötluðu fólki jókst um 48%, á heimili aldraðra fækkar þeim um 9% og meðalfjöldi vinnustunda á önnur heimili dregst saman um 20%.

Sé litið til landshluta má sjá að þróunin er misjöfn.

Það vekur athygli að meðalvinnustundafjöldi á heimili með fötluðu fólki rúmlega þrefaldaðist á Austurlandi og tæplega þrefaldaðist á Vestfjörðum árið 2011 samanborið við árið 2009

2.4 Húsnæðisstuðningur

Í þessum kafla er annars vegar fjallað um húsaleigubætur og hins vegar sérstaka niðurgreiðslu húsaleigu sem oft er vísað til sem sérstakar húsaleigubætur.

2.4.1 Húsaleigubætur

Í lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 kemur fram að markmið með slíkum bótum er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Sveitarfélög skulu greiða húsaleigubætur og annast félagsmálanefndir sveitarfélaga að jafnaði afgreiðslu umsókna. Til upplýsingar skal á það bent að á heimasíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga má nálgast fréttabréf sjóðsins um húsaleigubætur <http://www.jofnunarsjodur.is/frettabref/>.

Tafla 29. Samtals greiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta eftir landshlutum árin 2008–2011

	2008	2009	2010	2011	Breyting 2008-2011	% breyting 2008-2011
Reykjavíkurborg	1.322.538	1.583.484	1.646.296	1.637.549	315.011	24%
Höfuðsv. án Rvk.	390.892	586.033	675.617	672.455	281.563	72%
Suðurnes	252.269	335.764	329.468	335.372	83.103	33%
Vesturland	119.951	147.834	145.913	146.358	26.408	22%
Vestfirðir	68.990	70.335	65.732	54.133	-14.857	-22%
Norðurland vestra	70.204	78.248	79.417	76.827	6.623	9%
Norðurland eystra	284.619	322.128	326.082	318.785	34.166	12%
Austurland	67.128	85.869	75.542	72.129	5.001	7%
Suðurland	177.728	216.514	227.943	217.007	39.279	22%
Landið allt	2.754.318	3.426.209	3.572.011	3.530.616	776.297	28%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Í þús.kr. staðvirt á verðlagi ársins 2011.

Í töflu 29 má sjá að greiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta á landsvísu höfðu aukist um 28% árið 2011 miðað við árið 2008 eða um tæpar 800 m.kr. að raungildi. Einn skýringarþáttur birtist í töflu 32 en þar má sjá að viðtakendum húsaleigubóta fjölgaði um 39% á sama tíma.

Í öllum landshlutum hækka greiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta, þó mismikið. Undantekning er Vestfirðir þar sem greiðslur lækka um 22%. Hlutfallslega er hækkunin mest á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur en þar hækkuðu greiðslurnar um 72% á tímabilinu. Þá hækkuðu greiðslur um þriðjung á Suðurnesjum. Þess má geta að á tímabilinu 2007–2009 jukust greiðslur sveitarfélaga á Suðurnesjum gríðarlega eða um 139%.

Tafla 30. Heildargreiðslur sveitarfélaga vegna húsaleigubóta eftir tegund íbúða árin 2007–2011


	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námsgarðar /heimavistir		Sambyli		Samtals	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
2007	922.591		790.781		308.970		64.948		2.087.290	
2008	1.199.783	30%	1.023.530	29%	461.317	49%	69.688	7%	2.754.318	32%
2009	1.791.222	49%	1.062.804	4%	498.077	8%	69.519	0%	3.426.209	24%
2010	2.018.090	13%	1.021.719	-4%	450.696	-10%	70.142	1%	3.572.011	4%
2011	1.946.458	-4%	1.064.611	4%	452.723	0%	66.823	-5%	3.530.616	-1%
Breyting 07-11	1.023.867		273.831		143.753		1.875		1.443.325	
% breyting 07-11	111%		35%		47%		3%		69%	

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Tölur í þús.kr. staðvirk á verðlagi ársins 2011.

Í töflu 30 er yfirlit yfir heildargreiðslur sveitarfélaga vegna húsaleigubóta eftir tegund íbúða á tímabilinu 2007–2011. Greiðslur hafa riflega tvöfaldast vegna húsaleigubóta í almennum íbúðum. Þá jukust greiðslur vegna viðtakenda á námsgörðum/heimavistum um 47%. Í heildina jukust greiðslur vegna húsaleigubóta um 1,4 ma.kr á tímabilinu eða um 69%.

Í fylgiskjali 5 er að finna yfirlit yfir heildargreiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta eftir tegund íbúða eftir sveitarfélögum.

Mynd 26. Greiðslur sveitarfélaga vegna húsaleigubóta eftir tegund íbúða árin 2007–2011




Heimild: Jöfnunarsjóður Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Tölur í þús.kr. staðvirk á verðlagi ársins 2011.

Mynd 26 birtir upplýsingar úr töflu 30 á myndrænan hátt. Hér sést hvað greiðslur húsaleigubóta vegna almennra íbúða hafa hækkað mikið á tímabilinu.

Í fylgiskjali 4 er að finna yfirlit yfir heildargreiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta 2008–2011 eftir sveitarfélögum.

Mynd 27. Hlutfallsleg skipting greiðslna vegna húsaleigubóta eftir tegund íbúða árin 2007–2011



Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hér fyrir ofan má sjá hvernig greiðslur sveitarfélaga vegna húsaleigubóta skiptast hlutfallslega eftir tegund íbúða á tímabilinu 2007–2011. Árið 2007 renna 44% greiðslna vegna húsaleigubóta til viðtakenda í almennum íbúðum. Árið 2011 hefur hlutfallið hækkað um 11 prósentustig. Greiðslur vegna félagslegra íbúða námu 30% af heildargreiðslu árið 2011 og er það 8 prósentustigum lægra en árið 2007.

Tafla 31. Skipting greiðslna til húsaleigubóta eftir tegund íbúða og landshlutum árið 2011

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námsgarðar/heimavistir		Sambýli		Samtals	
	Upphæð	% af heild	Upphæð	% af heild	Upphæð	% af heild	Upphæð	% af heild	Heildargreiðsla	% af heild
Reykjavíkurborg	856.124	52%	614.806	38%	146.897	9%	19.722	1%	1.637.549	100%
Höfuðsv. án Rvk.	461.190	69%	169.905	25%	19.011	3%	22.349	3%	672.455	100%
Suðurnes	158.859	47%	64.471	19%	109.490	33%	2.552	1%	335.372	100%
Vesturland	90.901	62%	18.466	13%	35.628	24%	1.364	1%	146.358	100%
Vestfirðir	19.730	36%	24.186	45%	9.785	18%	432	1%	54.133	100%
Norðurland vestra	20.886	27%	26.100	34%	27.411	36%	2.430	3%	76.827	100%
Norðurland eystra	172.675	54%	80.171	25%	57.515	18%	8.424	3%	318.785	100%
Austurland	29.733	41%	22.506	31%	17.600	24%	2.291	3%	72.129	100%
Suðurland	136.360	63%	43.999	20%	29.388	14%	7.260	3%	217.007	100%
Landið allt	1.946.458	55%	1.064.611	30%	452.723	13%	66.823	2%	3.530.616	100%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjárhæðir í þús.kr.

Tafla 31 sýnir yfirlit yfir skiptingu greiðslna til húsaleigubóta ásamt hlutfallslegri skiptingu eftir landshlutum og tegund íbúða árið 2011. Á landsvísu skiptast greiðslur sveitarfélaga þannig að 55% þeirra renna til viðtakenda í almennum íbúðum, tæpur þriðjungur til viðtakenda í félagslegum

íbúðum og 13% renna til viðtakenda sem eru á námsgörðum eða á heimavist. Einungis 2% renna til viðtakenda sem búa á sambyli.

Hafa ber í huga að húsaleigubætur eru reiknaðar út frá ákveðnum reglum þar sem hver íbúð fær sitt grunngjald og að auki hafa þættir eins og fjöldi barna, leiguupphæð, tekjur viðtakanda og annarra fullorðinna á heimili áhrif á bótaupphæð.

Skiptingin er misjöfn eftir landshlutum, þó er algengast að stærstur hluti greiðslna til húsaleigubóta renni til viðtakenda sem búa í almennum íbúðum. Undantekning frá þessu er Norðurland vestra þar sem hærra hlutfall rennur til viðtakenda í félagslegum íbúðum annars vegar og viðtakenda á námsgörðum eða heimavistum hins vegar. Önnur undantekning er Vestfirðir en þar er einnig hærra hlutfalli veitt til viðtakenda í félagslegum íbúðum.

Sammerkt öllum landshlutum er að lítil hluti greiðslna rennur til viðtakenda er búa á sambylum, eins og eðlilegt má teljast, eða á bilinu 1–3% af heildargreiðslum til húsaleigubóta.

Mjög misjafnt er hve hátt hlutfall af heildargreiðslum sveitarfélaga renna til viðtakenda á námsgörðum eða heimavistum. Skýringar á þessu er að finna í staðsetningu námsgarða við skóla á háskólastigi annars vegar og framhaldsskóla sem bjóða upp á heimavist.

Í fylgiskjöllum 6 og 7 er að finna yfirlit skiptingu greiðslna vegna húsaleigubóta sveitarfélaga 2008–2011 eftir sveitarfélögum og tegund íbúða.

Tafla 32. Fjöldi viðtakenda húsaleigubóta að meðaltali eftir tegund íbúða árin 2007–2011

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námgarðar/heimavist		Sambyli		Samtals	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
2007	3.943		3.294		1.573		510		9.317	
2008	4.141	5%	3.538	7%	1.912	22%	515	1%	10.106	8%
2009	6.356	53%	3.669	4%	2.082	9%	518	1%	12.624	25%
2010	7.424	17%	3.784	3%	1.994	-4%	514	-1%	13.176	9%
2011	7.316	-1%	4.177	10%	2.076	4%	487	-5%	14.055	7%
Breyting 07-11	3.373		883		503		-23		4.738	
% breyting 07-11	86%		27%		32%		-4%		51%	

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra.

Í töflunni hér að ofan má sjá þróun fjölda viðtakenda húsaleigubóta eftir tegund íbúða á tímabilinu 2007–2011. Langmesta fjölgunin hefur orðið meðal viðtakenda í almennum íbúðum. Á tímabilinu fjölgaði þeim um tæplega 3.400 eða 86% en fækkar þó lítillega árið 2011 miðað við 2010. Ljóst má vera að hér gætir áhrifa efnahagskreppunnar, enda sést að fjölgunin verður helst milli árana 2008–2009 en þá fjölgar viðtakendum í almennum íbúðum um 53%.

Á tímabilinu verður einnig allnokkur fjölgun meðal viðtakenda á námsgörðum/heimavistum, en þar er fjölgunin ríflega 500 eða 32%. Viðtakendum húsaleigubóta alls fjölgar um rúmlega 4.700 á tímabilinu eða um 51%.

Tafla 33. Fjöldi viðtakenda húsaleigubóta eftir tegund íbúða og landshlutum árið 2011

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námgarðar/heimavistir		Sambyli		Samtals	
	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild
Reykjavíkurborg	3.319	51%	2.398	37%	592	9%	156	2%	6.465	100%
Höfuðsv. án Rvk.	1.604	65%	604	25%	95	4%	156	6%	2.459	100%
Suðurnes	543	44%	260	21%	427	34%	18	1%	1.247	100%
Vesturland	325	56%	79	14%	161	28%	12	2%	577	100%
Vestfirðir	94	35%	114	42%	58	22%	4	1%	271	100%
Norðurland vestra	94	26%	106	29%	144	40%	17	5%	362	100%
Norðurland eystra	679	50%	318	23%	302	22%	61	5%	1.360	100%
Austurland	127	36%	100	29%	112	32%	12	4%	351	100%
Suðurland	530	55%	197	20%	185	19%	51	5%	963	100%
Landið allt	7.316	52%	4.177	30%	2.076	15%	487	3%	14.055	100%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal.

Þegar fjallað er um kostnað og heildargreiðslur sveitarfélaga vegna húsaleigubóta er nauðsynlegt að skoða fjölda viðtakenda húsaleigubóta. Í töflu 33 má sjá fjölda viðtakenda árið 2011 og hlutfallslega skiptingu eftir tegund íbúða.

Fram kemur að ríflega helmingur allra viðtakenda á landinu býr í almennum íbúðum, 30% í félagslegum íbúðum, 15% á námsgörðum/heimavistum og aðeins 3% á sambylum.

Hlutfallsleg skipting eftir landshlutum helst í hendur við þá skiptingu sem kemur fram í töflu 32.

Í fylgiskjali 8 er að finna yfirlit yfir fjölda viðtakenda húsaleigubóta eftir tegund íbúða og sveitarfélögum árin 2008–2011.

Tafla 34. Fjöldi viðtakenda húsaleigubóta að meðaltali árin 2008 og 2011 eftir landshlutum og tegund íbúða

	Fjöldi viðtakenda að meðaltali á árinu 2008					Fjöldi viðtakenda að meðaltali á árinu 2011					% breyting á meðaltalsfjölda viðtakenda 2008-2011				
	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námgarðar /heimavistir	Sambylli	Samtals	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námgarðar /heimavistir	Sambylli	Samtals	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námgarðar /heimavistir	Sambylli	Samtals
Reykjavíkurborg	2.177	1.789	507	183	4.657	3.319	2.398	592	156	6.465	52%	34%	17%	-15%	39%
Höfuðsv.án Rvk.	580	545	105	135	1.365	1.604	604	95	156	2.459	177%	11%	-10%	15%	80%
Suðurnes	227	257	341	15	840	543	260	427	18	1.247	139%	1%	25%	15%	48%
Vesturland	149	96	174	17	436	325	79	161	12	577	119%	-18%	-8%	-28%	32%
Vestfirðir	96	131	64	4	295	94	114	58	4	271	-2%	-13%	-9%	7%	-8%
Norðurland vestra	67	99	142	24	332	94	106	144	17	362	40%	7%	2%	-27%	9%
Norðurland eystra	475	297	296	73	1.142	679	318	302	61	1.360	43%	7%	2%	-16%	19%
Austurland	97	146	124	15	383	127	100	112	12	351	30%	-31%	-10%	-18%	-8%
Suðurland	272	177	159	49	657	530	197	185	51	963	95%	11%	17%	3%	47%
Landið allt	4.141	3.538	1.912	515	10.106	7.316	4.177	2.076	487	14.055	77%	18%	9%	-5%	39%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband Íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal.

Tafla 34 gefur yfirlit yfir fjölda viðtakenda húsaleigubóta að meðaltali árin 2008 og 2011 eftir landshlutum og tegund íbúða. Í öllum landshlutum fjölgar viðtakendum að meðaltali í almennum íbúðum, nema á Vestfirðum. Mest fjölgar þeim í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur eða um 177% og á Suðurnesjum um 139%. Viðtakendum í félagslegum íbúðum fækkar um 31% á Austurlandi og 18% á Vesturlandi. Þeim fjölgar hins vegar í Reykjavíkurborg um 34%.

Tafla 35. Skipting greiðslna húsaleigubóta og fjöldi viðtakenda þeirra eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga árið 2011

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námgarðar/heimavistir		Sambylli		Samtals	
	Greiðsla svf.	Fj. Viðtakenda	Greiðsla svf.	Fj. Viðtakenda	Greiðsla svf.	Fj. Viðtakenda	Greiðsla svfl.	Fj. Viðtakenda	Greiðsla svf.	Fj. alls
≤ 500 íbúar	17.301	83	7.780	43	21.598	118	928	5	47.606	249
501 - 1000	38.932	179	20.356	85	29.953	193	1.410	13	90.650	470
1001 - 2000	73.193	272	21.133	88	25.884	154	2.359	15	122.568	529
2001 - 5000	172.013	677	94.809	439	71.130	374	10.186	70	348.138	1.560
5001 ≥	788.539	2.783	305.727	1.124	157.262	644	32.219	228	1.283.747	4.779
Reykjavíkurborg	856.124	3.319	614.806	2.398	146.897	592	19.722	156	1.637.549	6.465

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband Íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjárhæðir í þús.kr. Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og meðaltal ársins fundið út frá því.

Í töflu 35 má sjá heildargreiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta eftir stærð þeirra ásamt fjölda viðtakenda eftir tegund íbúða.

Tafla 36. Fjöldi viðtakenda húsaleigubóta að meðaltali eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga árið 2011

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námssgarðar/heimavistir		Sambyli		Samtals	
	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild
< 500 íbúar	83	33%	43	17%	118	47%	5	2%	249	100%
501 - 1000	179	38%	85	18%	193	41%	13	3%	470	100%
1001 - 2000	272	51%	88	17%	154	29%	15	3%	529	100%
2001 - 5000	677	43%	439	28%	374	24%	70	4%	1.560	100%
5001 >	2.783	58%	1.124	24%	644	13%	228	5%	4.779	100%
Reykjavíkurborg	3.319	51%	2.398	37%	592	9%	156	2%	6.465	100%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra.

Tafla 36 sýnir hvernig fjöldi viðtakenda húsaleigubóta skiptist eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga árið 2011.

Hér kemur glögg í ljós nokkur munur á hlutfallslegri skiptingu viðtakenda húsaleigubóta eftir stærð sveitarfélaga. Um helmingur viðtakenda hjá minnstu sveitarfélögunum búa á námssgarðum eða heimavistum. Hér hefur áhrif að námsmenn njóta undanþágu frá lögum um lögheimili nr. 21/1995 samkvæmt 3. mgr. 4. gr. Þar segir að dveljist maður hérlandis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst getur hann átt lögheimili þar áfram enda hafi hann þar bækistöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar.

Tafla 37. Greiðslur sveitarfélaga til viðtakenda húsaleigubóta að meðaltali á ári eftir tegund íbúða 2007–2011

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námssgarðar/heimavistir		Sambyli		Samtals	
	Breyting frá fyrra ári		Breyting frá fyrra ári		Breyting frá fyrra ári		Breyting frá fyrra ári		Breyting frá fyrra ári	
2007										
2008	24%		21%		23%		6%		22%	
2009	-3%		0%		-1%		-1%		0%	
2010	-4%		-7%		-6%		2%		0%	
2011	-2%		-6%		-4%		1%		-7%	
Breyting 07-11	32		15		22		10		27	
% breyting 07-11	14%		6%		11%		8%		12%	

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra. Heildargreiðslur sveitarfélaga deilt á fjölda viðtakendur. Fjárhæðir í þús.kr. og staðvirk á verðlagi ársins 2011.

Tafla 37 sýnir hverjar greiðslur sveitarfélaga á viðtakendur húsaleigubóta voru að meðaltali eftir tegund íbúða á tímabilinu 2007–2011. Húsaleigubætur sem einstaklingar fá greiddar eru misháar

og byggja á ákveðinni reiknireglu sem tekur tillit til þátta eins og barnafjölda, árstekna viðtakanda og fleiru.

Í töflunni kemur fram að meðaltalsgreiðslur til viðtakenda í almennum íbúðum hafa hækkað um 14% á tímabilinu að raungildi, og 11% til viðtakenda á námsgörðum eða heimavistum. Alls hafa greiðslur hækkað um 12% að meðaltali á hvern viðtakanda.

Tafla 38. Greiðslur sveitarfélaga til viðtakenda húsaleigubóta að meðaltali á ári eftir tegund íbúða og landshlutum árið 2011

	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námsgarðar /heimavistir	Samþýli	Heild
Reykjavíkurborg	258	256	248	127	253
Höfuðborgarsv. án Rvk.	288	281	201	143	273
Suðurnes	293	248	257	146	269
Vesturland	280	235	221	111	254
Vestfirðir	209	212	168	108	200
Norðurland vestra	222	245	190	139	212
Norðurland eystra	254	252	191	137	234
Austurland	234	224	157	185	205
Suðurland	257	224	159	143	225
Landið allt	266	255	218	137	251

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra. Heildargreiðslur sveitarfélaga deilt á fjölda viðtakendur árið 2011. Fjárhæðir í þús.kr.

Í töflu 38 má sjá greiðslu sveitarfélaga á hvern viðtakanda að meðaltali eftir tegund íbúðar og landshlutum árið 2011. Húsaleigubætur sem einstaklingar fá greiddar eru misháar og byggja á ákveðinni reiknireglu sem tekur tillit til þátta eins og barnafjölda, leiguupphæðar, árstekna viðtakanda og fleiru.

Tafla 39. Greiðslur sveitarfélaga til viðtakenda húsaleigubóta að meðaltali á ári eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga árið 2011

	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námsgarðar /heimavistir	Samþýli	Heild
< 500 íbúar	209	181	183	182	191
501 - 1000	217	240	155	107	193
1001 - 2000	269	241	168	161	232
2001 - 5000	254	216	190	146	223
5001 >	283	272	244	141	269
Reykjavík	258	256	248	127	253

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra. Heildargreiðslur sveitarfélaga deilt á fjölda viðtakendur árið 2010. Fjárhæðir í þús.kr.

Að lokum sjáum við greiðslu sveitarfélaga á hvern viðtakanda að meðaltali eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélags. Útreikningur húsaleigubóta byggir á nokkrum þáttum, svo sem árstekjum,

barnafjölda og leiguverði. Meðalgreiðsla á viðtakanda í minni sveitarfélögum er lægri en í stærri sveitarfélögum. Ein skýring er líklega staðsetning leiguhúsnæðis og leiguverð.

2.4.2 Sérstakar húsaleigubætur

Sveitarstjórn getur tekið ákvörðun um að greiða hærri húsaleigubætur en sem nemur grunnfjárhæðum húsaleigubóta samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga um húsaleigubætur nr. 138/1997. Um er að ræða húsaleigubætur sem eru viðbót við grunnfjárhæðir húsaleigubóta, þ.e. „sérstakar húsaleigubætur“. Sveitarstjórn skal setja reglur um slíkar bætur og kynna íbúum sveitarfélagsins með trygnum hætti.

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar leigjendum sem búa við mjög erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður. Stuðningurinn er tengdur leigjandanum sjálfum í formi sérstakra bóta sem taka mið af persónulegum aðstæðum í stað þess að tengjast því húsnæði sem er leigt.

Tafla 40. Skipting greiðslna sérstakra húsaleigubóta og fjöldi bótaþega eftir tegund íbúða árin 2009–2011

	Almennar íbúðir	br. frá fyrra ári	Félagslegar íbúðir	br. frá fyrra ári	Námargarðar/heimavistir	br. frá fyrra ári	Sambyli	br. frá fyrra ári	Samtals	br. frá fyrra ári
2009	360.584		23.300		3.733		125		387.742	
2010	414.631	15%	590.648	2435%	3.004	-20%	36	-71%	1.008.319	160%
2011	464.952	12%	591.948	0%	4.111	37%	329	803%	1.061.341	5%
Breyting	104.369		568.649		378		204		673.599	
% breyting	29%		2441%		10%		163%		174%	

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjárhæðir í þús.kr. Umgreiðslur sveitarfélaga er að ræða. Staðvirt á verðlagi ársins 2011.

Greiðslur sveitarfélaga til sérstakra húsaleigubóta hafa hartnær þrefaldast frá árinu 2009 að raunvirði. Þróunin er misjöfn eftir tegund íbúða, en greiðslur hækka um tæpan þriðjung vegna almennra íbúða en hækka tæplega 25 falt vegna félagslegra íbúða.

Tafla 41. Skipting greiðslna sérstakra húsaleigubóta og fjöldi bótaþega eftir tegund íbúða og landshlutum árið 2011

	Fj. svf.	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námargarðar/heimavistir		Sambyli		Samtals	
		Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild
Reykjavíkurborg	1	281.181	32,9%	573.148	67,1%	0	0,0%	0	0,0%	854.329	100%
Höfuðsv. án Rvk	4	123.272	97,9%	267	0,2%	2.059	1,6%	329	0,3%	125.927	100%
Suðurnes	5	14.007	70,7%	4.425	22,3%	1.373	6,9%	0	0,0%	19.804	100%
Vesturland	2	19.284	78,5%	5.292	21,5%	0	0,0%	0	0,0%	24.575	100%
Vestfirðir	2	682	28,7%	1.696	71,3%	0	0,0%	0	0,0%	2.378	100%
Norðurland vestra	0	0		0		0		0		0	
Norðurland eystra	1	16.327	96,0%	0	0,0%	679	4,0%	0	0,0%	17.006	100%
Austurland	2	3.567	60,9%	2.290	39,1%	0	0,0%	0	0,0%	5.857	100%
Suðurland	2	6.634	57,9%	4.831	42,1%	0	0,0%	0	0,0%	11.464	100%
Landið allt	19	464.952	43,8%	591.948	55,8%	4.111	0,4%	329	0,0%	1.061.341	100%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjárhæðir í þús.kr. Um greiðslur sveitarfélaga er að ræða.

Eins og fram kemur hér að framan þá er það sveitarfélögum í sjálfsveld sett hvort þau greiða sérstakar húsaleigubætur eða ekki. Í töflu 41 má sjá að ekkert sveitarfélag á Norðurlandi vestra greiðir slíkar bætur árið 2011 og í flestum tilvikum búa viðtakendur í almennu húsnæði og þá félagslegu húsnæði. Á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur búa 97,9% viðtakenda sérstakra húsaleigubóta í almennum íbúðum. Vestfirðir og Reykjavíkurborg skera sig aðeins úr en um 70% viðtakenda búa í félagslegu húsnæði en 30% í almennum íbúðum. Í engum öðrum landshlutum eru fleiri viðtakendur sérstakra húsaleigubóta sem búa í félagslegum íbúðum en almennum íbúðum.

Í fylgiskjali 9 er að finna yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga til sérstakra húsaleigubóta eftir tegund íbúða og sveitarfélögum árið 2011 og í fylgiskjali 10 er yfirlit yfir þær greiðslur árin 2010 og 2011.

Tafla 42. Fjöldi viðtakenda sérstakra húsaleigubóta að meðaltali eftir tegund íbúða og landshlutum árið 2011

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námgarðar/heimavistir		Sambyli		Samtals	
	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild
Reykjavíkurborg	852	30,6%	1.934	69,4%	0	0,0%	0	0,0%	2.786	100%
Höfuðsv. án Rvk.	544	96,9%	1	0,1%	14	2,4%	3	0,5%	562	100%
Suðurnes	71	59,7%	35	29,2%	13	11,2%	0	0,0%	120	100%
Vesturland	66	70,9%	27	29,1%	0	0,0%	0	0,0%	93	100%
Vestfirðir	4	31,1%	8	68,9%	0	0,0%	0	0,0%	11	100%
Norðurland vestra	0		0		0		0		0	
Norðurland eystra	98	96,3%	0	0,0%	4	3,7%	0	0,0%	102	100%
Austurland	15	59,6%	10	40,4%	0	0,0%	0	0,0%	24	100%
Suðurland	27	47,3%	31	52,7%	0	0,0%	0	0,0%	58	100%
Landið allt	1.677	44,7%	2.045	54,5%	31	0,8%	3	0,1%	3.755	100%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra.

Í töflu 42 má sjá yfirlit yfir viðtakendur sérstakra húsaleigubóta eftir tegund íbúða og landshlutum árið 2011. Upplýsingar í þessari töflu koma vel heim og saman við þær sem birtast í töflu 41 enda má segja að heildargreiðslur sveitarfélaga til sérstakra húsaleigubóta sé ákveðið fall af fjölda viðtakenda þeirra.

Tafla 43. Meðalgreiðsla sveitarfélaga á viðtakendur sérstakra húsaleigubóta í almennum og félagslegum íbúðum á ári eftir landshlutum árin 2010–2011

	Almennar íbúðir			Félagslegar íbúðir		
	2010	2011	% breyting 2010-2011	2010	2011	% breyting 2010-2011
Reykjavíkurborg	337	330	-2%	306	296	-3%
Höfuðsv. án Rvk.	221	226	3%	176	324	84%
Suðurnes	215	196	-9%	111	127	14%
Vesturland	300	294	-2%	207	197	-5%
Vestfirðir	192	195	1%	171	219	28%
Norðurland vestra						
Norðurland eystra	169	166	-2%	108		-100%
Austurland	261	245	-6%	202	231	15%
Suðurland	289	243	-16%	104	158	52%
Landið allt	282	277	-2%	299	289	-3%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra. Heildargreiðslur sveitarfélaga deilt á fjölda viðtakendur. Fjárhæðir í þús.kr. Greiðslur árið 2010 staðvirtar á verðlagi ársins 2011.

Tafla 43 sýnir meðalgreiðslu sveitarfélaga til sérstakra húsaleigubóta á hvern viðtakanda í almennum og félagslegum íbúðum eftir landshlutum árin 2010 og 2011. Meðalgreiðsla á viðtakanda í almennu húsnæði er hæst í Reykjavík eða 330 þúsund árið 2010 en hefur lækkað um 2% frá fyrra ári. Greiðslur sveitarfélaga vegna sérstakra húsaleigubóta í almennu húsnæði lækka í flestum landshlutum árið 2011 frá fyrra ári.

Sé litið til meðalgreiðslna til viðtakenda í félagslegum íbúðum sést að sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkurborgar greiða hæstu meðalgreiðslu eða 324 þús.kr. árið 2011 og hefur hátt í tvöfaldast frá fyrra ári. Á Norðurlandi eystra verður sú breyting að árið 2011 eru ekki greiddar sérstakar húsaleigubætur þar vegna félagslegs húsnæðis árið 2011.

Vert er að hafa í huga að sveitarfélögin setja sér sjálf eigin reglur um greiðslur sérstakra húsaleigubóta.

Í fylgiskjali 11 er að finna yfirlit yfir fjölda viðtakenda sérstakra húsaleigubóta eftir tegund íbúðar og sveitarfélagi árin 2010–2011.

Tafla 44. Meðalgreiðsla sveitarfélaga á viðtakendur sérstakra húsaleigubóta á námsgörðum/heimavistum og sambýlum á ári eftir landshlutum árin 2010–2011

	Námgarðar/heimavistir			Sambýli		
	2010	2011	% breyting 2010-2011	2010	2011	% breyting 2010-2011
Reykjavíkurborg						
Höfuðsv. án Rvk.	146	153	5%	36	110	205%
Suðurnes	52	103	98%			
Vesturland						
Vestfirðir						
Norðurland vestra						
Norðurland eystra	171	182	7%			
Austurland	340					
Suðurland						
Landið allt	127	134	6%	36	110	205%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra. Heildargreiðslur sveitarfélaga deilt á fjölda viðtakenda. Fjárhæðir í þús.kr.

Tafla 44 sýnir meðalgreiðslu sveitarfélaga til sérstakra húsaleigubóta á hvern viðtakanda á námsgörðum og sambýlum eftir landshlutum árin 2010 og 2011. Í öllum landshlutum þar sem greiddar eru sérstakar húsaleigubætur til þeirra er dvelja á heimavistum eða námsgörðum hækka greiðslur milli ára, mest á Suðurnesjum.

Það eru einungis nágrannasveitarfélög Reykjavíkur sem greiða sérstakar húsaleigubætur til þeirra er búa á sambýlum. Greiðslurnar ríflaga þrefaldast milli ára, fara úr 36 þús.kr. í 110 þús.kr.

Tafla 45. Skipting greiðslna sérstakra húsaleigubóta og fjöldi bótaþega eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga árið 2011

	Fj. svf.	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námgarðar/heima vist		Sambýli		Greiðslur svf. alls	
		Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild	Greiðsla	% af heild
≤ 500 íbúar	0	0		0		0		0		0	
501 - 1000	1	105	31,0%	234	69,0%	0	0,0%	0	0,0%	339	100%
1001 - 2000	3	783	62,0%	480	38,0%	0	0,0%	0	0,0%	1.263	100%
2001 - 5000	7	17.588	72,6%	6.633	27,4%	0	0,0%	0	0,0%	24.222	100%
5001 ≥	7	165.295	91,2%	11.453	6,3%	4.111	2,3%	329	0,2%	181.188	100%
Reykjavík	1	281.181	32,9%	573.148	67,1%	0	0,0%	0	0,0%	854.329	100%
Landið allt	19	464.847	43,8%	591.948	55,8%	4.111	0,4%	329	0,0%	1.061.341	100%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjárhæðir í þús.kr.

Ef sérstakar húsaleigubætur eru skoðaðar út frá stærð sveitarfélaga má, með einni undantekningu, segja að þær þekktist ekki í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða færri árið 2010.

Tafla 46. Fjöldi viðtakenda sérstakra húsaleigubóta að meðaltali eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga árið 2011

	Fj. svf.	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Námogarðar/heima vist		Sambyli		Greiðslur svf. alls	
		Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild	Fjöldi viðtakenda	% af heild
≤ 500 íbúar	0	0		0		0		0		0	
501 - 1000	1	0		1	100%	0		0		1	100%
1001 - 2000	3	4	60%	3	40%	0		0		7	100%
2001 - 5000	7	71	69%	31	31%	0		0		102	100%
5001 ≥	7	750	87%	76	9%	31	4%	3	0%	859	100%
Reykjavík	1	852	31%	1.934	69%	0		0		2.786	100%
Landið allt	19	1.677	45%	2.045	54%	31	1%	3	0%	3.755	100%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra. Heildargreiðslur sveitarfélaga deilt á fjölda viðtakenda árið 2011.

Í töflu 46 kemur fram fjöldi viðtakenda sérstakra húsaleigubóta og hlutfallsleg skipting þeirra eftir stærð sveitarfélaga árið 2011. Það eru helst meðalstór og stærri sveitarfélög sem greiða sérstakar húsaleigubætur.

Tafla 47. Meðalgreiðsla sveitarfélaga á viðtakendur sérstakra húsaleigubóta á ári eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga árið 2011

	Fj. svf.	Almennar íbúðir	Félagslegar íbúðir	Námogarðar /heimavistir	Sambyli	Samtals
≤ 500 íbúar	0					
501 - 1000	1	248	284			271
1001 - 2000	3	199	181			192
2001 - 5000	7	248	213			237
5001 ≥	7	220	150	134	110	211
Reykjavíkurborg	1	330	296			307
Landið allt	19	277	289	134	110	283

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fjöldi viðtakenda er byggður á fjölda í hverjum ársfjórðungi og fundið meðaltal þeirra. Heildargreiðslur sveitarfélaga deilt á fjölda viðtakendur árið 2011. Fjárhæðir í þús.kr.

Að lokum er fróðlegt að skoða greiðslu sveitarfélaga til sérstakra húsaleigubóta að meðaltali á hvern viðtakanda eftir tegund íbúða og stærð sveitarfélaga. Hún er hæst á viðtakanda í almennu húsnæði í Reykjavík eða 330 þúsund árið 2011. Meðalgreiðsla á viðtakanda í félagslegri íbúð er einnig hæst í Reykjavík eða 296 þúsund krónur.

Áréttað er að sveitarfélögin setja sér sjálf eigin reglur um greiðslur sérstakra húsaleigubóta.

3. MÁLEFNI BARNA

Markmið barnaverndarlaga nr. 80/2002 er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni eða þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Yfirstjórn barnaverndarmála er í höndum velferðarráðuneytis. Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun undir stjórn velferðarráðherra sem annast stjórnslu á því sviði sem löggin ná til.

Í árlegri skýrslu Barnaverndarstofu er að finna mikið af upplýsingum um starfsemi hennar og barnaverndarnefnda. Hér verður því aðeins komið inn á starf barnaverndarnefnda annars vegar og fjölda tilkynninga hins vegar til að fá nokkra hugmynd um umfang málaflokksins. Að öðru leyti er vísað á vef Barnaverndarstofu www.bvs.is en undir hnappnum Barnaverndarstofa er bæði hægt að ýta á hnappinn „Útgefið efni“ sem og „Tölulegar upplýsingar“ til að nálgast ýmsan fróðleik.

Samkvæmt mynd 1 renna 6% þess fjár sem veitt er til félagsþjónustu sveitarfélaga til þjónustu við börn og unglunga árið 2011. Árið 2010 var hlutfallið 10%.

Tafla 48. Rekstrarkostnaður vegna þjónustu við börn og unglunga 2009–2011

	Þjónustutekjur	%breyting frá fyrra ári	Rekstrarkostnaður	%breyting frá fyrra ári	Nettó útgjöld	%breyting frá fyrra ári
2009	-118.654		1.575.389		1.456.735	
2010	-133.699	13%	1.958.656	24%	1.824.957	25%
2011	-70.516	-47%	1.824.957	-7%	1.685.413	-8%
Breyting 09-11	48.138		249.568		228.678	
% breyting 09-11	-41%		16%		16%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Tölur í þús.kr. og staðvirt á verðlagi ársins 2011.

Í töflu 48 má sjá upplýsingar um rekstrarkostnað vegna þjónustu við börn og unglunga á tímabilinu 2009-2011. Á tímabilinu hafa þjónustutekjur dregist verulega saman eða um 41%. Rekstrarkostnaður hefur aukist um 16%. Sé þróunin skoðuð enn frekar má sjá að rekstrarkostnaður hækkaði um 24% árið 2010 frá fyrra ári en dregist svo saman um 7% árið 2011 frá fyrra ári.

3.1 Barnaverndarnefndir

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 skulu barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarfélaga. Lög heimila sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi að haga skipan barnaverndarmála með ýmsum hætti. Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal þó samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd ekki vera undir 1.500. Fyrir utan að skipa sérstaka barnaverndarnefnd er unnt að fela félagsmálanefnd framkvæmd barnaverndarlaga. Einnig er unnt að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum eða á héraðsgrundvelli. Barnaverndarnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og lúta eftirliti Barnaverndarstofu.

Við upphaf árs 2009 voru barnaverndarnefndir landsins 31, en 1. júní 2009 sameinuðust barnaverndarnefnd Grímseyjar og barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Barnaverndarnefndir landsins voru því 28 við lok árs 2011 en á því ári sameinuðust félagsmálanefnd Hveragerðis, barnaverndarnefnd Ölfushrepps og félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu í Velferðarnefnd Árnesþings. Þannig fækkaði barnaverndarnefndum árið 2011 um tvær frá fyrra ári. Nefndum hefur fækkað umtalsvert síðustu ár en árið 1996 voru þær 82. Langflest minni sveitarfélög hafa sameinast

öðrum um kosningu barnaverndarnefndar en velferðarráðuneytið fylgir því eftir að sveitarfélög uppfylli lagaskyldur sínar að þessu leyti.⁶

Tafla 49. Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsmenn árin 2007–2010 eftir stærð umdæmis

	2007			2008			2009				2010			
	Fjöldi nefnda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi nefnda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi nefnda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Meðalfjöldi stöðug. á nefnd	Fjöldi nefnda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Meðalfjöldi stöðug. á nefnd
0–999 íbúar	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1000–1999 íbúar	4	6	2,8	4	6	2,4	4	4	2,1	0,5	4	5	2,2	0,6
2000–2999 íbúar	4	5	2,9	4	6	2,4	4	7	3,15	0,8	4	6	3,55	0,9
3000–3999 íbúar	2	3	2	2	3	1,5	2	4	2,5	1,3	3	9	3,5	1,2
4000–4999 íbúar	7	20	8,7	7	20	7,45	9	23	9,65	1,1	8	23	9,45	1,2
5.000 > íbúar	13	76	64,5	13	79	63,4	11	78	63,05	5,7	11	78	65,05	5,9
Heildarfjöldi	31	110	80,9	31	114	77,15	30	116	80,45	2,7	30	121	83,75	2,8

Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008/2011. Skýring: Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugilda eru ónákvæmar. Ástæðan er sú að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfslið sinnir venjulega fleiri verkefnum en barnavernd. Hafa ber í huga að upplýsingar um stöðugildi byggjast stundum á áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.

Í töflu 49 kemur fram að árið 2009 er ekkert umdæmi barnaverndarnefndar á Íslandi með færri en 999 íbúa. Skýringin er sú að þá sameinaðist barnaverndarnefnd Grímseyjar barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Samkvæmt lögum skal íbúafjöldi umdæmi barnaverndarnefndar ekki vera undir 1.500. Árið 2010 var þó ein barnaverndarnefnd með færri en 1.500 íbúa í sínu umdæmi.

Fjöldi starfsmanna árið 2010 var 121 og hefur aukist um 10% frá árinu 2007. Að sönnu má segja að réttara sé að líta til fjölda stöðugilda, en þeim hefur lítið fjölgað eða um tæp 3 stöðugildi á sama tíma.

Í fylgiskjali 12 er að finna yfirlit yfir barnaverndarnefndir sveitarfélaga eftir sveitarfélögum árið 2010.

⁶ Barnaverndarstofa. *Ársskýrsla 2008 og 2009*. Bls. 56. Tekið af netinu 14.04.2011.

Tafla 50. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda barnaverndarnefnda árin 2009–2010 eftir landshlutum

	2009		2010		Breyting 2009 - 2010	
	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda
Reykjavíkurborg	29	28,304 ¹	31	30,3*	2	2,0
Höfuðbsv. án Rvk.	30	21,25	27	21,55	-3	0,3
Suðurnes	10	7,2	10	6,7	0	-0,5
Vesturland	8	4	7	3,75	-1	-0,25
Vestfirðir	6	2,2	4	1,5	-2	-0,7
Norðurland vestra	4	2,5	5	2,5	1	0
Norðurland eystra	11	6,4	14	7,2	3	0,8
Austurland	5	1,5	7	2,5	2	1
Suðurland	13	7,1	16	7,75	3	0,65
Landið allt	116	80,45	121	83,75	5	3,3

Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008–2011. Skýring: ¹ Stöðugildi voru 28,3 auk tveggja eftirlitsmanna í tveimur stöðugildum *Stöðugildi voru 30,3 auk tveggja eftirlitsmanna í 1,65 stöðugildum. Eftirlitsmennirnir voru ekki meðtaldir í tölum síðustu ára. Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugilda eru ónákvæmar. Ástæðan er sú að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfslíð sinnir venjulega fleiri verkefnum en barnavernd. Hafa ber í huga að upplýsingar um stöðugildi byggjast stundum á áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.

Á Norðurlandi eystra og Suðurlandi fjölga starfsmönnum um þrjá árið 2010 frá fyrra ári sem jafngildir 27 og 23% aukningu. Fjölgun stöðugilda nemur þó einungis 0,65 á Suðurland og 0,8 á Norðurlandi eystra. Athygli vekur að á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur fækkar starfsmönnum barnaverndarnefnda um þrjá, en stöðugildum einungis um 0,3.

Tafla 51. Fjöldi mála barnaverndarnefnda eftir landshlutum árin 2009 og 2010

	2009			2010			Breyting 2009-2010		
	Fjöldi mála	% barna í ungdæmi	Fjöldi mála / 1000 börn	Fjöldi mála	% barna í ungdæmi	Fjöldi mála / 1000 börn	Fjöldi mála	% barna í ungdæmi	Fjöldi mála / 1000 börn
Reykjavíkurborg	1.468	23,2	53,5	1.473	23,0	53,8	5	-0,2	0,3
Höfuðborgarsv. án Rvk.	990	27,1	44,2	1.061	27,2	46,8	71	0,1	2,6
Suðurnes	462	28,2	77	474	28,0	80,1	12	-0,2	3,1
Vesturland	163	26,7	39,7	133	26,3	32,9	-30	-0,4	-6,8
Vestfirðir	93	25,3	58,1	87	24,6	55,5	-6	-0,7	-2,6
Norðurland vestra	68	25,2	34	65	25,0	32,0	-3	-0,2	-2,0
Norðurland eystra	442	26,2	58,1	474	26,0	62,8	32	-0,2	4,7
Austurland	99	24,9	29	131	24,9	51,7	32	0,0	22,7
Suðurland	362	26,2	57	349	26,0	51,9	-13	-0,2	-5,1
Landið allt	4.147	25,4	51,4	4.247	25,3	52,8	100	-0,1	1,4

Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008–2011.

Í töflu 51 er að finna yfirlit yfir fjölda barnaverndarmála eftir landshlutum ásamt upplýsingum um hlutfall barna af íbúafjölda og fjölda mála á hver 1000 börn.

Á landsvísu hefur barnaverndarmálum fjölgað um 100 árið 2010 frá fyrra ári. Börnum sem hlutfalli af íbúafjölda hefur fækkað sem nemur 0,1 prósentustigi, og málum á hver 1.000 börn hefur fjölgað um 1,4.

Misjafnt er eftir landshlutum hvort málum til barnaverndarnefndar hefur fækkað eða fjölgað. Þeim fjölgar þó verulega á Austurlandi eða um rúm 22 mál á hver þúsund börn. Á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkurborgar fjölgar málum um 71 milli ára, en um 2,6 á hver 1.000 börn.

Tafla 52. Fjöldi mála barnaverndarnefnda eftir stærð umdæma þeirra árin 2009 og 2010

	2009				2010				Breyting 2009-2010			
	Fjöldi mála	Fjöldi íbúa alls	% barna í umdæmi	Fjöldi mála / 1000 börn	Fjöldi mála	Fjöldi íbúa alls	% barna í umdæmi	Fjöldi mála / 1000 börn	Fjöldi mála	Fjöldi íbúa alls	% barna í umdæmi	Fjöldi mála / 1000 börn
1.500 eða færri	8	1.234	24,3	26,6	7	1.196	23,3	25,1	-1	-38	-1,0	-1,5
1.501 - 5.000	759	63.117	25,8	46,5	738	62.598	25,5	46,3	-21	-519	-0,3	-0,2
5.001 - 15.000	957	58.728	27,1	60,1	906	58.769	27,1	56,9	-51	41	0,0	-3,2
15.001 - 35.000	955	76.225	27,1	46,3	1.123	76.991	27,1	53,8	168	766	0,0	7,5
Reykjavík	1.468	118.326	23,2	53,5	1.473	118.898	23,0	53,8	5	572	-0,2	0,3
Landið allt	4.147	317.630	25,4	51,4	4.247	318.452	25,3	52,8	100	822	-0,1	1,4

Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008-2011.

Í töflu 52 kemur fram yfirlit yfir fjölda barnaverndarmála eftir stærð umdæmis barnaverndarnefnda. Málum fjölgar til þeirra barnaverndarnefnda er hafa fjölmennari umdæmi. Barnaverndarmálum fækkar hins vegar þar sem umdæmi nefnda eru með 15.000 íbúa eða færri.

3.2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda

IV. kafli barnaverndarlaga snýr að tilkynningaskyldu við barnaverndaryfirvöld, en hún nær til almennings, lögreglu og allra þeirra sem afskipti hafa af börnum. Hér á eftir er tæpt á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda, ástæður þeirra og hverjir tilkynna.

Tafla 53. Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda árin 2008–2011 eftir barnaverndarnefndum

Barnaverndarnefndir:	2008		2009		2010		2011		2008 - 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Breyting	% breyting
Reykjavíkurborg	3.814	46,3	4.332	46,3	4.246	45,9	4.170	47,9	356	9%
Seltjarnarnes	87	1,1	84	0,9	48	0,5	51	0,6	-36	-41%
Kópavogur	641	7,8	762	8,1	835	9,0	810	9,3	169	26%
Garðabær	120	1,5	158	1,7	129	1,4	109	1,3	-11	-9%
Hafnarfjörður	536	6,5	690	7,4	725	7,8	841	9,7	305	57%
Álftanes	53	0,6	99	1,1	103	1,1	76	0,9	23	43%
Mosfellsbær	313	3,8	379	4,1	249	2,7	207	2,4	-106	-34%
Reykjanesbær	585	7,1	612	6,5	582	6,3	417	4,8	-168	-29%
Grindavík	56	0,7	112	1,2	141	1,5	106	1,2	50	89%
Sandgerði, Garður og Vogar	226	2,7	236	2,5	279	3,0	190	2,2	-36	-16%
Akranes	164	2,0	149	1,6	109	1,2	117	1,3	-47	-29%
Borgarfjarðar og Dala	24	0,3	57	0,6	33	0,4	44	0,5	20	83%
Snæfellinga	41	0,5	43	0,5	29	0,3	17	0,2	-24	-59%
Norðanverðir Vestfirðir	186	2,3	139	1,5	172	1,9	147	1,7	-39	-21%
Vesturbyggð og Tálknafjörður	21	0,3	16	0,2	20	0,2	11	0,1	-10	-48%
Húnaþing vestra	20	0,2	33	0,4	35	0,4	35	0,4	15	75%
Austur Húnavatnssýsla	18	0,2	34	0,4	80	0,9	68	0,8	50	278%
Skagafjörður	27	0,3	67	0,7	50	0,5	35	0,4	8	30%
Útey - Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð	86	1,0	87	0,9	100	1,1	85	1,0	-1	-1%
Eyjafjörður	329	4,0	413	4,4	390	4,2	336	3,9	7	2%
Þingeyingar	87	1,1	138	1,5	91	1,0	75	0,9	-12	-14%
Fljótsdalshérað	92	1,1	90	1,0	76	0,8	77	0,9	-15	-16%
Fjarðabyggð	102	1,2	66	0,7	95	1,0	77	0,9	-25	-25%
Hornafjörður	34	0,4	39	0,4	43	0,5	46	0,5	12	35%
Árborg	157	1,9	172	1,8	186	2,0	204	2,3	47	30%
Uppsveitir Árnassýslu	56	0,7	41	0,4	23	0,2	43	0,5	-13	-23%
Hveragerði	29	0,4	49	0,5	42	0,5	36	0,4	7	24%
Ölfus	14	0,2	8	0,1	10	0,1	13	0,1	-1	-7%
Rangárv.- og V-Skaftafellss.	65	0,8	50	0,5	61	0,7	51	0,6	-14	-22%
Vestmannaeyjar	258	3,1	198	2,1	277	3,0	214	2,5	-44	-17%
Samtals	8.241	100	9.353	100	9.259	100	8.708	100	467	6%

Heimild: Barnaverndarstofa. Ársskýrsla 2008-2011. Skýring: Í ágúst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnassýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árnasþings.

Á tímabilinu 2008–2011 fjölgaði tilkynningum til barnaverndarnefnda á landinu um 467 eða 6%. Það er þó misjafnt eftir nefndum hver þróunin var. Sé litið til fjölda þá fjölgar þeim mest í Reykjavík eða um 356, en hlutfallsleg aukning er 9%. Hlutfallsleg aukning er mest hjá barnaverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu en þar tæplega fjórfaldast fjöldi tilkynninga. Þá verður meira en tvöföldun á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefndar Grindavíkur á tímabilinu. Heimildir eru skýrslur Barnaverndarstofu.⁷

Tilkynningum fjölgaði þó ekki alls staðar. Í Mosfellsbæ fækkaði tilkynningum um 58 á tímabilinu eða um 20%. Hlutfallslega fækkar þeim mest á Seltjarnarnesi en þar fækkar þeim um 53%.

Rétt er að taka það fram að í þessum kafla er rætt um fjölda tilkynninga en ekki fjölda barna sem tilkynnt er um.

Tafla 54. Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda árin 2008–2010 eftir landshlutum

	2008		2009		2010		2011		2008 - 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Breyting	% breyting
Reykjavíkurborg	3.814	46,3	4.332	46,3	4.246	45,9	4.170	47,9	356	9%
Höfuðborgarsv án Rvk	1.750	21,2	2.172	23,2	2.089	22,6	2.094	24,0	344	20%
Suðurnes	867	10,5	960	10,3	1.002	10,8	713	8,2	-154	-18%
Vesturland	229	2,8	249	2,7	171	1,8	178	2,0	-51	-22%
Vestfirðir	207	2,5	155	1,7	192	2,1	158	1,8	-49	-24%
Norðurland vestra	65	0,8	134	1,4	165	1,8	138	1,6	73	112%
Norðurland eystra	594	7,2	728	7,8	657	7,1	573	6,6	-21	-4%
Austurland	293	3,6	277	3,0	324	3,5	327	3,8	34	12%
Suðurland	422	5,1	346	3,7	413	4,5	357	4,1	-65	-15%
Landið allt	8.241	100,0	9.353	100,0	9.259	100,0	8.708	100,0	467	6%

Heimild: Barnaverndarstofa; Ársskýrsla 2008-2011 og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 54 sýnir þróun fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á árunum 2008–2011 eftir landshlutum. Byggt er á þeim upplýsingum sem fram koma í töflu 53. Hlutfallsleg fjölgun er langmest á Norðurlandi vestra, en þar ríflega tvöfaldast fjöldi tilkynninga á tímabilinu. Tilkynningum fækkar hins vegar um 24% á Vesturlandi á sama tíma.

⁷ Allar tölur frá árunum 2006–2008 eru fengnar úr skýrslunni „Ársskýrsla 2008/2009“. Nýrri tölur frá árunum 2009–2010 um tilkynningar eru fengnar úr skýrslunni „Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2009 og 2010“.

Tafla 55. Ástæður tilkynninga til barnaverndarnefnda árin 2006–2011

	2006		2008		2010		2011		2006- 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Breyting	% breyting
Tilkynningar v. vanrækslu										
Likamleg vanræksla	95	1,4	106	1,3	147	1,6	157	1,8	62	65%
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.721	25	1.972	24	2.387	25,9	2.348	27,0	627	36%
*Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu				8,7	670	7,3	681	7,8		
Vanræksla varðandi nám	42	0,6	97	1,2	98	1,1	116	1,3	74	176%
Tilfinningaleg vanræksla	184	2,7	263	3,2	250	2,7	193	2,2	9	5%
Vanræksla alls	2.006	29,1	2.392	29	2.818	30,5	2.742	31,5	736	37%
Tilkynningar v. ofbeldis										
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	374	5,4	571	6,9	1.068	11,6	1.106	12,7	732	196%
*þar af heimilisofbeldi				3	370	4	445	5,1		
Likamlegt ofbeldi	417	6	480	5,8	525	5,7	465	5,3	48	12%
Kynferðislegt ofbeldi	340	4,9	479	5,8	430	4,7	470	5,4	130	38%
Ofbeldi alls	1.127	16,3	1.526	18,5	1.995	21,6	2.025	23,3	898	80%
Tilkynningar v. áhættuhegðunar										
Neysla barns á vímuefnum	790	11,5	603	7,3	836	9,1	740	8,5	-50	-6%
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.048	15,2	1.037	12,6	919	10	948	10,9	-100	-10%
Afbrot barns	1.496	21,7	2.043	24,8	1.943	21	1.604	18,4	108	7%
Barn beitir ofbeldi	244	3,5	373	4,5	511	5,5	445	5,1	201	82%
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	233	3,4	243	2,9	204	2,2	189	2,2	-44	-19%
Áhættuhegðun alls	3.725	54	4.276	51,9	4.366	47,3	3.866	44,4	141	4%
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	35	0,5	47	0,6	54	0,6	75	0,9	40	114%
Tilkynningar alls	6.893	100	8.241	100	9.233	100	8.708	100	1.815	26%
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu?	*		*		173					

Heimild: Barnaverndarstofa Ársskýrsla 2008-2011. Skýring: Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Fyrst var spurt um áfengis- og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009.

*Gögn ekki aðgengileg.

Í töflu 55 er yfirlit yfir tíðni tilkynninga eftir ástæðum þeirra. Ástæður tilkynninga eru hér ferns konar; vegna vanrækslu, ofbeldis, áhættuhegðunar og að lokum ef heilsa og líf ófædds barns er í hættu.

Árið 2011 eru flestar tilkynningar vegna áhættuhegðunar, eða rúm 44% þeirra. Tilkynningum vegna áhættuhegðunar fjölgaði um 141 eða um 4% á tímabilinu. Það vekur athygli að tilkynningum vegna áhættuhegðunar fækkar um ríflega 500 árið 2011 miðað við fyrra ár eða 11%.


Árið 2011 voru tilkynningar vegna vanrækslu um 32% allra tilkynninga og fjölgaði þeim um 736 frá árinu 2006 sem samsvarar 37% fjölgun.

Um 23% allra tilkynninga voru vegna ofbeldis árið 2011, og hafði þá fjölgað um tæp 900 á tímabilinu eða heil 80%. Sé litið til undirflokkunar þá sést að mjög mikil aukning varð á tilfinningalegu eða sálrænu ofbeldi á tímabilinu, en fjöldi tilkynninga af þeim toga þrefaldaðist á sama tíma.

Tilkynningar á grundvelli þess að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu voru 75 árið 2011 eða 0,9%. Fjöldi tilkynninga af þessum toga hafa ríflega tvöfaldast á tímabilinu.

Í heildina fjölgar tilkynningum til barnaverndarnefnda um 1.815 á árunum 2006–2011 eða um 26%.


Mynd 28. Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda 2006-2011 og hlutfallsleg þróun frá fyrra ári



Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008-2011 og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Myndin hér fyrir ofan gefur glögga mynd af þróun fjölda tilkynninga á tímabilinu 2006-2011. Veruleg aukning verður á tilkynningum til barnaverndarnefnda árið 2007 þegar þeim fjölgar um 22% miðað við árið á undan. Þeim fækkar örlítið 2008 en fjölgar talsvert árið 2009 eða um 13%. Síðastliðin tvö ár hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkað sé tillit tekið til fyrra árs.

Mynd 29. Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda 2006–2011 eftir flokkun tilkynninga



Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008-2011 og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Myndin hér fyrir ofan gefur yfirlit yfir fjölda tilkynninga eftir flokkun þeirra. Tilkynningar vegna áhættuhegðunar eru fjölmennastar á öllu tímabilinu, og þá tilkynningar vegna vanrækslu. Tilkynningar vegna vanrækslu fjölga verulega árið 2009 miðað við fyrra ár eða um 35%. Tilkynningum í þessum flokki hefur þó fækkað síðastliðin tvö ár.

Þá er það áhyggjuefni að tilkynningum vegna ofbeldis fjölga ískyggilega á tímabilinu eða um 80%.

Tafla 56. Hver tilkynnir til barnaverndarnefndar árin 2006, 2008, 2010 og 2011

Tilkynnendur:	2006		2008		2010		2011		2006 - 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Breyting	% breyting
Lögregla	3.240	54,4	4.959	58,9	4599	49,8	4.250	48,8	1.010	31%
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	583	9,8	641	7,6	902	9,8	871	10,0	288	49%
Leikskóli/gæsluforeldri	85	1,4	106	1,3	133	1,4	148	1,7	63	74%
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	388	6,5	553	6,6	629	6,8	586	6,7	198	51%
Önnur barnaverndarnefnd	149	2,5	181	2,2	178	1,9	183	2,1	34	23%
Þjónustumiðstöð /starfsm.félagsþjónustu	125	2,1	157	1,9	177	1,9	205	2,4	80	64%
Opinberir aðilar samtals	4.570	76,7	6.597	78,4	6.618	71,7	6.243	71,7	1.673	37%
Barnið sjálft	38	0,6	33	0,4	52	0,6	59	0,7	21	55%
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	241	4	345	4,1	413	4,5	454	5,2	213	88%
Nágrannar	263	4,4	547	6,5	674	7,3	667	7,7	404	154%
Foreldrar barns	494	8,3	605	7,2	893	9,7	819	9,4	325	66%
Aðrir en opinberir aðilar samtals	1.036	17,4	1.530	18,2	2.032	22,0	1.999	23,0	963	93%
Aðrir ótilgreindir	346	5,8	290	3,4	580	6,3	466	5,4	120	35%
Samtals	5.952	100	8.417	100	9.233	100	8.680	100	2.756	46%


Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008-2011. Skýring: Fleiri en ein tilkynning getur hafa borist um sama barn.

Í töflu 56 er yfirlit yfir hverjir senda tilkynningu til barnaverndarnefndar. Langalgengast er að tilkynning berist frá lögreglu. Árið 2011 kemur nær helmingur tilkynninga frá lögreglu. Næst algengustu tilkynnendur eru skóli, sérfræðiþjónusta eða skólaskrifstofa eða í 10% tilvika og þá foreldrar barns í 9,4% tilvika árið 2011.

Samkvæmt 16. grein barnaverndarlaga er hverjum þeim, sem ástæðu hefur til að ætla að barn búi við óvinunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd. Sérstaklega er kveðið á um tilkynningaskyldu lögreglu í 18. grein og þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna í 17. grein barnaverndarlaga.

Á tímabilinu hefur orðið mikil hlutfallsleg aukning á tilkynningum frá nágrönnum en fjöldi þeirra hefur ríflega tvöfaldast. Mögulega má rekja það til aukinnar vitundar í samfélaginu um tilkynningarskyldu almennings.


Mynd 30. Hlutfallsleg skipting tilkynninga eftir tilkynnenda 2006–2011



Heimild: Barnaverndarstofa, Ársskýrsla 2008-2011 og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Fleiri en ein tilkynning getur hafa borist um sama barn.

Mynd 30 sýnir grófa hlutfallslega skiptingu tilkynninga eftir tilkynnendum á tímabilinu 2006–2011 þar sem greint er á milli opinberra aðila, annarra en opinberra aðila og þá þeirra sem eru ótilgreindir. Langflestir tilkynningar koma frá opinberum aðilum; lögreglu, leik- eða grunnskóla, sérfræðiþjónustu, lækni og félagsmálayfirvöldum. Árið 2011 koma tæplega 72% tilkynninga úr þeim hópi og hefur fækkað um fimm prósentustig frá 2006.


Mynd 31. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun í fjölda tilkynninga frá opinberum aðilum 2006–2011



Heimild: Barnaverndarstofa. Ársskýrsla 2008–2011, og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 31 sýnir þá uppsöfnuðu hlutfallslegu þróun sem verður á tímabilinu 2006–2011 meðal tilkynninga frá opinberum aðilum eftir uppruna þeirra. Árið 2009 varð veruleg hlutfallsleg fjölgun tilkynninga frá leikskóla/gæsluforeldri frá fyrra ári.

Mynd 32. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun fjölda tilkynninga frá öðrum en opinberum aðilum 2006–2011



Heimild: Barnaverndarstofa. Ársskýrsla 2008–2011, og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hér að ofan birtist þróun fjölda tilkynninga frá öðrum en opinberum aðilum á tímabilinu 2006–2011. Mjög mikil aukning verður í tilkynningum frá nágrönnum árið 2008 og heldur sú þróun nokkuð jafnt út tímabilið.

4. ÝMIS FÉLAGSÞJÓNUSTA

Á þennan lið fellur til kostnaður vegna aðstoðar við áfengissjúka og vímugjafavarnir samkvæmt XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og kostnað af jafnréttismálum samanber lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

Forvarnir í áfengis- og vímugjafarmálum er eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga, en félagsmálanefndir skulu stuðla að slíkum forvörnum í samstarfi við viðeigandi aðila. Félagsmálanefndum ber einnig að hlutast til um að þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð, og í framhaldinu stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

Samkvæmt 12. grein laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu sveitarstjórnir, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kynjanna og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Þá skal hver jafnréttisnefnd hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Samkvæmt mynd 1 rennur 3% þess fjár sem veitt er til félagsþjónustu sveitarfélaga á lið sem heitir „ýmis félagsþjónusta“.

5. ÝMIS LÖGBUNDIN FRAMLÖG

Samkvæmt mynd 1.1.1 rennur innan við 1% þess fjár sem veitt er til félagsþjónustu sveitarfélaga á lið sem heitir „ýmis lögbundin framlög“. Þessi lögbundnu framlög eru framlög til Orlofsjóðs húsmæðra samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972 og til Varasjóðs húsnæðislána samkvæmt X. kafla laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

5.1 Orlofsnefndir húsmæðra

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972 skiptir Kvenfélagasamband Íslands landinu í orlofssvæði. Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof.

Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð, sem nemi minnst kr. 100 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísitölu framfærslukostnaðar og miðast við vísitöluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí.

Árið 2010 er kostnaður sveitarfélaga vegna orlofsnefnda húsmæðra 24,7 milljónir króna (nettó) samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur um langt skeið barist fyrir brottfalli laganna. Í því erfiða rekstrarumhverfi sem sveitarfélögin glíma nú við er lögð rík áhersla á að skerða ekki grunnþjónustu en hætta eða draga úr stuðningi við önnur verkefni. Ljóst er að orlof húsmæðra telst ekki til grunnþjónustu sveitarfélaga í þeirri mynd sem það er nú framkvæmt. Er það því eindreginn vilji margra sveitarstjórna að lög nr. 53/1972 um orlof húsmæðra verði afnumin til að þau geti varið þeim fjármunum sem þeim er samkvæmt lögum skylt að greiða til þessa verkefnis í önnur og brýnni verkefni.

5.2 Varasjóður húsnæðismála

Í X. kafla laga um húsnæðismál nr. 44/1998 er lögð sú skylda á herðar sveitarfélaga að starfrækja sérstakan varasjóð húsnæðismála sem skal vera í eigu og á ábyrgð þeirra. Varasjóður húsnæðismála er sjálfstæð rekstrareining en félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og setur honum reglur samkvæmt lögum þessum.

Yfir sjóðnum er skipuð 5 manna ráðgjafarnefnd til 4 ára í senn. Hlutverk hennar er margþætt.

Meðal annars skal hún veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma.

Þá skal hún veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum á almennum markaði í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er hærra en markaðsverð íbúðanna.

Í lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 voru þau nýmæli að leyfilegt var að veita viðbótarlán til fasteignakaupa. Markmið viðbótarlána samkvæmt frumvarpinu var að koma í stað lána vegna félagslegra eignaríbúða og skyldu þau veitt þeim sem bjuggu við erfiðar aðstæður. Markmiðið var jafnframt að breyta áhrifum og ábyrgð sveitarfélaga og húsnæðisnefnda sveitarfélaga hvað félagslegt húsnæði og lánveitingar varðar. Í X. kafla sömu laga kemur fram sú skylda sveitarfélaga að starfrækja sérstakan varasjóð til að mæta hugsanlegu útlánatapi vegna viðbótarlánanna. Þessi varasjóður viðbótarlána var í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Viðbótarlánin voru aflögð í lok árs 2004. Þar með var Varasjóður viðbótarlána felldur inn í Varasjóð húsnæðismála, og tók sá síðarnefndi við öllum eignum, réttindum og skyldum eldri varasjóðs samkvæmt lögum.

Árið 2010 er rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna varasjóðs húsnæðislána 26,3 milljónir króna (nettó) samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga.

6. INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Samkvæmt 53. grein barnalaga nr. 76/2003 er foreldrum skylt báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns. Framfærsluskyldan er enn til staðar þó foreldrar skilji og annað búi ekki lengur með barni sínu. Ef foreldrar barns búa ekki saman er því foreldri sem ekki býr með barninu, skylt að greiða hinu meðlag.

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar.

Þar sem þessar greiðslur fara í gegnum Innheimtustofnun sveitarfélaga og að hluta Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þá birtast þær ekki í bókhaldi sveitarfélaganna sjálfra.

Tafla 57. Greiðslur til Tryggingastofnunar árin 2002–2011

	Meðlagskröfur - Tryggingastofnun	Innheimt af Innheimtustofnun	Innheimtu- hlutfall	Greiðsluþátttaka Jöfnunarsjóðs svf	% greiðslna frá Jöfnunarsjóði
2002	2.589.974	1.874.999	72,4%	714.974	27,6%
2003	2.675.992	1.950.343	72,9%	725.649	27,1%
2004	2.702.317	2.058.028	76,2%	644.290	23,8%
2005	2.797.694	2.256.145	80,6%	541.549	19,4%
2006	2.865.701	2.382.000	83,1%	483.701	16,9%
2007	2.987.266	2.387.856	79,9%	599.409	20,1%
2008	3.142.429	2.359.482	75,1%	782.947	24,9%
2009	3.415.516	2.313.363	67,7%	1.102.152	32,3%
2010	3.314.317	2.303.358	69,5%	1.010.960	30,5%
2011	3.398.246	2.485.713	73,1%	912.533	26,9%

Heimild: Innheimtustofnun sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skýring: Á verðlagi hvers árs. Tölur eru í þús.kr.

Í töflu 57 er að finna yfirlit yfir hvernig greiðslur til Tryggingastofnunar skiptast á milli Innheimtustofnunar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Eins og áður segir ber Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að greiða það sem á vantar til þess að tekjur Innheimtustofnunar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar ríkisins vegna greiddra meðlaga.

Í skýrslu um heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skoðaði viðkomandi starfshópur meðal annars bundin framlög sjóðsins til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í skýrslunni er bent á að fjárþörf Innheimtustofnunar sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur farið mjög vaxandi á undanförunum árum.

Á sama tíma og lögbundin framlög frá ríki í sjóðinn dragast saman og ráðstöfunarfé hans minnkar, verða vanskil við stofnunina meiri og fjárþörf hennar úr jöfnunarsjóði eykst. Fyrirkomulag á greiðslum framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er þannig háttað að fjárhæðin sem greidd er árlega í útgjaldajöfnunarframlög er sú fjárhæð sem eftir er í sjóðnum þegar sjóðurinn er búinn að inna af hendi önnur framlög. Útgjaldajöfnunarframlög renna til þeirra sveitarfélaga sem búa við þær landfræðilegar eða lýðfræðilegar aðstæður að rekstur þeirra er hlutfallslega dýrari en annarra sveitarfélaga. Sem dæmi um slíkar aðstæður sem gera reksturinn kostnaðarsamari er hátt hlutfall

barna og unglunga eða aldraðra í sveitarfélaginu. Útgjaldajöfnunarframlagið er ætlað til að mæta þessum kostnaðarauka. Því má til sanns vegar færa að miðað við núverandi fyrirkomulag hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þá standa þau sveitarfélög sem fá útgjaldajöfnunarframlög undir sívaxandi þörf Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir framlög úr jöfnunarsjóðnum þar sem framlag til þeirra lækkar að sama skapi.

Að tilstuðlan starfshópsins hefur verið skipaður vinnuhópur til að fara ofan í málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Er það mat starfshópsins að eðlilegt væri að verkefni stofnunarinnar verði færð til ríkisins þar sem þau verði sameinuð öðrum innheimtugerfum ríkissjóðs.⁸

Í september 2012 var settur á fót starfshópur um sameiningu Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins sem hefur það hlutverk að vinna að frekari greiningu á kostum og göllum þess að leggja niður Innheimtustofnun sveitarfélaga í núverandi mynd og færa verkefni hennar til Tryggingarstofnunar ríkisins. Áætlað er að starfshópurinn skili tillögum vorið 2013.

⁸ Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. „Heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.“ Maí 2010. Bls. 41. Sótt á vef ráðuneytisins þann 06.05.2011. http://www.samband.is/media/stjornsysla-sveitarfelaga/Skyrsla_endurskodun-Jofnunarjods.pdf

7. HELSTU ÞÆTTIR Í FÉLAGSPJÓNUSTUSTARFI SAMBANDSINS

Félagsþjónustunefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samkvæmt stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2009–2010 var sett á laggirnar sérstök ráðgefandi nefnd á sviði félagsþjónustu fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins á síðari hluta árs 2009. Nafn nefndarinnar er félagsþjónustunefnd en hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

Meðal verkefna nefndarinnar er að gera tillögur um áherslur og stefnumótun sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu, svo sem í málefnum fatlaðra og aldraðra, barnaverndarmálum, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsnæðismálum. Hún skal gefa álit um lagafrumvörp og reglugerðir að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins. Auk þess er mikilvægt hlutverk nefndarinnar að vekja athygli á málum innan félagsþjónustunnar sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins, sem og á þróun og breytingum, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um til sveitarfélaganna.

Félagsþjónustunefnd sambandsins fundaði fimm sinnum á árinu og tók virkan þátt í framfylgd tilfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna ásamt mörgum öðrum verkefnum. Á vettvangi nefndarinnar hefur m.a. verið fjallað um vandamál sem komið hafa upp í tengslum við verkefnatilfærsluna og leiðir til þess að samþætta þjónustu við fatlað fólk annarri þjónustu sveitarfélaga.

Í nefndinni eiga sæti: Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölskyldudeildar Akureyrarkaupstaðar, Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri Kópavogsbæjar og Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga. Félagsþjónustunefnd sambandsins fundar reglulega en allar fundargerðir nefndarinnar eru birtar á upplýsingavef sambandsins undir tenglinum „félagsþjónusta“. Slóðin er

<http://www.samband.is/verkefnin/felagsthjonusta/felagsthjonustunefnd/>.

Starfsmaður félagsþjónustunefndar og tengiliður sambandsins við félagsþjónustuskrifstofur landsins er Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrú sambandsins.

Félagsþjónustufulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sumarið 2010 var ráðinn sérfræðingur til sambandsins á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsþjónustufulltrúanum er ætlað að vinna að málefna- og stefnumótunarvinnu á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga. Með félagsþjónustu er átt við verkefni sveitarfélaga skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum. Félagsþjónustufulltrúi skal vera faglegur ráðgjafi og hafa umsjón með yfirfærslu um málefni fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, sem hefur verið stærsta verkefnið á árinu. Félagsþjónustufulltrúi skal hafa umsjón með starfi félagsþjónustunefndar sambandsins, vinna að undirbúningi fyrir stefnumótun sambandsins í félagsþjónustumálum og hafa umsjón með framkvæmd hennar. Lögð er áhersla á að miðla upplýsingum til sveitarfélaga um nýjungar og þróun í félagsþjónustu bæði innanlands og erlendis, einkum í gegnum heimasíðu sambandsins og með skrifum í Sveitarstjórnarmál. Sérfræðingurinn skal hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd viðburða sambandsins á sviði félagsþjónustu, í samvinnu við rekstrar- og útgáfusvið, svo sem málþing, ráðstefnur og námskeið. Einnig skal viðkomandi hafa umsjón með erlendu samstarfi sambandsins á sviði félagsþjónustu og vera faglegur ráðgjafi í félagsþjónustumálum fyrir önnur svið sambandsins. Félagsþjónustufulltrúi skal hafa eftirlit og yfirsýn yfir starf nefnda, sem sambandið á aðild að á sviði félagsþjónustumála, og

miðlun upplýsinga um nefndastarf. Taka þátt í nefndastarfi á sviði félagsþjónustumála skv. ákvörðun yfirstjórnar sambandsins og vera tengiliður við starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga, Samtök félagsmálastjóra og aðra samstarfsaðila. Auk þess að hafa umsjón með námskeiðahaldi til að auka þekkingu íslenskra sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu.

Félagsþjónusta og velferðarmál

Samstarf við félagsmálastjóra sveitarfélaga hefur verið með miklum ágætum og hefur sambandið m.a. staðið fyrir samráðsfundum með stjórn Samtaka félagsmálastjóra á Íslandi og tekið þátt í ráðstefnum og fundum samtakanna. Hafa sérfræðingar sambandsins haldið erindi á vor- og haustþingum samtakanna um helstu mál sem hafa verið á döfnni á vettvangi sambandsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út [bækling um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga](#), en sveitarfélögum er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Markmiðið með gerð bæklingins er að starfsfólk sveitarfélaga geti notað hann til þess að auðvelda notendum þjónustunnar að fá, á aðgengilegan hátt, upplýsingar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Málefni atvinnulausra

Málefni atvinnulausra, aukin útgjöld sveitarfélaga vegna fjölgunar þeirra sem þurfa fjárhagsaðstoð, og aukið álag á félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið í forgrunni í starfsemi sambandsins undanfarin misseri. Af hálfu ríkisins var tekin ákvörðun um að leggja ekki til framlengingu bráðbirgðaákvæðis um rétt til atvinnuleysisbóta í fjögur ár og fellur sú lenging því úr gildi í lok árs 2012. Því er fyrirsjáanlegt að á tímabilinu 1. september 2012 til 31. desember 2013 hafi 3.700 manns fullnýtt bótarétt sinn. Til viðbótar sýnir könnun, sem gerð var á vegum sambandsins og kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í september sl., að um 1.500 manns fái nú þegar fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum vegna þess að þeir eru án atvinnu og eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Sambandið hefur tekið þátt í sameiginlegum viðræðum fulltrúa velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, SA, ASÍ o.fl. til að finna leiðir til að bregðast við þessari þróun svo tryggja megi annars vegar að allur þessi fjöldi fólks fái tilboð um virkniúrræði, s.s. í formi starfatilboða eða úrræða á vegum VIRK, og hins vegar að útgjöld sveitarfélaga til framfærslu stórauðist ekki á næsta ári eins og fyrirsjáanlegt er ef ekkert verður að gert.

Um miðjan desember 2012 var undirritað samkomulag um atvinnuátakið Virkni til vinnu. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að sveitarfélög skapi að lágmarki 660 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (30%) á tímabilinu, ríki 220 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (10%) og almenni vinnumarkaðurinn 1.320 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (60%). Vinnumálastofnun mun gera samkomulag við sveitarfélög um þátttöku þeirra í verkefninu.

Sambandið hefur m.a. lagt áherslu á að þeir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum þurfi að eiga möguleika á þátttöku í starfsendurhæfingar- og vinnumarkaðsúrræðum sem Vinnumálastofnun býður. Samhliða ráðningum sveitarfélagsins á atvinnuleitendum innan Vinna og virkni 2013 hefur verið samið um að þeim einstaklingum sem njóta framfærslu sveitarfélaga, en eru vinnufærir og í virkri atvinnuleit og teljast því til hóps atvinnuleitenda, verði boðin ráðgjöf og greiningarviðtöl hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar eða Starfi. Miðað er við að Vinnumálastofnun hefji þessa þjónustu sem fyrst á árinu 2013 en þó eigi síðar en í september. Jafnframt var samið um nýtt samstarf um þjónustu við ungt fólk á aldrinum 16–25 ára sem nýtur fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og að í því sambandi verði skoðuð aðkoma fleiri sveitarfélaga að Atvinnutorgunum á árinu 2013. Einnig hefur verið komið á markvissu og styrku samstarfi Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga og VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs, um ráðgjöf og þjónustu við þá sem þurfa á atvinnutengdri starfsendurhæfingu að halda og teljast tryggðir samkvæmt 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, sbr. einnig

9. gr. laganna, enda uppfylli þeir skilyrði laganna að öðru leyti til að eiga rétt til þjónustu starfsendurhæfingarsjóða.

Skilyrðing fjárhagsaðstoðar

Sambandið hefur einnig, í samvinnu við Samtök félagsmálastjóra kallað eftir breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með það að markmiði að félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Unnið hefur verið að framgangi þessara lagabreytinga í tengslum við átakið Vinna og virkni – átak til atvinnu 2013. Boðað hefur verið að væntanlegt lagafrumvarp muni styrkja lagagrundvöllinn undir heimildir sveitarfélaga til þess að meta vinnufærni og horfa til þátttöku í virkniurræðum, þ.m.t. námskeiðum þegar ákvarðanir eru teknar um veitingu fjárhagsaðstoðar. Lögð er rík áhersla á að unnið skuli að slíku mati í samráði við umsækjanda um fjárhagsaðstoð. Af hálfu sambandsins er gengið út frá því að skilyrði, sem tiltekin verða í reglum sveitarfélags, geti annaðhvort varðað viðbót við grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar eða skerðingu á henni.

Breytt verkaskipting á sviði barnaverndarmála, gjaldtaka fyrir vistunarúrræði og samræmd gjaldskrá fyrir fósturúrræði

Þá hafa staðið yfir viðræður um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði barnaverndarmála, gjaldtöku fyrir vistunarúrræði og samræmda gjaldskrá fyrir fósturúrræði. Viðræður hófust fyrri hluta árs en fljótlega lá ljóst fyrir að ekki myndi takast að ná ásættanlegri niðurstöðu á grundvelli fyrirliggjandi fjárheimilda. Var því ákveðið að fara fram á að gildistöku fyrirhugaðra breytinga yrði frestað um eitt ár, en við upphaf þings í september 2012 var lagt fram frumvarp þess efnis. Þetta frumvarp er nú orðið að lögum. Í nefndarálitni velferðarnefndar Alþingis dags. 15. okt. 2012 þar sem mælt er með samþykkt frumvarpsins koma fram neðangreindar ábendingar sem nefndin telur að taka þurfi tillit til við framkvæmd breytinganna. Þar er m.a. lýst miklum vonbrigðum með að samkomulag hafi ekki tekist milli aðila [ríkis og sveitarfélaga] á því tæpa eina og hálfu ári síðan lögin voru samþykkt. Nefndin telur einsýnt að ef af tilfærslunni á að verða muni þurfa að koma til aukið fjármagn til uppbyggingar nýrra úrræða á vegum Barnaverndarstofu. Nefndin telur nauðsynlegt að greina þörfina fyrir úrræði á grundvelli barnaverndarlaga á landsvísu svo ljóst verði hversu mikið fjármagn þarf til uppbyggingar. Nefndin telur rétt að kannað verði hvort tilfærsla fjármuna frá sveitarfélögum til ríkisins vegna tilfærslu þjónustunnar megi verða með öðrum hætti en með gjaldskrá. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að sátt náist um undirbúning tilfærslunnar og að framkvæmd hennar verði þannig að þjónusta við ákveðinn hóp barna skerðist ekki. Framangreindar ábendingar velferðarnefndar Alþingis fela í sér víðtækari og tímafrekari verkefni en starfshópnum var ætlað með upphaflegu skipunarbréfi. Í ljósi þess verður verkefnið væntanlega endurskilgreint og en áætlað er að vinnunni ljúki í lok árs 2013.

Húsnæðismál

Fulltrúar sambandsins hafa tekið þátt í nefndum og ráðum um móttöku opinberrar húsnæðisstefnu, nýtt fyrirkomulag á húsnæðisstuðningi og rekstrarskilyrði leigufélaga.

Í samstarfi við Varasjóð húsnæðismála og Velferðarráðuneytið stóð sambandið fyrir fundi á Akureyri um húsnæðismál í nóvember 2012. Markmið fundarins var að efla miðlun upplýsinga til sveitarfélaga um framvindu og horfur í húsnæðismálum og stuðla að samstarfi þeirra aðila sem starfa að húsnæðismálum á vegum sveitarfélaga. Auk þess var á ráðstefnunni kynning á starfsemi Varasjóðs húsnæðismála, farið yfir stefnumótun stjórnvalda í húsnæðismálum og greint frá niðurstöðum vinnuhópa um húsnæðismál. Fjallað var um hlutverk og starfsemi Íbúðalánsjóðs með tilliti til húsnæðismála á vegum sveitarfélaga.

Önnur mál

Af öðrum verkefnum má m.a. nefna að sambandið átti fulltrúa í verkefnisstjórn um styrki vegna þjónustu við langveik börn og börn með ADHD greiningu en sú nefnd hefur nú lokið störfum eftir þriggja ára samstarf. Einnig tók fulltrúi sambandsins í verkefnastjórninni þátt í starfi í undirhóps um gerð námsefnis um ADHD fyrir kennara, en gert er ráð fyrir að sú bók verði gefin út á næstunni.

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011–2014 á sviði félagsþjónustu

Sambandið hefur sett sér stefnumörkun sem er ætlað að ná til sem flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga svo hún nýtist sem sterk leiðsögn við ákvörðunartöku stjórnar og vinnu starfsmanna sambandsins næstu þrjú ár. Stefnumörkunin nýtist einnig fyrir þá fulltrúa sem tilnefndir eru á vegum sambandsins í nefndir, ráð og stjórnir. Meginmarkmið í opinberri stjórnsýslu skal annars vegar miðast við að sveitarfélögin annist nærþjónustu enda geti þau nýtt sér þá þekkingu sem þau hafa á nærsamfélaginu með tilheyrandi möguleikum á sveigjanlegum lausnum við framkvæmd þjónustunnar. Hins vegar skulu íbúar sveitarfélaga eiga kost á samfelldri og heildstæðri velferðarþjónustu sem skipulögð er með þarfir íbúanna í huga.

Hvað félagsþjónustu sveitarfélaganna varðar skal sambandið samkvæmt stefnumótuninni vinna að því að:

- Félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem þurfa á aðstoð að halda, óháð aldri, heilbrigði eða fötlun þeirra og stefna að því að lög um félagsþjónustu muni ná til allra og sérlög um einstaka hópa verði felld úr gildi.
- Áfram verði sinnt útfærslu á þjónustu við fatlað fólk og fjármögnun hennar verði tryggð og henni dreift markvisst, m.v. þarfir hvers þjónustusvæðis.
- Þróuð verði notendastýrð, persónuleg aðstoð í nærþjónustu sveitarfélaga og að hún verði innleidd þar sem slík aðstoð á við.
- Áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Skilgreindir verði þeir þjónustupættir sem æskilegt er talið að flytja út frá því að sveitarfélögin sinni allri nærþjónustu við aldraða. Í því sambandi verði heimahjúkrun sérstaklega skoðuð auk þess sem gerð verði athugun á flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaga.
- Tryggt verði að þeir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum njóti starfsendurhæfingar og vinnumarkaðsúræða sem Vinnumálastofnun býður.
- Sveitarfélögin tengist Vinnumálastofnun með markvissari hætti en nú er og að sveitarfélögunum verði falið stærra hlutverk við vinnumiðlun.
- Hugað verði sérstaklega að þörfum atvinnulausra námsmanna og reynt að koma til móts við þarfir þeirra með atvinnuátaksverkefnum sem sveitarfélögin annist með fjármögnun frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Varðandi húsnæðismál skal sambandið vinna að því að:

- Húsnæðisbætur verði verkefni ríkisins og fjármagnaðar af ríkissjóði. Í áföngum verði unnið að sameiningu húsaleigubóta og vaxtabóta í einar húsnæðisbætur. Húsnæðisbætur miðist fyrst og fremst við þarfir einstaklinga og fjölskyldna óháð búsetuformi eða tegund húsnæðis. Þess verði jafnframt gætt að um samtímastuðning verði að ræða.
- Kostnaðarþátttaka ríkisins vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði fest við 60% hlutdeild óháð þróun heildarútgjalda vegna bótanna, þar til nýtt kerfi húsnæðisbóta verði tekið upp.

- Stuðlað skuli að fjölbreyttum og sveigjanlegum húsnæðismarkaði sem tryggir öllum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði og að leigjendur íbúðarhúsnæðis hafi möguleika á langtímaleigu til að tryggja búsetuöryggi þeirra til langs tíma. Sérstaklega verði hugað að því hvernig tryggja megi framboð af ódýru og öruggu húsnæði til leigu eða kaups fyrir núverandi og næstu kynslóðir ungs fólks.
- Stefnt skuli að uppbyggingu öflugs og almenns leigumarkaðar og skilgreint hvernig styðja megi kröftuglega við þróun hans með aðkomu sveitarfélaga, ríkis, lífeyrissjóða og einkaaðila. Gætt skal að því að tryggja félagslegan fjölbreytileika í einstökum hverfum sveitarfélaga.
- Varasjóði húsnæðismála verði tryggt aukið fjármagn til að auðvelda sveitarfélögum að selja íbúðir þar sem áhvílandi lán vegna félagslegra eignar- og leiguíbúða eru hærrí en markaðsverð eignanna.
- Sérstaklega verði hugað að búsetuúrræðum aldraðra og hópa sem þurfa sérstakan stuðning, þannig að fólk geti búið heima með aðstoð, kjósi það sjálft.

Hvað málefni íbúa af erlendum uppruna varðar skal sambandið vinna að því að:

- Leggja sitt af mörkum til að tryggja hagsmuni nýrra íbúa af erlendum uppruna, bæði barna og fullorðinna, í samstarfi við þá, þannig að þeir öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu í hverju sveitarfélagi.
- Aðstoða sveitarfélög við að vinna saman að málefnum innflytjenda og læra hvert af öðru.
- Fylgja því eftir að markmið og tillögur í stefnumótun sambandsins í innflytjendamálum frá árinu 2009 komist til framkvæmda og sveitarfélög fari eftir þeim ábendingum sem þar eru settar fram.
- Stuðla að því að hagsmunir innflytjenda og barna þeirra séu samþættir inn í alla stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga.
- Styðja við að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur sem íbúar og hafi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélaga.
- Vinna að því að opinber þjónusta birtist innflytjendum sem ein heild án tillits til þess hvort ríki eða sveitarfélög beri ábyrgð á þjónustunni.

Yfirfærsla þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Þann 1. janúar 2011 tóku sveitarfélögin við málefnum fatlaðs fólks frá ríkinu. Markmiðið með yfirfærslunni er að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð verði samþætt á hendi eins aðila og að stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa og efla félagsþjónustu sveitarfélaga. Enn fremur er markmiðið að styrkja sveitarstjórnarstigið og einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Lögð er áhersla á heildstæða yfirfærslu verkefna ásamt breytingu á tekjustofnum til að mæta auknum útgjöldum sveitarfélaga. Þjónustusvæðin á landinu eru 15 talsins en unnið hefur verið út frá þeirri viðmiðun að á hverju þjónustusvæði verði að lágmarki átta þúsund íbúar. Þjónusta innan svæðisins verði veitt af einstökum sveitarfélögum, byggðasamlagi eða öðru formlegu samstarfi sveitarfélaga.

Töluverð vinna hefur farið fram vegna tilfærslu verkefnisins og er áframhaldandi vinna vegna málefna fatlaðs fólks áætluð áfram, m.a. með áframhaldandi þátttöku í nefndum eins og Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, þátttaka í vinnu tengdri stefnumótun vegna framtíðarfyrirkomulags í atvinnumálum fatlaðs fólks.

Notendastýrð persónuleg aðstoð

Sambandið tekur m.a. þátt í Verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð og á þrjá fulltrúa í þeirri verkefnisstjórn. Verkefnisstjórnin er skipuð af velferðarráðherra vinnur að því að

þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) við fatlað fólk á markvissan og árangursríkan hátt. Verkefnisstjórnin er skipuð í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 sem tók gildi 1. janúar 2012, samhliða ýmsum öðrum breytingum á lögnum vegna ákvörðunar um flutning ábyrgðar á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Hlutverk verkefnisstjórnar er að móta ramma um fyrirkomulag NPA. Í því skyni munu sveitarfélög í samráði við verkefnisstjórnina leitast við að bjóða fötluðu fólki notendastýrða persónulega aðstoð til reynslu í tiltekinn tíma. Við mat á því hverjum eða hvaða hópi fatlaðs fólks skuli boðin slík þjónusta skal gæta jafnræðis.

Sveitarfélögum er heimilt að verðmeta einstaka þjónustuþætti í gjaldskrá. Sveitarfélög skulu síðan gera notendasamninga um NPA við hvern notanda eða aðila sem kemur fram fyrir hönd hans þar sem fram kemur hvaða þjónustu hlutaðeigandi þarf á að halda í daglegu lífi og verðmat þjónustunnar. Sveitarfélögum er heimilt að ráðstafa þeim fjármunum sem svara til kostnaðar vegna þjónustu hvers notanda sem veitt er á grundvelli notendasamnings um notendastýrða persónulega aðstoð til notandans með þeim hætti sem ákveðið er í notendasamningnum. Verkefnisstjórnin hefur tekið saman handbók um NPA sem er ætlað að gagnast sveitarfélögum, notendum, ríkisstofnunum og öðrum þjónustuaðilum við framkvæmd þróunarverkefnisins sem nokkurs konar rammi um fyrirkomulag þess.

Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er gert ráð fyrir að NPA verði lögbundin þjónusta fyrr en í lok árs 2014. Engu sveitarfélagi er því lagalega skylt að veita NPA fyrr en þá. Rík áhersla er þó lögð á það af hálfu verkefnisstjórnarinnar að sem flest sveitarfélög taki þátt í þróun verkefnisins um innleiðingu þessa þjónustuforms.

Auk þess er gert ráð fyrir þátttöku sambandsins við framkvæmd framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks ef fjármagn verður tryggt af hálfu ríkisins.

Nýmæli innan málaflokksins

Yfirfærsla verkefna, einkum málefna fatlaðra, hefur komið af stað mikilli hreyfingu í starfi sambandsins að félagsþjónustu almennt. Af því sem hæst ber má nefna:

[Breyting á lögum um réttindagæslu](#)

Alþingi samþykkti í júní breytingu á lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem ger er grein fyrir ráðstöfunum til að draga úr nauðung í þjónustu. Lögin öðluðust gildi 1. október 2012, en á því tímamarki var unnið að gerð fjögurra reglugerða: (1) um réttindagæslumenn, (2) um persónulega talsmenn fatlaðs fólks, (3) um sérfræðiteymi og (4) um undanþágunefnd. Allar þessar reglugerðir munu hafa þýðingu fyrir sveitarfélög og þjónustusvæði og verða þær kynntar sérstaklega þegar útgáfuférlinu lýkur, en reiknað er með að það verði fyrir áramótin 2012-13.

[Stjórnsýsluleg staða réttindagæslunnar](#)

Fram eftir ári 2012 var unnið að gerð tillagna um framtíðarfyrirkomulag réttindagæslu og vistun verkefna innan stjórnsýslunnar. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar á ráðstefnu í október.

[Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks](#)

Alþingi samþykkti í júní þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 auk sem lýst er meginmarkmiðum í málaflokknum fyrir tímabilið 2012–2020.

Framkvæmdaáætlunin er nýmæli en ekki hefur áður verið gengið formlega frá slíkum stefnumarkandi skjölum. Áætlunin dregur með ýmsum hætti fram nauðsyn á fjármögnun nýrra verkefna og er líklegt að til áætlunarinnar verði vísað í umræðum næstu misserin um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Innleiðing NPA í sveitarfélögum

Notendastýrð persónuleg aðstoð hefur, sem valkvætt þjónustuform, verið til umræðu á síðastliðnum árum. Ákveðin skref voru stigin í innleiðingunni á árinu með útgáfu leiðbeinandi reglna til sveitarfélaganna.

Breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga

Á árinu 2012 var lögð áhersla á það af hálfu sambandsins, að endurskoða fjárhagsaðstoðarkafla félagsþjónustulaganna og fór sú vinna á fullan skrið undir lok ársins. Markmiðið er að endurbæta tiltekin ákvæði í ljósi þeirra breyttu aðstæðna sem félagsþjónustunni eru búin, m.a. mikilli fjölgun mála.

Yfirlýsing um málefnum aldraðra frá ríki til sveitarfélaga

Nefnd á vegum velferðarráðuneytisins sem skipuð er fulltrúum hlutaðeigandi ráðuneyta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila, svo sem fulltrúum félagasamtaka aldraðra, samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og stéttarfélaganna starfsmanna, vinnur að undirbúningi yfirlýsingar um málefna aldraðra til sveitarfélaganna. Unnið er að því að flytja ábyrgð á helstu meginþáttum þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga.

Auk nefndarinnar sem velferðarráðherra skipaði til að undirbúa flutning málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga starfar framkvæmdahópur að verkefninu. Framkvæmdahópnum sem ætlað er að halda utan um grunnvinnu og tæknilega útfærslu einstakra verkþátta í samráði við nefndina.

Sveitarfélögin hafa þegar tekið að sér stórt verkefni á sviði velferðarþjónustu með yfirlýsingar um málefna fatlaðs fólks. Telja má víst að sú reynsla sem þegar hefur skapast hjá sveitarfélögum með ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk nýtist þeim vel við yfirtöku ábyrgðar á þjónustu við aldraða. Með þessu hefur geta þeirra til að takast á við stór verkefni af þessu tagi tvímælalaust styrkst og eins má vænta samlegðaráhrifa þegar þessir tveir stóru málaflokkar verða báðir á hendi sveitarfélaganna.

Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga setur sér megin stefnu til fjögurra ára í helstu málaflökum á landsþingum sem haldin eru að loknum sveitarstjórnarkosningum. Í gildandi stefnu fyrir árin 2011-2014 sem stjórn sambandsins samþykkti 29. apríl 2011 þar sem fjallað er um félagsþjónustu segir meðal annars að sambandið skuli vinna að því að „félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem þurfa á aðstoð að halda, óháð aldri, heilbrigði eða fötlun þeirra og stefna að því að lög um félagsþjónustu muni ná til allra og sérlög um einstaka hópa verði felld úr gildi“. Þar segir einnig að „áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Skilgreindir verði þeir þjónustupættir sem æskilegt er talið að flytja út frá því að sveitarfélögin sinni allri nærþjónustu við aldraða. Í því sambandi verði heimahjúkrun sérstaklega skoðuð auk þess sem gerð verði athugun á flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaga.“

Í tengslum við tilfærslu málefna aldraðra til sveitarfélaga eru starfandi sex sérfræðiteymi undir föstu nefndunum tveimur. Um er að ræða sérfræðiteymi sem fjallar um umfang og kostnað, teymi sem fjallar um þörf fyrir öldrunarþjónustu (RAI), teymi sem fjallar um greiðslur aldraðra, teymi sem fjallar um fyrirkomulag og fjármögnun fasteigna, teymi sem fjallar um undirbúning lagabreytinga, teymi sem fjallar um samninga við sjálfstæða aðila og á sambandið tvo fulltrúa í hverri nefnd. Gert er ráð fyrir að fjögur önnur sérfræðiteymi verði sett á laggirnar í byrjun árs 2013 með sama fyrirkomulagi, en það eru teymi sem koma til með að fjalla um heildstætt kostnaðarmál, gæði og eftirlit með öldrunarþjónustu, tekjutilfærslu og jöfnunaraðgerðir, sem og starfsmannamál. Auk þess tekur samandið þátt og á fulltrúa í bæði Öldrunarráði Íslands og Samráðsnefnd um málefni aldraðra.

Minnisblað - Ábendingar í tengslum við fyrirhugaða tilfærslu þjónustu við aldrað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga er sitja í nefnd um flutning þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga, hafa sett fram ábendingar í minnisblaði sem nauðsynlegt er að líta til við yfirfærslu málefna aldraðs fólks frá ríki til sveitarfélaga í samstarfi við sérfræðinga sambandsins. Þar er m.a. leitast við að draga lærdóm af framkvæmd tilfærslu þjónustu við fatlað fólk sem kom til framkvæmda 1. janúar 2011. Óhætt er að segja að margt hafi gengið afar vel í því ferli en einnig var allmikið um atriði sem ekki var hugað nægilega vel að í undirbúningsferlinu og orsökðu vandamál sem leiddu til tafa og einhverjum tilvikum er enn verið að vinna úr einstökum málum. Almennt má draga þann lærdóm af málinu að verkefnatilfærsla er stórt og flókið breytingaverkefni sem þarf að skipuleggja vel og ætla rúman tíma fyrir flesta verkþætti. Sveitarfélög þurfa tíma til að undirbúa móttöku stórra verkefna, s.s. endurskoða skipulag sitt, undirbúa móttöku nýrra starfsmanna, skoða áhrif á húsnæðismál (nýtt starfsfólk þarf pláss) svo eitthvað sé nefnt.

Gæta þarf þess að allar fjárhagslegar forsendur liggja fyrir með góðum fyrirvara, svo ekki skapist óvissa við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Einnig að skipting fjármagns milli sveitarfélaga/þjónustusvæða s.s. vegna jöfnunaraðgerða sé skýr og öllum ljós í tíma, sem ekki var raunin við tilfærslu þjónustu við fatlað fólk.

Almenn atriði

Sem fyrst á undirbúningsstiginu þarf að liggja fyrir hvaða þætti í þjónustu við aldraða er stefnt að því að flytja til sveitarfélaganna. Leiðarljós fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessari vinnu er stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2011-2014 en þar segir:

„Að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Skilgreindir verði þeir þjónustubættir sem æskilegt er talið að flytja út frá því að sveitarfélögin sinni allri nærþjónustu við aldraða. Í því sambandi verði heimahjúkrun sérstaklega skoðuð auk þess sem gerð verði athugun á flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaga.“

Að áliti sambandsins er algerlega óraunhæft að miða við 1. janúar 2013 sem gildistöku tilfærslunnar og sennilega er einnig óraunhæft að ljúka tilfærslunni fyrir ársbyrjun 2014. Má t.d. nefna að það mun mjög líklega taka lengri tíma en eitt ár að ljúka gerð þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir og ríkisstofnanir. Bent skal á að í nýlegri skýrslu nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins kemur fram að nefndin sjái fyrir sér að yfirfærsla þessara verkefna geti farið fram á árunum 2014 til 2015, enda liggja þá fyrir mat á árangri af flutningi málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna.

Ekki er ásættanlegt að samkomulag og lagarammi liggja ekki fyrir með góðum fyrirvara og verða þessi atriði að vera komin á hreint a.m.k. hálfu ári áður en verkefnatilfærsla kemur til framkvæmda. Mikilvægt er að gengið verði frá því snemma í ferlinu hvernig ábyrgð á samningsgerð verður háttáð.

Fulltrúar sambandsins vænta þess að í samningum um tilfærslu þjónustu við aldrað fólk verði kveðið á um endurskoðun á fjárhagslegum forsendum samnings um yfirfærsluna og við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að nánari útfærsla og forsendur slíkrar endurskoðunar verði hluti af formlegri samningsgerð.

Gæta þarf þess að fyrirsjáanlegar breytingar/ákvarðanir sem hafa áhrif á notendur þjónustunnar bíði ekki yfirfærslu og lendi á sveitarfélögum s.s. sbr. ný reglugerð um búsetu á heimilum fatlaðs fólks og áhrif hennar á húsaleigu í búsetuurræðum fatlaðs fólks. Sveitarfélögin voru sett í þá stöðu að þurfa að byrja á því að hækka húsaleigu sem ríkið hafði ekki hækkað árum saman. Svipaðar breytingar eru nú í farveginum um að rukka aldraða á stofnunum um húsaleigu. Af hálfu sveitarfélaga er lögð áhersla á að sú breyting eigi sér eðlilegan aðdraganda og hljóti vandaða kynningu áður en hún kemur til framkvæmda.

Tryggja þarf skilvirka upplýsingamiðlun í ferlinu, til sveitarfélaga og annarra sem málið varðar.

Vinna við undirbúning lagabreytinga má ekki hefjast of seint. Umfang lagabreytinga var vanmetið við síðustu tilfærslu, sem og umfang vinnu við gerð stjórnvaldsfyrirmæla og leiðbeininga. Mikilvægt er að tryggja náíð samráð í þessu ferli.

Hægt er að nálgast minnisblaðið í heild sinni á rafrænu formi hér að neðan.

[Minnisblað um ábendingar í tengslum við fyrirhugaða tilfærslu þjónustu við aldrað fólk frá ríki til sveitarfélaga](#)

Þá er hægt að nálgast skýrslu um tilfærslu þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga á rafrænu formi hér að neðan.

[Tilfærsla þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga: Forsendur, verkefni, aðferðir](#)

8. ÁHUGAVERT ÚTGEFIÐ EFNI ER VARÐAR FÉLAGSPJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA

Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2008–2011

Þessi skýrsla er unnin af Barnaverndarstofu og tekur til starfsemi Barnaverndarstofu árið 2009 og starfsemi barnaverndarnefnda 2008–2011.

Hér að neðan má nálgast skýrsluna í heild sinni.

[Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2008–2011](#)

Notendastýrð persónuleg aðstoð og kostnaður við þjónustu við aldraða og fatlaða

Skýrslan var unnin fyrir ViVe – Virkari velferð, sem er vinnuhópur sem hefur tekið saman áætlun fyrir íslensk stjórnvöld um hvernig hægt er að breyta velferðarkerfinu þannig að fatlaðir og aldraðir geti lifað sjálfstæðu lífi utan stofnana. Í þessari skýrslu er fjallað um notendastýrða persónulega þjónustu og tiltekin nokkur dæmi um kostnað við núverandi þjónustu við aldraða og fatlaða á Íslandi.

Að skýrslunni komu dr. Sveinn Agnarsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar og Þorvarður Atli Þórsson hagfræðingur.

Hér að neðan má nálgast skýrsluna í heild sinni.

[Notendastýrð persónuleg aðstoð og kostnaður við þjónustu við aldraða og fatlaða](#)

Auk þess var gefin út Handbók um notendastýrða persónulega aðstoð en henni er ætlað að gagnast sveitarfélögum, notendum, ríkisstofnunum og öðrum þjónustuaðilum við framkvæmd þróunarverkefnis um NPA. Hún var gefin út af verkefnisstjórn um NPA sem fyrsta skref í átt að fullri innleiðingu NPA á Íslandi. Hér að neðan má nálgast handbókina í heild sinni.

[Handbók um notendastýrða persónulega aðstoð](#)

Jafnframt hafa verið birtar leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Leiðbeiningunum er ætlað að nýtast einstökum sveitarfélögum til að móta eigin reglur um framkvæmd þjónustunnar. Leiðbeiningarnar voru unnar í samvinnu velferðarráðuneytisins, verkefnisstjórnarinnar um NPA og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Drög að reglunum voru sendar út til umsagnar til um 30 aðila. Í þeim hópi voru hagsmunasamtök fatlaðs fólks, þjónustuvæði sem veita fötluðu fólki þjónustu auk fjölmargra einstaklinga eða stofnana sem láta sig málefni fatlaðs fólks varða. Tekið var tillit til athugasemda auk þess sem nokkur atriði sem fram komu í drögnum var lýst betur.

Með leiðbeiningunum fá sveitarfélögin í landinu gott verkfæri til þess að móta reglur um framkvæmd NPA í hverju og einu sveitarfélagi. Hér að neðan má nálgast leiðbeiningarnar í heild sinni.

[Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar](#)

Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila 2008-2010

Þann 9. nóvember 2011 óskaði forsætisnefnd Alþingis eftir því að Ríkisendurskoðun kannaði rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila í framhaldi af erindi Jóns Gunnarssonar, alþingismanns, þessa efnis til nefndarinnar. Þar var m.a. bent á að framlög til hjúkrunarheimila hefðu verið skorin mikið niður síðustu ár og hefði það komið niður á mikilvægri þjónustu þeirra. Eldra fólk kæmi nú veikara

en áður inn á heimilin vegna aukinnar heimaþjónustu. Þetta hefði haft í för með sér aukið álag á starfsemi heimilanna og starfsmenn þess.

Í úttektinni var leitast við að svara eftirfarandi meginspurningu:

Hefur samdráttur í fjárveitingum síðustu ára valdið auknu álagi á starfsmenn og starfsemi hjúkrunarheimila og þannig haft áhrif á þjónustu þeirra?

Úttektin fólst einkum í því að bera saman rekstur og þjónustu 34 hjúkrunarheimila milli árana 2008 og 2010.

Hér fyrir neðan má nálgast skýrsluna á rafrænu formi.

[Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila 2008-2010](#)

Dvalarheimili aldraðra; rekstur og starfsemi 2006-2011

Skýrslan er unnin að frumkvæði Ríkisendurskoðunar sem fylgir hér eftir skýrslu sinni „Þjónusta við aldraða“ sem kom út árið 2005, þar sem leitast var við að meta hvernig tekist hefði til við að byggja upp þjónustu við aldraða og mæta vaxandi eftirspurn eftir henni. Markmið úttektarinnar nú var að svara eftirfarandi meginspurningum:

Markmið úttektarinnar var að svara eftirfarandi meginspurningum:

- Hefur fækkun dvalarrýma fyrir aldraða valdið lengri bið eftir slíkum rýmum?
- Er munur á framboði og þjónustu dvalarheimila eftir landshlutum?
- Hefur þjónusta dvalarheimila í formi umönnunar og annarrar þjónustu breyst á undanförunum árum?
- Hvaða hópar (aldur og kyn) nýta einkum þjónustu dvalarheimila?
- Hvernig hafa fjárveitingar til dvalarheimila þróast á undanförunum árum?

Við umfjöllunina og mat á einstökum þáttum var einkum tekið mið af lögum nr.125/1999 um málefni aldraðra og stefnuyfirlýsingum stjórnvalda á undanförunum árumum megináherslur í öldrunarþjónustu hér á landi.

Hægt er að nálgast skýrsluna á rafrænu formi hér að neðan.

[Dvalarheimili aldraðra: Rekstur og starfsemi 2006-2011](#)

Persónuleg þjónusta, það er góð þjónusta

Rannsóknin var unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna reynslu fólks af þeirri þjónustu sem Velferðarsvið veitir, hvernig það upplifir reglur sem skapa umgjörð um fjárhagsaðstoðina og fá fram hugmyndir notenda um það hvernig hægt væri að bæta þjónustuna. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur m.a. fram að viðmælendum sem náð höfðu 26 ára aldri fannst auðvelt að sækja um fjárhagsaðstoð en yngri viðmælendum fannst umsóknarferlið of flókið. Viðmælendur kalla eftir aukinni nýtingu á tölvutækni.

Hér að neðan er hægt að nálgast skýrsluna á rafrænu formi.

[Persónuleg þjónusta, það er góð þjónusta](#)

Tengsl þjónustuparfa og rekstarkostnaðar á heimilum fatlaðs fólks vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til borgar

Í kjölfar yfirfærslu á málefnum fatlaðra þann 1. janúar 2011 bera sveitarfélög ábyrgð á framkvæmd og rekstri þjónustu við fatlað fólk. Í kjölfar þess var ákveðið á skrifstofu Velferðarsviðs að þróa nýtt matstæki til að meta þjónustuþyngd og rekstarkostnað þjónustuúrræða sviðsins fyrir fatlað fólk.

Í rannsókninni var matstækið notað til að meta þjónustuþyngd og rekstrarkostnað 41 búsetuúrræða fyrir fatlað fólk á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þ.e. á sambýlum, áfangastöðum og búsetukjörnum. Rannsóknin felur í sér mat á þjónustuþyngd íbúa búsetuúrræðanna, heildar rekstrarkostnað hvers úrræðis og kostnað vegna hvers íbúa í hverju úrræði. Einnig var gerður samanburður á hinu nýja mælitæki og þeim mælitækjum sem áður hafa verið notuð til að meta þjónustuþörf en þau eru SIS-mat og 7 flokka mat fylgni við SIS-stuðningsflokka og sex þætti nýja matstækisins. Þessi rannsókn var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2011.

Skýrsluna má nálgast hér að neðan.

[Tengsl þjónustubarfa og rekstrarkostnaðar á heimilum fatlaðs fólks vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til borgar](#)

Líðan atvinnuleitenda með framfærslu hjá Reykjavíkurborg

Tilgangur rannsóknar var að athuga stöðu og líðan atvinnuleitenda sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Tekið var 248 manna úrtak úr þýði 399 atvinnuleitenda, sem fengið höfðu fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði eða lengur, höfðu engan bótarétt hjá Vinnumálastofnun og voru með íslenskt ríkisfang. Þátttakendur voru 82, þar af 54 karlmenn og meðalaldur voru 42,2 ár. Notaðir voru sálfræðilegir matslistar til þess að meta kvíða, þunglyndi, líkamleg vandamál, athyglisbrest með ofvirkni (ASEBA), lífsánægju (SWLS), áfengis- og vímuefnavanda (SMASD-D), internetfíkn (IAS) og afallastreituröskun (ÁSR-HG). Einnig var staða þátttakenda metin með sérútbúnum spurningalist. Niðurstöður sýna að líðan og staða atvinnuleitenda sem fá fjárhagsaðstoð er verri en almennings. Þá er tíðni þunglyndis, líkamlegra vandamála, kvíða og athyglisbrests hjá atvinnuleitendum sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg ólík eftir aldri og er tilhneiging til þess að atvinnuleitendur sem eru yngri en 30 ára eigi við meiri vanda að stríða. Auk þess hafa atvinnuleitendur sem sótt hafa námskeiðið Virkni til velferðar færri kvíðaeinkenni og einkenni sem benda til afallastreituröskunar heldur en atvinnuleitendur sem ekki hafa sótt námskeiðið.

Hægt er að nálgast rannsóknina hér að neðan.

[Líðan atvinnuleitenda með framfærslu hjá Reykjavíkurborg](#)

Úttekt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar

Í úttektinni er t.a.m. gerður samanburður á notendahópnum sem er með fjárhagsaðstoð til framfærslu á árunum 2006 til 2011, skipt eftir atvinnustöðu og ríkisfangi. Einnig er ljósi varpað á breytingar á verklagsreglum og reglum um fjárhagsaðstoð, samanburði á þjónustumiðstöðvum á tímabilinu janúar-mars 2011 við tímabilið janúar-mars 2012. Úttektin nær einnig til samkomulags um félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð til framfærslu í fyrsta sinn í aldurshópnum 18-24 ára og ástæður til lækkunar á grunnfjárhæð tímabilið janúar til mars 2012. Að endingu voru tekin viðtöl við deildarstjóra og virkniráðgjafa á öllum þjónustumiðstöðvum með það að markmiði að fanga framkvæmd fjárhagsaðstoðarinnar og kanna samræmi á milli hverfanna.

Skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi hér að neðan.

[Úttekt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar](#)

Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna

Um er að ræða rannsókn sem unnin var fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og markmið hennar var að kanna aðstæður reykvískra barnafjölskylda. Niðurstöður voru birtar í skýrslu sem kom út í maí 2012. Meðal niðurstaðna rannsóknarinnar er að börn fólks sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg fara oftár í bíó, partý eða boð hjá vinum eða bekknum og taka jafnframt frekar þátt í starfi félagsmiðstöðva en börn Reykvíkinga í launaðri vinnu. Hins vegar eru börn Reykvíkinga

Í launaðri vinnu mun líklegri til að vera í tónlistarskóla og stunda hreyfingu en reykvísk börn foreldra er þiggja fjárhagsaðstoð. Þá á yfir fjórðungur reykvískra foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð eiga barn með sértæka námsörðugleika, hegðunarröskun, langvarandi sjúkdóm eða fötlun. Meðal foreldra á atvinnuleysisbótum er þetta hlutfall 20% en 15% meðal foreldra í launaðri vinnu.

Niðurstöður rannsóknarinnar má nálgast í heild sinni hér að neðan

[Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna](#)

Stöðumat á stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008-2012

Markmið með stefnumótun í málefnum utangarðsfólks er að koma í veg fyrir útigang og tryggja öllum viðunandi húsaskjól. Leitast er við að koma í veg fyrir að fólk verði utangarðs til lengri tíma, tryggja viðeigandi stuðning við áhættuhópa, tryggja framboð á viðeigandi úrræðum fyrir þá sem eiga á hættu að verða utangarðs og auka lífsgæði utangarðsfólks. Stefnunni er ætlað að styra hvernig Reykjavíkurborg ætlar að vinna að málefnum utangarðsfólks í Reykjavík 2008-2012. Gefið út af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar í október 2012.

Skýrsluna má nálgast hér að neðan.

[Stöðumat á stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008-2012](#)

Tölfræðileg gögn frá Innheimtustofnun sveitarfélaga

Á heimasíðu Innheimtustofnunar sveitarfélaga má finna ýmsar skýrslur um tölfræði yfir meðlagsgreiðendur, fjölda barna, innheimtuhlutfall stofnunarinnar og fleira. Nálgast má efnið á heimasíðu Innheimtustofnunar hér fyrir neðan.

[Tölfræðileg úrvinnsla ársins 2011](#)

Fréttabréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um húsaleigubætur

Á heimasíðu sjóðsins er að finna útgefin fréttabréf hans um húsaleigubætur. Umfjöllun þeirra nær bæði til almennra húsaleigubóta sem og sérstakra húsaleigubóta. Í fréttabréfunum eru greiðslur sveitarfélaga gerð skil sem og greiðslur jöfnunarsjóðs, bæði heildargreiðslur sem og greiðslur eftir tegund íbúða.

[Fréttabréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um húsaleigubætur](#)

9. FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1 - Leiðbeiningar um flokkun og greiningu kostnaðar

02 FÉLAGSPJÓNUSTA

Á málaflokkinn flokkast og greinist allur kostnaður við félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og barnaverndarlög nr. 58/1992.

Þannig flokkast hér kostnaður við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónusta og vernd barna og ungmenna. Þá er einnig færður hér kostnaður vegna þjónustu við aldraða, þ.m.t. heimaþjónustu aldraðra, þjónustu við fatlaða o.fl.þ.h.

Lögbundin framlög til Varasjóðs viðbótarlána, Bjargráðasjóðs og orlofs húsmæðra flokkast hér, svo og allur annar kostnaður er flokkast undir félagsþjónustu, t.d. kostnaður vegna jafnréttismála og vímuegjafavarna. Þó flokkast útgjöld og tekjur vegna leikskóla og dagvistar barna á málaflokk *04 Fræðslu- og uppeldismál*. Leikvellir flokkast á málaflokk *06 Æskulýðs- og íþróttamál*, en gæsluvellir á *04 Fræðslu- og uppeldismál*.

Afföll húsbréfa flokkast undir málaflokkinn.

Bygging og rekstur húsnæðis, sem notað er í einstökum rekstrareiningum málaflokksins, er verkefni eignasjóðs sem gerir leigureikning fyrir húsnæðiskostnaði, sem færður er á viðkomandi rekstrareiningar.

Samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 414/2001 skal flokka og greina kostnað á eftirfarandi rekstrareiningar:

02 0 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Hér flokkast rekstrarkostnaður félagsmálastofnunar, laun félagsmálastjóra og rekstrarkostnaður þess embættis svo og kostnaður vegna félagsmálanefndar. Kostnaður vegna annarra nefnda um félagsþjónustu sem hafa afmarkað verksvið flokkast á viðkomandi rekstrareiningar.

Hér flokkast afföll húsbréfa.

02 1 FÉLAGSLEG AÐSTOÐ

Hér flokkast kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar og annar kostnaður vegna félagslegrar samhjálp. Hér flokkast útgjöld vegna félagslegrar heimaþjónustu, en heimaþjónusta aldraðra og heimaþjónusta fatlaðra flokkast á viðkomandi rekstrareiningar. Kostnaður vegna vistunar eða fósturs barna og ungmenna flokkast ekki hér heldur á *02 3 Þjónusta við börn og unglíngi*. Þá flokkast hér útgjöld vegna húsaleigubóta skv. lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 og endurgreiðsla ríkissjóðs á hluta húsaleigubóta, sem flokkast undir tegundagreiningu *082 Endurgreiðslur og tilfærslur ríkissjóðs*. Flokka skal og greina útgjöld og tekjur niður á eftirfarandi rekstrareiningar, samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 414/2001:

02 11 FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Hér flokkast öll fjárhagsaðstoð samkvæmt IV. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjárhagsaðstoð í formi láns skal flokka meðal skammtímakrafna í efnahagsreikningi. Ef um afskrift á slíkri kröfu er að ræða skal flokka niðurfærsluna hér.

02 15 FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Hér flokkast öll útgjöld og tekjur af félagslegri heimaþjónustu samkvæmt VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

02 16 NIÐURGREIÐSLA DVALARGJALDA

Hér flokkast kostnaður við niðurgreiðslu dvalargjalda fullorðinna á stofnunum o.þ.h.

02 17 NIÐURGREIÐSLA HÚSALEIGU

Hér flokkast niðurgreiðsla húsaleigu í félagslega húsnæðiskerfinu.

02 18 HÚSALEIGUBÆTUR

Hér flokkast greiddar húsaleigubætur skv. lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 og endurgreiðslur ríkissjóðs, sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annast.

02 19 ÖNNUR FÉLAGSLEG AÐSTOÐ

02 3 ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG UNGLINGA (BARNAVERND)

Hér flokkast og greinist allur kostnaður vegna barnaverndarnefndar og ráðstafana barnaverndaryfirvalda, þ.e. kostnaður vegna vistunar og fósturs barna og ungmenna utan heimilis, skipunar tilsjónarmanna með heimilum o.s.frv., sbr. barnaverndarlög nr. 58/1992 og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

02 4 ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA

Hér flokkast útgjöld vegna heimaþjónustu við aldraða og tómstundastarfs aldraðra. Hér eru einnig flokkuð óafturkræf framlög til byggingar eða rekstrar dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

02 5 ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Hér flokkast kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks, sem sveitarfélögum er skylt að annast skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, þ.e. vegna liðveislu, ferlimála og ferðaþjónustu, og vegna heimaþjónustu við fatlaða skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

02 6 ÝMIS FÉLAGSÞJÓNUSTA

Hér skal m.a. flokka og greina kostnað af aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir samkvæmt XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og kostnað af jafnréttismálum, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

02 7 ÝMIS LÖGBUNDIN FRAMLÖG

Samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 414/2001 skal sundurliða eftirfarandi lögbundin framlög á þessar rekstrareiningar:

02 74 ORLOFSSJÓÐUR HÚSMÆÐRA

Hér eru flokkuð framlög vegna orlofs húsmæðra samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972.

02 75 VARASJÓÐUR HÚSNÆÐISLÁNA

Hér flokkast framlög sveitarfélaga til Varasjóðs húsnæðislána samkvæmt X. kafla laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

02 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG

Hér flokkast styrkir til félaga og samtaka sem hafa lýðhjálp hvers konar á stefnuskrá sinni, t.d. mæðrastyrksnefnd, S.Á.Á. o.fl.þ.h.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Leiðbeiningar um flokkun og greiningu í bókhaldi sveitarfélaga. Desember 2010.

Fylgiskjal 2. Rekstrarkostnaður vegna félagsþjónustu sveitarfélaga á hverja 1.000 íbúa árið 2011

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Rekstrarkostnaður vegna félagsþjónustu		Rekstrarkostnaður á 1.000 íbúa	
		Brúttó	Nettó	Brúttó	Nettó
0000 Reykjavíkurborg	118.898	17.198.773	12.892.155	144.651	108.430
1000 Kópavogsbær	30.779	2.411.399	1.863.141	78.346	60.533
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4.320	246.720	212.897	57.111	49.282
1300 Garðabær	10.909	721.346	589.635	66.124	54.050
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	26.099	2.216.037	1.921.064	84.909	73.607
1603 Sveitarfélagið Álftanes	2.484	85.632	77.790	34.473	31.317
1604 Mosfellsbær	8.642	938.886	863.645	108.642	99.936
1606 Kjósarhreppur	210	9.226	9.226	43.935	43.935
2000 Reykjanesbær	13.971	1.294.933	874.161	92.687	62.570
2300 Grindavíkurbær	2.821	215.864	182.093	76.520	64.549
2503 Sandgerðisbær	1.683	179.972	92.727	106.935	55.096
2504 Sveitarfélagið Garður	1.452	80.386	71.392	55.362	49.168
2506 Sveitarfélagið Vogar	1.161	59.667	57.987	51.393	49.946
3000 Akraneskaupstaður	6.623	734.959	680.896	110.971	102.808
3511 Hvalfjarðarsveit	617	51.322	48.930	83.180	79.302
3609 Borgarbyggð	3.476	270.642	222.003	77.860	63.867
3709 Grundarfjarðarbær	903	53.874	53.877	59.661	59.664
3710 Helgafellssveit	61	2.403	2.004	39.393	32.852
3711 Stykkishólmsbær	1.100	53.358	60.683	48.508	55.167
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	135	4.223	3.795	31.280	28.112
3714 Snæfellsbær	1.723	157.733	119.074	91.545	69.109
3811 Dalabyggð	684	19.252	17.035	28.146	24.905
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	888	74.790	67.661	84.223	76.194
4200 Ísafjarðarbær	3.824	409.983	167.789	107.213	43.878
4502 Reykhólahreppur	278	17.322	15.081	62.309	54.248
4604 Tálknafjarðarhreppur	306	8.538	7.977	27.902	26.069
4607 Vesturbyggð	890	44.109	36.760	49.561	41.304
4803 Súðavíkurhreppur	192	19.957	18.702	103.944	97.406
4901 Árneshreppur	52	879	696	16.904	13.385
4902 Kaldrananeshreppur	106	28.122	7.359	265.302	69.425
4908 Bæjarhreppur	100	1.731	1.298	17.310	12.980
4911 Strandabyggð	501	30.466	19.855	60.811	39.630
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	4.110	390.537	177.555	95.021	43.201
5508 Húnaþing vestra	1.222	110.330	50.711	90.286	41.498
5604 Blönduósibær	904	48.596	40.940	53.757	45.288
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	530	25.765	18.489	48.614	34.884
5611 Skagabyggð	105	4.316	4.141	41.105	39.438
5612 Húnavatnshreppur	417	21.808	16.701	52.297	40.050
5706 Akrahreppur	205	8.188	8.188	39.942	39.942
6000 Akureyrarkaupstaður	17.754	2.861.134	2.281.539	161.154	128.508
6100 Norðurþing	2.905	262.907	103.691	90.502	35.694
6250 Fjallabyggð	2.030	206.879	72.831	101.911	35.877
6400 Dalvíkurbyggð	1.960	96.913	71.172	49.445	36.312
6513 Eyjafjarðarsveit	1.025	32.273	27.913	31.486	27.232
6515 Hörgársveit	600	21.561	18.664	35.936	31.107
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	400	13.216	11.947	33.039	29.869
6602 Grýtubakkahreppur	334	13.591	11.752	40.693	35.186
6607 Skútustaðahreppur	386	25.674	22.370	66.514	57.953

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Rekstrarkostnaður vegna félagsþjónustu		Rekstrarkostnaður á 1.000 íbúa	
		Brúttó	Nettó	Brúttó	Nettó
6611 Tjörneshreppur	57	3.187	3.187	55.920	55.920
6612 Þingeyjarsveit	944	42.974	36.053	45.523	38.192
6706 Svalbarðshreppur	106	5.689	4.758	53.670	44.887
6709 Langanesbyggð	505	35.728	33.875	70.749	67.079
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	668	33.509	26.761	50.164	40.062
7300 Fjarðabyggð	4.583	317.596	294.454	69.299	64.249
7502 Vopnafjarðarhreppur	668	27.896	22.774	41.760	34.093
7505 Fljótisdalshreppur	80	2.549	2.044	31.863	25.550
7509 Borgarfjarðarhreppur	141	4.326	3.201	30.683	22.701
7613 Breiðdalshreppur	199	13.780	5.382	69.246	27.045
7617 Djúpvogshreppur	447	11.760	8.677	26.310	19.411
7620 Fljótisdalshérað	3.401	413.539	322.205	121.593	94.738
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	2.119	152.681	150.039	72.053	70.806
8000 Vestmannaeyjabær	4.142	272.937	250.024	65.895	60.363
8200 Sveitarfélagið Árborg	7.827	734.865	545.017	93.888	69.633
8508 Mýrdalshreppur	469	15.658	15.252	33.386	32.520
8509 Skaftárhreppur	446	22.423	20.762	50.276	46.552
8610 Ásahreppur	194	7.279	6.237	37.521	32.149
8613 Rangárþing eystra	1.741	56.486	54.626	32.444	31.376
8614 Rangárþing ytra	1.523	110.260	95.972	72.397	63.015
8710 Hrunamannahreppur	795	67.853	37.233	85.349	46.834
8716 Hveragerðisbær	2.316	193.225	164.492	83.430	71.024
8717 Sveitarfélagið Ölfus	1.915	168.122	146.491	87.792	76.496
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	400	23.385	19.319	58.463	48.298
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	505	21.584	21.584	42.740	42.740
8721 Bláskógabyggð	935	42.948	38.588	45.934	41.271
8722 Flóahreppur	594	18.632	18.403	31.368	30.981
Landið allt	318.495	34.607.066	26.545.401	108.658	83.346

Fylgiskjal 3. Hlutfall útgjalda vegna félagsþjónustu af skatttekjum árið 2011 eftir sveitarfélögum

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Skatttekjur	Rekstrarútgjöld	% útgjalda af skatttekjum
0000 Reykjavíkurborg	118.898	58.346.859	12.892.155	22%
1000 Kópavogsbær	30.779	15.188.565	1.863.141	12%
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4.320	2.098.430	212.897	10%
1300 Garðabær	10.909	5.769.965	589.635	10%
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	26.099	12.842.801	1.921.064	15%
1603 Sveitarfélagið Álftanes	2.484	1.334.881	77.790	6%
1604 Mosfellsbær	8.642	4.587.491	863.645	19%
1606 Kjósarhreppur	210	110.237	9.226	8%
2000 Reykjanesbær	13.971	6.793.053	874.161	13%
2300 Grindavíkurbær	2.821	1.470.202	182.093	12%
2503 Sandgerðisbær	1.683	1.015.451	92.727	9%
2504 Sveitarfélagið Garður	1.452	742.782	71.392	10%
2506 Sveitarfélagið Vogar	1.161	588.814	57.987	10%
3000 Akraneskaupstaður	6.623	3.380.957	680.896	20%
3511 Hvalfjarðarsveit	617	524.927	48.930	9%
3609 Borgarbyggð	3.476	1.928.882	222.003	12%
3709 Grundarfjarðarbær	903	515.918	53.877	10%
3710 Helgafellssveit	61	27.774	2.004	7%
3711 Stykkishólmsbær	1.100	623.793	60.683	10%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	135	58.301	3.795	7%
3714 Snæfellsbær	1.723	1.108.869	119.074	11%
3811 Dalabyggð	684	416.885	17.035	4%
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	888	482.877	67.661	14%
4200 Ísafjarðarbær	3.824	1.997.749	167.789	8%
4502 Reykhólahreppur	278	167.005	15.081	9%
4604 Tálknafjarðarhreppur	306	180.820	7.977	4%
4607 Vesturbyggð	890	543.936	36.760	7%
4803 Súðavíkurhreppur	192	159.591	18.702	12%
4901 Árneshreppur	52	30.970	696	2%
4902 Kaldrananeshreppur	106	61.514	7.359	12%
4908 Bæjarhreppur	100	64.936	1.298	2%
4911 Strandabyggð	501	324.945	19.855	6%
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	4.110	2.213.670	177.555	8%
5508 Húnaþing vestra	1.222	654.297	50.711	8%
5604 Blönduósibær	904	501.540	40.940	8%
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	530	321.476	18.489	6%
5611 Skagabyggð	105	65.575	4.141	6%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Skatttekjur	Rekstrarútgjöld	% útgjalda af skatttekjum
5612 Húnavatnshreppur	417	254.489	16.701	7%
5706 Akrahreppur	205	119.708	8.188	7%
6000 Akureyrarkaupstaður	17.754	9.400.183	2.281.539	24%
6100 Norðurþing	2.905	1.609.272	103.691	6%
6250 Fjallabyggð	2.030	1.183.774	72.831	6%
6400 Dalvíkurbyggð	1.960	1.053.248	71.172	7%
6513 Eyjafjarðarsveit	1.025	598.775	27.913	5%
6515 Hörgársveit	600	357.268	18.664	5%
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	400	202.857	11.947	6%
6602 Grýtubakkahreppur	334	208.364	11.752	6%
6607 Skútustaðahreppur	386	243.321	22.370	9%
6611 Tjörneshreppur	57	20.903	3.187	15%
6612 Þingeyjarsveit	944	605.218	36.053	6%
6706 Svalbarðshreppur	106	60.957	4.758	8%
6709 Langanesbyggð	505	331.128	33.875	10%
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	668	383.096	26.761	7%
7300 Fjarðabyggð	4.583	2.923.718	294.454	10%
7502 Vopnafjarðahreppur	668	400.262	22.774	6%
7505 Fljótaldshreppur	80	145.926	2.044	1%
7509 Borgarfjarðahreppur	141	80.298	3.201	4%
7613 Breiðdalshreppur	199	118.015	5.382	5%
7617 Djúpavogshreppur	447	279.231	8.677	3%
7620 Fljótaldshérað	3.401	2.204.695	322.205	15%
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	2.119	1.308.985	150.039	11%
8000 Vestmannaeyjabær	4.142	2.443.729	250.024	10%
8200 Sveitarfélagið Árborg	7.827	3.943.832	545.017	14%
8508 Mýrdalshreppur	469	275.654	15.252	6%
8509 Skaftárhreppur	446	266.108	20.762	8%
8610 Ásahreppur	194	152.081	6.237	4%
8613 Rangárþing eystra	1.741	923.407	54.626	6%
8614 Rangárþing ytra	1.523	820.376	95.972	12%
8710 Hrunamannahreppur	795	456.623	37.233	8%
8716 Hveragerðisbær	2.316	1.216.469	164.492	14%
8717 Sveitarfélagið Ölfus	1.915	1.129.356	146.491	13%
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	400	398.531	19.319	5%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	505	362.457	21.584	6%
8721 Bláskógabyggð	935	584.427	38.588	7%
8722 Flóahreppur	594	367.188	18.403	5%
Landið allt	318.495	164.680.669	26.545.401	16%

Fylgiskjal 4 . Heildargreiðslur sveitarfélaga vegna húsaleigubóta 2008-2011 eftir sveitarfélögum

Sveitarfélag	2008	2010	2011	% breyting 2008-2011
Reykjavíkurborg	1.322.538	1.646.296	1.637.549	24%
Kópavogsbær	145.598	247.427	240.589	65%
Seltjarnarneskaupstaður	16.943	23.263	20.985	24%
Garðabær	26.045	46.773	42.556	63%
Hafnarfjarðarkaupstaður	159.297	286.006	303.391	90%
Sveitarfélagið Álftanes	8.631	13.799	12.485	45%
Mosfellsbær	34.379	58.349	52.449	53%
Kjósarhreppur	-	-	-	-
Reykjanesbær	205.455	268.561	270.681	32%
Grindavíkurbær	24.355	32.340	32.387	33%
Sandgerðisbær	10.415	11.273	11.828	14%
Sveitarfélagið Garður	10.838	12.920	13.349	23%
Sveitarfélagið Vogar	1.205	4.373	7.127	492%
Akraneskaupstaður	44.586	66.027	67.203	51%
Skorradalshreppur	-	-	-	-
Hvalfjarðarsveit	366	1.753	2.001	447%
Borgarbyggð	48.596	46.257	46.306	-5%
Grundarfjarðarbær	7.019	7.179	6.793	-3%
Helgafellssveit	362	524	762	110%
Stykkishólmsbær	5.330	7.058	7.852	47%
Eyja- og Miklaholtshreppur	1.093	953	762	-30%
Snæfellsbær	9.743	12.230	10.581	9%
Dalabyggð	2.854	3.931	4.099	44%
Bolungarvíkurkaupstaður	6.668	8.315	6.249	-6%
Ísafjarðarbær	45.971	38.277	31.892	-31%
Reykholahreppur	1.117	1.334	1.332	19%
Tálknafjarðarhreppur	1.541	962	1.052	-32%
Vesturbyggð	7.364	8.875	6.460	-12%
Suðavíkurhreppur	236	441	753	219%
Árneshreppur	480	328	357	-26%
